


SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

5. ágúst 2010 — 181. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Erlenda fjárfestingu frekar en erlend lán

**Iðnaðarráðherra segir erlenda fjárfestingu með verkefnafjármögnun betri en að orkufyrirtæki skuldsetji sig úr hófi. Umræðan um Magma sé á villigötum.**

**ORKUMÁL** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir umræðuna um kaup Magma á hlut í HS orku á villigötum. Of mikið sé horft á einn kaupanda, hvort hann sé góður eða slæmur, á hlut sem þegar hafi verið einkavæddur. Katrín segir að leggja þurfi línur í orkumálum Íslands til framtíðar.

„Ég ætla ekki að segja til um hvort staðan eins og hún er núna, sú óvissa sem verið hefur um hlutinn og þar með eignarhald í vetur, sé eitthvað betri. Ég er ekki viss um að gagnrýnendur þessara einstöku kaupa séu heldur á þeirri skoðun. Þess vegna finnst mér vanta umræðu um það.“

Ráðherra veltir því upp hvort betra sé að opinber orkufyrirtæki skuldsetji sig úr hófi fram, til framkvæmda.

„Við þurfum líka að horfast í augu við það að opinber orkufyrirtæki eru að taka gríðarlega fjármuni að láni hjá erlendum lánardrottnum og ég veit ekki til þess að þar séu neinar góðgerðarstofnanir á ferð. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé betra að fá fjárfestinguna inn, til dæmis með verkefnafjármögnun til skemmri tíma með opinberum aðilum.“

Katrín segist ekki óttast einkafjármagn í orkuframleiðslu, sé auðlindum og dreifikerfi haldið í opinberri eigu. Lög og reglur tryggi slíka opinbera eigu og þá sé það skýr stefna ríkisstjórnarinnar að önnur orkufyrirtæki fari ekki sömu leið og HS orka.

**- kóp /** **sjá síðu 16**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**GÖTUMYNDIN AÐ BREYTAST** Rúm þrjú ár eru síðan stórbruninn varð í miðborg Reykjavíkur. Framkvæmdir við Lækjargötu og Austurstræti ganga vel og götumyndin því hægt og bítandi að breytast.

Umhverfisvænn borgarstjóri:

## Vistvænir bílar í Ráðhúsið

**REYKJAVÍK Jón Gnarr borgarstjóri skiptir um embættisbifreið í dag og tekur vistvænan bíl í notkun. „Mér skilst að þetta sé vetnisbíll og mig langar að sýna fordæmi í því að prófa þessa bíla og taka þátt í þessu,“ segir Jón.**



JÓN GNARR

**„Mér finnst mjög mikilvægt að við, bæði borgin og við Íslendingar, tökum þátt í þróun á svona farartækjum, að við séum þátttakendur í henni en ekki bara áhorfendur. Við höfum alla möguleika á því og alla burði til að verða fyrirmynd annarra þjóða.“**

**Bílarnir verða fengnir að láni og bílum sem nú er notast við skilað við sama tækifæri. - kóp**

Allen og fylgdarlið á Íslandi:

## Kafa fyrstir að flaki í Faxaflóa

**FÓLK** Bandaríski auðkýfingurinn Paul Allen og fylgdarlið hans verður fyrsti hópurinn sem kafar að flaki bandaríska herskipsins Alexander Hamilton í Faxaflóa. Skipinu var sökkt árið 1942.

Landhelgisgæslan fann flakið af Alexander Hamilton í fyrra og bar kennsl á það. Paul Allen og félagar hafa fengið leyfi frá utanríkisráðuneytinu til að kafa niður að flakinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom Allen ekki hingað til lands í glæsiskipinu sínu Octopus sem liggur í Reykjavíkurhöfn og vekur mikla athygli vegfarenda. Allen flaug til móts við sextíu manna áhöfn skipsins ásamt kærustu sinni. Samkvæmt heimildum hélt hún upp á þrítugsafmælið sitt hér á landi.

**- afb, áp /** **sjá síðu 54**



**Nýr maður í brúnni**

*Hilmar Oddsson hefur verið ráðinn rektor við Kvikmyndaskóla Íslands.*

**tímamót 26**

**Í einleiknum Afinn**

*Sigurður Sigurjónsson leikur í einleiknum Afinn í Borgarleikhúsinu.*

**fólk 54**



**Blikar aftur á toppinn**

*Breiðablik vann 5-0 stórsigur á Val í fyrsta leik 14. umferðar Pepsi-deildar karla.*

**sport 46**

**veðrið í dag**




**LÉTTIR HELDUR TIL** austanlands en skýjað að mestu annars staðar og lítils háttar væta sunnan- og vestanlands. Vindur verður hægur og hiti víða á bilinu 13 til 20 stig.

**VEÐUR 4**

Framleiðendur hafa ekki undan á meðan Matfugl glímir við þráláta salmonellu:

# Kjúkling skortir í matvörubúðir

**NEYTENDAMÁL** Farið er að bera á skorti á kjúklingakjöti í matvöruverslunum.

Annar stærsti kjúklingaframleiðandi landsins, Matfugl, innkallaði í síðustu viku allan kjúkling vegna salmonellu í fjórða sinn á innan við ári og þar er enn unnið að lausn vandans. Aðrir framleiðendur anna ekki eftirspurn á meðan.

Ragnar Hjörleifsson, sölu- og markaðsstjóri Reykjagarðs, sem hefur um 40 prósenta markaðshlutdeild líkt og Matfugl, segir fyrirtækið einfaldlega ekki hafa undan þessa dagana. Ekki hjálpi til að vinnuvikan eftir verslunarmannahelgi sé aðeins fjórir dagar, því það komi eðli málsins samkvæmt niður á framleiðslunni.

„Í þessari viku verður því skortur á kjúklingi í verslunum,“ segir Ragnar. Ástandið muni hins vegar lagast strax eftir helgi. „Þá komum við sterkir inn aftur með 40 þúsund fugla,“ segir hann.

Ragnar segir að salmonella hafi ekki greinst í sláturðum fugli hjá Reykjagarði upp á síðkastið, en aðeins hafi borið á salmonellu í lifandi fugli og honum hafi verið fargað jafnóðum. Ragnar segir menn gruna að rekja megi þessi salmonellutilfelli til smitaðs fóðurs sem selt var kjúklingabúunum síðastliðinn vetur.

**- sh**










## SPURNING DAGSINS



*Logi, munuð þið ekki súpa seyðið af þessu?*

„Jú, ætli ég sitji ekki í súpunni.“

Logi Bergmann Eiðsson og Svanhildur Hólm Valsdóttir hafa boðið upp á fiskisúpu á Fiskideginum mikla á Dalvík undanfarin ár en ætla ekki að gera það í ár.

Félagsmálaráðherra birtir rökstuðning fyrir ráðningu Runólfs Ágústssonar sem umboðsmanns skuldara:

# Ásta Sigrún undir feldi og íhugar atvinnutilboð

**STJÓRNSÝSLA** Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra hefur boðið Ástu Sigrúnu Helgadóttur, fyrrverandi forstöðumanni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, starf umboðsmanns skuldara. Ráðuneytið kannaði hvort auglýsa þyrfti starfið á nýjan leik eftir að Runólfur Ágústsson sagði starfi sínu lausu en niðurstaðan varð að það þyrfti ekki vegna þess hversu stutt er síðan ráðið var í embættið.

Ásta Sigrún var afar ósátt við skipan Runólfs og var byrjuð að skoða réttarstöðu sína vegna málsins þegar Runólfur tilkynnti um afsögn sína. Hún hefur nú tekið sér frest til að íhuga hvort hún þiggur starfið. Þangað til mun Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sinna starfinu.



RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON



ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR

Ásta vildi kynna sér rökstuðning fyrir skipan Runólfs áður en hún tæki ákvörðun. Rökstuðningurinn var birtur á vef ráðuneytisins í gærkvöldi. Í tilkynningu ráðuneytisins segir að ekki hafi verið litið til persónulegra fjárreiðna umsækjenda við mat á þeim enda sé einskis sérstaks krafist í þeim efnum í lögum um embættið. Deilur um fjárhagsleg málefni Runólfs urðu þess valdandi að hann sagði af sér.

Í rökstuðningnum segir að Runólfur hafi verið metinn hæfastur af ráðningarstofu sem fór yfir umsóknirnar, og þá hafi hann enn fremur staðið sig betur en Ásta Sigrún í atvinnuviðtali, þar sem viðstaddir voru ráðherra, aðstoðarmaður hans, ráðuneytisstjóri og framkvæmdastjóri ráðningarfyrirtækisins. Leiðtogahæfni, sjálfstæð vinnubrögð, áræðni, frumkvæði, fjölbreytt reynsla og góð meðmæli hafi ráðið miklu um þá ákvörðun að ráða Runólf. - sh



LAURA DEKKER „Ég má sigla og það er frábært,“ sagði Laura við blaðamenn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vann sigur í dómsmáli:

## Fjórtán ára ein í hnattsiglingu

**HOLLAND, AP** Fjórtán ára gömul hollensk stúlka vonast til að verða sú yngsta í heimi til að sigla einsömul umhverfis heiminn á seglskútu. Laura Dekker lagði í gær upp frá höfninni í Den Osse í 11,5 metra langri skútu sem nefnist Guppy. Ferðinni er heitið til Portúgal, þar sem hún skilur föður sinn eftir og leggur af stað í hnattsiglinguna.

Laura vann í síðustu viku sigur í dómsmáli sem leysir hana undan hollenskum barnaverndarlögum, en þau stóðu í vegi fyrir siglingunni. Hún kveðst óhrædd við sjóræningja og hefur skólabækur meðferðis. Laura segist að vísu munu sakna ættmenna og fjölskylduhundsins. - óká

Kjaradeila slökkviliðsmanna:

## Fyrsti fundur eftir verkfall

**KJARAMÁL Fundur vegna kjaradeilu slökkviliðsmanna og launanefndar sveitarfélaganna verður haldinn klukkan 13.30 í dag. Er þetta fyrsti fundur sem haldinn er síðan 21. júlí, tveimur dögum fyrir síðasta dagsverkfall slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.**

**Ef sátt næst ekki á fundinum er boðað til annars dagsverkfalls á morgun, frá klukkan 8 til miðnættis, en síðasta verkfall var frá klukkan 6 til 16. Bráðaþjónusta verður sinnt á verkfallstíma. Allsherjarverkfall er boðað hinn 7. september ef ekkert þokast í kjaramálum.** - sv

# Sveitarfélög láta lítið til Vigdísarstofnunar

**Sveitarfélög taka fálega styrktarbeiðni frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þó hafa þegar safnast á áttunda hundrað milljónir. Forstöðumaðurinn kveðst hlakka til að skýra nánar frá styrkjunum í lok ágúst.**

**MENNTAMÁL** Áætlað er að þrjú þúsund fermetra bygging undir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í alþjóðlegum tungumálum kosti 1.300 milljónir króna.

Söfnun fyrir fjármögnun Vigdísarhússins stendur enn yfir. Meðal annars er nú leitað til sveitarfélaga en fyrstu undirtektir þeirra virðast dræmar. Styrktarbeiðninni hefur meðal annars verið hafnað í Kópavogi, Borgarbyggð, Vesturbyggð, Fjallabyggð, Akureyri og í Norðurþingi. Byggðaráð Norðurþings segir að með ánægjulega hugmynd að ræða en að þar leggi sveitarstjórnin metnað sinn í að verja grunnþjónustu við íbúa sveitarfélagsins á erfiðum tímum. „Í ljósi þess að sveitarfélagið þarf að forgangsraða munu þarfir mennta- og félagsmála innan sveitarfélagsins hafa forgang,“ segir byggðaráðið.

„Við vitum hvernig efnahagsástandið er og að aðstæður eru mismundandi góðar – eða slæmar. Við vildum bara tryggja að allir vissu af þessu og gætu átt möguleikann á að vera með,“ segir Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigísar Finnbogadóttur.

Áætlaður kostnaður við að reisa bygginguna undir stofnunina er um 1.300 milljónir króna. Auður segir að inn í þá tölu sé reiknuð byggingarlóð á reit Háskóla Íslands sem metin sé á um 100 milljónir. Fyrir stuttu hafi yfir 700 milljónir safnast. Háskólinn vilji ekki hefja framkvæmdir fyrr en fjármögnun sé lokið. Leitað sé til einstaklinga, samtaka og sveitarfélaga.



AUÐUR HAUKSDÓTTIR Þrátt fyrir að fyrstu undirtektir frá sveitarfélögum við styrktarbeiðni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur virðist dræmar segir forstöðumaðurinn að fjármögnunin gangi vel og boðar góð tíðindi á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR Hinn 1. ágúst síðastliðinn voru þrjátíu ár frá því Vigdís Finnbogadóttir tók við embætti forseta Íslands.

„Sumir hafa haft samband og lýst yfir vonbrigðum sínum yfir því að geta ekki verið með og aðrir hafa komið með stuðning. En við skynjum alls staðar þennan góða vilja og það er okkur afar dýrmætt,“ segir Auður og undirstrikar að orðspor Vigdísar geri það að verkum að stofnunin njóti velvilja langt út fyrir landsteinana. Til dæmis hafi ríflega tuttugu milljóna króna styrkur borist frá Færeyjum og langstærsti styrkurinn til þessa, yfir eitt hundrað milljónir króna, hafi fengist úr A.P. Møller-sjóðnum í Danmörku.

Auður segist hlakka til að geta betur skýrt frá stöðunni í fjármögnunni í lok þessa mánaðar. „Það verða fréttir og þær verða skemmtilegar.“ gar@frettabladid.is



ERNIR Í EYJUM Flugfélagið Ernir hóf áætlunarflug til Vestmannaeyja í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Flugfélag Íslands hætt:

## Flugfélagið Ernir flýgur til Eyja

**SAMGÖNGUR Flugfélag Íslands flaug í síðasta sinn áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja á þriðjudag. Flugfélagið Ernir tók við áætlunarflugi á flugleiðinni í gær og mun daglega fara tvær ferðir frá Reykjavík og til baka.**

**Ákvörðun Flugfélags Íslands um að hætta flugi þarna á milli kom í kjölfar þess að ríkið hætti að styrkja flug félagsins um síðustu mánaðamót. Flugfélag Íslands mun áfram sinna leiguflugi til Vestmannaeyja.** - mþl

Kæra OR til úrskurðarnefndar:

## Vilja upplýsingar um Magma

**ORKUMÁL** Orkuveita Reykjavíkur hefur synjað ósk um upplýsingar um samskipti við Magma Energy og sölu hlutafjár í HS orku.

Tveir af forsvarsmönnum undirskriftasöfnunar þar sem krafist er þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald á orkuauðlindum óskuðu eftir upplýsingunum og hafa þeir kært synjunina til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Synjun Orkuveitunnar byggist á því að um sé að ræða upplýsingar sem varði viðskipti með hlutabréf. Kærendur telja fyrirtækinu ekki stætt á að hafna ósk um umbeðnar upplýsingar á þeim forsendum. - bj






Framkvæmdum við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu seinkar:

# Gallar í glerhjúpnum á Hörpu

**MENNING** Rannsóknir á álagsþoli tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu hafa leitt í ljós að glerhjúpur á suðurhlið hússins stenst ekki það vindálag sem búast má við. Aðalverktaki hússins, Íslenskir aðalverktakar, telur nauðsynlegt að taka vegginn niður og endurbyggja en vonast til þess að það muni ekki seinka opnun hússins sem á að taka formlega í notkun í maí á næsta ári.

„Þetta veldur okkur auðvitað vonbrigðum þar sem framkvæmdir hafa gengið vel og verið á áætlun. Stjórnendur Portusar og Austurhafnar fagna því hins vegar að þetta hefur lítil sem engin áhrif á opnun hússins,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Totus ehf., sem reisir Hörpu.

Ástæða þess að vindþol glerhjúpsins er ekki nægilegt er framleiðslugalli í stálvirki hans. Kínverska fyrirtækið Lingyuan bar ábyrgð á framleiðslu glerhjúpsins og fóru Íslenskir aðalverktakar fram á það við Lingyuan að nauðsynlegar úrbætur yrðu gerðar á kostnað kínverska fyrirtækisins. Það hefur fallist á þá kröfu og er undirbúningur endurbótanna þegar hafinn.

Tjónið sem af þessu hlýst er talið hlaupa á hundruðum milljóna króna. - mþl



TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ HARPA Nauðsynlegt er talið að taka niður glerhjúpinn á suðurvegg hússins og endurbyggja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Útsölulok!
Götumarkaður í fullum gangi
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 04.08.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,42 | 118,98 |
| Sterlingspund | 188,73 | 189,65 |
| Evra | 156,51 | 157,39 |
| Dönsk króna | 21,003 | 21,125 |
| Norsk króna | 19,812 | 19,928 |
| Sænsk króna | 16,676 | 16,774 |
| Japanskt jen | 1,3846 | 1,3926 |
| SDR | 181,46 | 182,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

211,2577

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Við blasir að hagræða þurfi í rekstri tveggja áður gjaldþrota svínabúa sem Stjörnugrís kaupir af Arion banka:

# Segir Arion hafa rekið svínabú af vanþekkingu

**VIÐSKIPTI** Arion banki hefur selt Stjörnugrís rekstur gjaldþrota svínabúanna Brautarholts á Kjalarnesi og Hýrumels í Borgarfirði. Bankinn tók svínabúin yfir fyrr á árinu vegna skuldavandræða. Búin voru boðin út en ekkert tilboð barst nema frá Stjörnugrís.

Fram kom í fréttum Ríkisútvarpsins í gær að á meðan bankinn hafi rekið búin hafi hann þurft að greiða á annað hundrað krónur með hverju kílói sem framleitt var á búunum.

Geir Gunnar Geirsson, framkvæmdastjóri Stjörnugríss, segir svínabúin hafa verið rekin af vanþekkingu af Arion banka og það skýri tapið. „Þetta var mjög illa rekið á öllum sviðum enda er kannski ekki eðlilegt að banki starfræki svínabú frekar en önnur fyrirtæki,“ segir hann.

Slíkur rekstur krefjist mikillar sérþekkingar og bankann hafi skort hana.

„Þetta er okkar fag og þess vegna sjáum við tækifæri í hluta af þessu þótt þeir hafi tapað gríðarlega.“ Fyrir hafi stór hluti af viðskiptum búanna verið við Stjörnugrís.

Geir Gunnar segir að mikil offramleiðsla hafi verið á svínakjöti hérlendis að undanförnu og fyrirséð sé að minnka þurfi búin.

Hann segir aðspurður að búin hafi ekki fengist á gjafverði. „Nei, langt því frá. Þetta var keypt á mjög sanngjörnu verði.“ **- sh**



**SVÍN** Stór hluti af viðskiptum búanna tveggja í gegnum árin hefur verið við Stjörnugrís. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA



**Í RÚSSLANDI** Forsætisráðherra Rússa hittir flugmenn ráðuneytis almannavarna í Rússlandi á flugvellinum í Voronezh í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldar brenna enn í Rússlandi:

## Mökkurinn yfir Moskvu aldrei verið þykkari

**RÚSSLAND, AP** Borgaryfirvöld í Moskvu vöruðu íbúa í gær við eitruðum reyk af völdum nærliggjandi skógarelda sem liggur yfir borginni. Mökkurinn í gær er sagður sá þykkasti til þessa.

Skógareldar hafa eyðilagt skóga í Rússlandi, þorp og eina herstöð. Í landinu er mesta hitabylgja sem þar hefur riðið yfir og eykur það á vanda vegna skógarelda, sem plaga mið- og vesturhéruð landsins.

Nærri 50 manns hafa látist í eldunum. Slökkvilið hefur ráðið niðurlögum 293 elda, en ráðuneyti almannavarna í Rússlandi segir vitað um aðra 403. Yfir 500 eldar nái yfir stór landsvæði og sumir þeirra séu stjórnlausir. **- óká**

### SLYS

**Klemmdi fimm fingur**

Starfsmaður í álveri Alcoa-Fjarðaáls á Reyðarfirði klemmdist illa við vinnu á föstudaginn var. Hann var að gera við kælikerfi steypuskálans í álverinu þegar hendur hans klemmdust milli reimar og tannhjóls. Þrír fingur brotnuðu á annarri hendi og tveir á hinni. Maðurinn starfaði fyrir Launafl.

# Heitasta sumar frá upphafi í Reykjavík

**Samanlagður meðalhiti í júní og júlí í Reykjavík er sá mesti frá upphafi mælinga, eða 12,2 stig. Meðalhiti hefur víðast hvar verið hærri en vanalegt er.**

**VEÐUR** Meðalhiti í Reykjavík í júní og júlí samanlögðum er sá hæsti sem vitað er um frá upphafi samfelldra mælinga árið 1871, eða 12,2 stig. Það sama gildir um meðalhita í Stykkishólmi þar sem samfelldar mælingar hafa staðið yfir frá árinu 1845, meðalhita í Vestmannaeyjum þar sem mælt hefur verið frá 1877 og meðalhita á Hveravöllum þar sem hefur verið mælt frá 1965. Þetta kemur fram á vefsíðu Veðurstofu Íslands.

„Í sjálfu sér eru engar nærtækar skýringar á þessu. Flest sumur frá árinu 2003 hafa verið hlý. Horfa má til þess að sjórinn í kringum landið hefur verið hlýr á þessu tímabili auk þess sem kaldar norðanáttir eins og þekktust hafa ekki sést í sama mæli,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur. Hann segir það athyglisvert við liðinn júlí að þrátt fyrir háan meðalhita hafi ekki komið nein sérstök hitabylgja heldur hafi hitinn haldist nokkuð stöðugur. „Það verður líka að horfa til þess að þó svo það hafi verið svona hlýtt á Suður- og Suðvesturlandi þá hefur fólk á Austur- og Norðausturlandi ekki sömu sögu að segja þar sem minna hefur verið af góðum sumardögum en það á að venjast,“ segir Einar.



EINAR SVEINBJÖRNSSON

Séu fyrstu sjö mánuðir ársins skoðaðir hefur aðeins þrisvar sinnum verið hlýrra í Reykjavík, eða árin 1929, 1964 og 2003. Árin 1929 og 1964 var um vetrarhlýindi að ræða en árið 2003 voru allir mánuðir nema maí hlýrri en vanalegt er.

Það sem af er árinu hefur einnig verið óvenju þurrt en þó sérstaklega á Vestur- og Norðvesturlandi. Ekki hefur verið jafn þurrt í Reykjavík síðan árið 1979.

Einar Sveinbjörnsson segir greinilegt að Ísland sé í hlýjum veðurfarskafla. Síðast hafi svona kafli gengið yfir á árunum um og fyrir síðari heimsstyrjöldina en þó hafi það tímabil ekki verið jafn samfellt gott og nú. Aðspurður hvort eitthvað bendi til þess að þessum veðurlagskafla sé að ljúka segir Einar: „Svona tímabilum hefur oft lokið með því að hafið í kringum landið kólnar á ný og þá stundum í kjölfar þess að hafís heimsækir landið og það er eitthvað sem erfitt er að sjá fyrir.“

**magnusl@frettabladid.is**



**BLÍÐVIÐRI Í REYKJAVÍK** Reykvíkingar hafa fengið næg tækifæri til að njóta góðs veðurs í sumar. Sólskinsstundir í júlí voru þó færri en fyrir ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Óvenju ljúfur júlímánuður

| Staður | Meðalhitastig í júlí | Röð yfir hlýjustu júlímánuði |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13.0 | 1 til 2 af 140 |
| Stykkishólmur | 11.9 | 5 af 165 |
| Bolungarvík | 10.6 | 23 til 25 af 113 |
| Akureyri | 11.1 | 51 til 52 af 128 |
| Egilsstaðir | 10.8 | 25 af 61 |
| Dalatangi | 8.6 | 29 af 72 |
| Teigarhorn | 9.6 | 20 af 137 |
| Höfn í Hornafirði | 11.5 | - |
| Stórhöfði | 11.8 | 2 af 133 |
| Hveravellir | 9.1 | 7 af 45 |

Fengið af vefsíðunni www.vedur.is

Ein milljón króna í rannsókn:

## Þáttur háskóla í hruni skoðaður

**MENNTUN Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur ákveðið að verja einni milljón króna af ráðstöfunarfé sínu til að styrkja rannsóknir á hlut íslenska háskólasamfélagsins í hruninu. Styrkurinn rennur til Rannsóknarstofu um háskóla sem Páll Skúlason, heimspekingur og fyrrum rektor, veitir forstöðu.**



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

**Styrkurinn á að efla rannsóknarstofuna og vekja fræðimenn og stjórnendur háskóla til umhugsunar um siðferðilega ábyrgð sína og skyldur við samfélagið. Í tilkynningu ráðherra segir að þrátt fyrir takmarkaða fjármuni telji hún mikilvægt að rannsaka stjórnkerfi, lagaumhverfi, starfshætti, menningu og siðferði í háskólasamfélaginu.** **- kóp**

Biðlistar eftir leigu styttir:

## Bærinn leigir stúdentaíbúðir

**FÉLAGSMÁL** Akureyrarbær hefur ákveðið að leigja tíu til tólf íbúðir á stúdentagörðum í bænum í allt að fimm ár.

Bærinn mun leigja íbúðir af Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri. Bærinn ætlar svo að endurleigja íbúðirnar til að grynnka á biðlistum eftir leiguhúsnæði. Almennar leiguíbúðir verða því innan um stúdentaíbúðirnar.

Biðlistar eftir leiguhúsnæði hafa verið talsverðir í bænum á meðan framboð á stúdentaíbúðum hefur jafnvel verið umfram eftirspurn. **- þeb**






## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**RIGNIR EÐA EKKI?**
Það er lægð í kortunum sem ber einhverja vætu inn á landið um helgina. Hversu mikil úrkoman verður er þó ekki vel ljóst og fer það eftir því hversu langt frá landi lægðin verður. Þær geta verið erfiðar þessar lægðir.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 20° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 34° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 18° |
| París | 23° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# ÚTSÖLULOK

**10%**
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
AF VÖLDUM
ÚTSÖLUVÖRUM

**GARÐÚTSÖLU LÝKUR AÐEINS Í 4 DAGA**
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

TRJÁPLÖNTUÚTSALA




**Garðútsölulok**
fimmtudag til sunnudags

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval
HÚSASMIÐJAN

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér að skera ætti niður rekstrarkostnað Orkuveitunnar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 95% |
| NEI | 5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að auglýsa ætti stöðu umboðsmanns skuldara að nýju?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

Vísir

Tímamót í minningarathöfnum vegna kjarnorkuárása í Japan fyrir 65 árum:

# Bandaríkjamenn minnast í Hírósíma

**TOKYO, AP** Sendinefnd frá Bandaríkjunum verður við minningarathöfn um kjarnorkuárás Bandaríkjamanna á Hírósíma í Japan sem haldin verður í borginni á morgun. Þá verða 65 ár liðin frá kjarnorkusprengingunni sem kostaði 140.000 manns lífið. Þetta er í fyrsta skipti sem Bandaríkjamenn senda fulltrúa á minningarathöfnina.

Japönsk stjórnvöld og eftirlifendur árásarinnar hafa fagnað þessari ákvörðun en margir eftirlifendanna segjast þó enn bíða eftir því að Bandaríkjamenn biðjist afsökunar á verknaðinum.

John Roos, sendiherra Bandaríkjanna í Japan, mun leiða sendinefndina en við athöfnina verða fulltrúar frá 75 löndum auk Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

Kjarnorkuárásin á Hírósíma var gerð hinn 6. ágúst 1945 og kostaði eins og áður sagði 140.000 manns lífið. Þremur dögum seinna var annarri kjarnorkusprengju varpað á borgina Nagasakí og létust 80.000 manns í kjölfar þeirrar árásar. Hinn 15. ágúst 1945 lauk svo seinni heimsstyrjöldinni þegar Japanar gáfust formlega upp.

Kjarnorkuveldin Frakkland og Bretland munu einnig senda fulltrúa á minningarathöfnina í fyrsta skipti. - mþl



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**KJARNORKUSPRENGJUHVELFINGIN** Gestir við minningarathöfnina munu hittast við þessa hvelfingu sem er hluti friðargarðsins í Hírósíma.






# Icesave-viðræður í gang í september

**Stefnt er að því að sendinefndir Íslands, Bretlands og Hollands fundi um Icesave í september. Nefndirnar hittust á fundi í Reykjavík í júlí. Fjármálaráðuneytið gefur ekki upp hve mikill kostnaður við Icesave-viðræðurnar er orðinn.**

**EFNAHAGSMÁL** Reiknað er með að funda um Icesave í september, að loknum sumarleyfum í Bretlandi. Síðasti formlegi samningafundur var haldinn 5. mars, rétt fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu Íslendinga þar sem samningum frá því haustið 2009 var hafnað.

Samninganefndirnar hafa átt í óformlegu sambandi af og til síðan þá og embættismenn hittust í byrjun júlí, á tveggja daga fundi í Reykjavík. Þar var rætt um að koma málum af stað í haust. Lee Buchheit, formaður íslensku samninganefndarinnar, sat þann fund.

„Menn hafa verið að skiptast á skeytum og stefnt er að því að koma málum í traustari og skipulagðari farveg eftir sumarfrí," segir Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins. Hann væntir þess að fundað verði í september.

Enn er deilt um ábyrgðina á Icesave-reikningunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins svaraði norsku fréttastofunni ABC því til á dögunum að Íslendingum bæri að greiða Icesave að fullu. Fyrir því væru tvær ástæður.

Í fyrsta lagi hefði innstæðutryggingartilskipun Evrópusambandsins ekki verið innleidd hér með réttum hætti á sínum tíma. Í öðru lagi vísaði framkvæmdastjórnin í jafnræðisregluna og að hún hefði verið brotin.

Er þar horft til neyðarlaganna svokölluðu, en með þeim tryggðu íslensk stjórnvöld innlendar innstæður í bönkum hérlendis að fullu. Framkvæmdastjórnin vísar til þess og að það sama þurfi að gilda um allar innstæður, ætli menn að halda jafnræðisregluna í heiðri.

Fréttablaðið sendi fjármálaráðuneytinu fyrirspurn um kostnað vegna Icesave-viðræðnanna. Þar var bæði spurt um launakostnað nefndarmanna sem og þann kostnað sem hlotist hefði af ráðleggingum erlendra sérfræðinga.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins, upplýsti Fréttablaðið að tölur yfir þann kostnað lægju ekki fyrir og ekki stæði til að taka þær saman fyrr en að viðræðum loknum. Líkt og áður segir er allsendis óvíst hvenær það verður.

kolbeinn@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞUNGBÚNIR VIÐ ATKVÆÐAGREIÐSLU** Icesave-samningur var samþykktur 30. desember 2009 í annað skipti á Alþingi. Ekki hefur verið fundað í málinu frá því 4. mars.

Björk Guðmundsdóttir segir fréttaveituna AFP hafa rangt eftir sér um Magma:

# Talaði aldrei um fimm fyrirtæki

**ORKUMÁL** Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður segir fréttamann AFP-fréttaveitunnar hafa haft rangt eftir sér svör hennar um Magma Energy á blaðamannafundi á þriðjudag.

AFP hafði eftir Björk að Magma Energy ætlaði sér að kaupa upp allar orkuauðlindir Íslands og væri þegar að skoða kaup á fimm orkufyrirtækjum til viðbótar við HS orku.

Þetta segir Björk misskilning blaðamanns. Hún hafi aldrei sagt að Magma ætlaði sér að kaupa upp allar orkuauðlindir landsins. Þá hafi mögulega skolast til þegar hún hafi sagt að Magma hefði áhuga á því að virkja á fimm stöðum á landinu, hún hafi aldrei talað um kaup á fimm fyrirtækjum.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Svaraði spurningum í Finnlandi um orkumál á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björk segir að staðirnir sem hún hafi verið að tala um séu raunar sjö talsins. Það séu Hrunamannaafrétt, Öræfi, Reykjahlíð, Vogar, Bjarnarflagsvirkjun, Kerlingarfjöll og Krýsuvík.

Björk segist enn fremur hafa nefnt að oft hafi Magma komið til landa sem hafi þurft á hjálp frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að halda. Rangt sé að hún hafi haldið því fram að Magma sé í samstarfi við sjóðinn.

Blaðamannafundurinn var haldinn í Helsinki í Finnlandi, en tilefnið var frumsýning nýrrar teiknimyndar um Múmínálfana. - bj

# TAX FREE

# VSK
af allri útsöluvöru

# ÚTSÖLULOK
síðustu dagarnir

verð aðeins
## 200-2400 kr

fatnaður
og skór
á alla
fjölskylduna

| UPPHAFLEGT VERÐ | TAX FREE VERÐ |
|---|---|
| ~~499~~ KR. | 200 KR. |
| 799-~~999~~ KR. | 400 KR. |
| 1.2~~99-1.699~~ KR. | 800 KR. |
| 1.9~~99-2.499~~ KR. | 1.200 KR. |
| 2.9~~99-3.999~~ KR. | 1.600 KR. |
| 4.4~~99-6.999~~ KR. | 2.400 KR. |

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin sem er 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Gildir til 8. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hverju er barist gegn með átakinu ÞOR – Þekking og reynsla?*

*2. Hvað sóttu margir um starf forstjóra Landspítalans?*

*3. Hvað er Fiskidagurinn mikli á Dalvík gamall í ár?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Skrifstofur Reykjavíkurborgar eru nú að mestu leyti fluttar á einn stað:

# Um 400 borgarstarfsmenn í Höfðatorgi

**SKIPULAGSMÁL** Starfsemi Reykjavíkurborgar hefur að miklu leyti fært aðsetur sitt í Höfðatorg. Fjöldi skrifstofa sem Reykjavíkurborg leigði víðs vegar um borgina hafa nú verið tæmdar og starfsemi þeirra komið fyrir undir einu þaki.

Ráðhúsið við Tjörnina er enn aðsetur um 70 starfsmanna, þar á meðal skrifstofu borgarstjóra og borgarstjórnar. Um 20 manns starfa í Tjarnargötu 12 sem hýsir meðal annars skrifstofur borgarfulltrúa.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, skrifaði undir húsaleigusamning á Höfðatorgi árið 2007 til 25 ára þegar hann sat í borgarstjórastól. Samningurinn hljóðar upp á 38,2 milljónir á mánuði. Viðræður um endurskoðun á samningnum hafa verið samþykktar, en Dagur segir þó engin ákvæði vera í samningnum sem kveði á um endurskoðun.

Um 400 borgarstarfsmenn vinna í Höfðatorgi og segir Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, að almenn ánægja ríki meðal stafsfólks á Höfðatorgi og sveigjanleiki vinnuaðstöðu sé mikill.

„Þetta eru góð og opin rými,“ segir hann. „Höfðatorg er mjög góður vinnustaður og aðstaðan eins og best er á kosið.“ - sv



**HÖFÐATORG** Reykjavíkurborg hefur flutt starfsemi sína frá 13 skrifstofum víðs vegar um borgina og sameinað þær í Höfðatorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framkvæmdastjóri ráðinn:

## Er þegar kominn til starfa

**STJÓRNMÁL** Undirbúningsnefnd stjórnlagaþings hefur ráðið Þorstein Fr. Sigurðsson rekstrarhagfræðing sem framkvæmdastjóra undirbúningsnefndarinnar. Hann hefur þegar hafið störf.



**ÞORSTEINN FR. SIGURÐSSON**

„Nefndinni er ætlað að undirbúa stofnun og starfsemi stjórnlagaþingsins, sem kemur saman 15. febrúar 2011, ásamt því að vinna að undirbúningi fyrir þjóðfund sem haldinn verður til undirbúnings fyrir stjórnlagaþingið,“ segir í tilkynningu. - óká

Ölvaður ökumaður velti bíl:

## Faldi sig í trjám á Klambratúni

**LÖGREGLUMÁL** Ölvaður ökumaður var handtekinn aðfaranótt miðvikudags.

Maðurinn velti bíl sínum á Miklubraut til móts við Rauðarárstíg rétt fyrir þrjú um nóttina. Bílnum var ekið í austurátt en hann hafnaði á hvolfi á akrein í vesturátt, eftir að hafa farið í gegnum girðingu. Ökumaðurinn hafði flúið af vettvangi og fannst í trjágróðri á Klambratúni, þar sem hann faldi sig. Hann var handtekinn og sviptur ökuréttindum. Eftir skoðun á slysadeild var hann látinn gista fangageymslur. - þeb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Bátar rákust saman**

Tveir strandveiðibátar rákust saman á miðum út af Kópsnesi á Vestfjörðum á þriðjudag. Litlar skemmdir urðu á bátunum og engan sakaði. Annar báturinn hélt til lands eftir áreksturinn en hinn hélt veiðum áfram.

# Úrbætur fyrir einn milljarð

**Óvíst er hvort næst að gera nauðsynlegar úrbætur á jarðgöngum hér á landi fyrir árið 2014 eins og stefnt var að. Víða þarf að bæta við neyðarsímum og slökkvitækjum. Talsverðar úrbætur þarf í þremur göngum.**

**SAMGÖNGUMÁL** Áætlað er að fyrirhugaðar úrbætur á íslenskum jarðgöngum sem gera á fyrir árið 2014 muni kosta um einn milljarð króna. Óvíst er hvort tekst að bæta úr öryggismálum í göngunum fyrir þann tíma vegna óvissu um fjárframlög frá ríkinu.

Alls eru átta jarðgöng í notkun á landinu í dag, og stutt í að tvö til viðbótar verði tekin í notkun. Verulegar úrbætur þarf að gera á þremur jarðgöngum, og minniháttar úrbætur þarf að gera í þremur til viðbótar. Samanlagður kostnaður við úrbæturnar er áætlaður um einn milljarður króna.

Gísli Eiríksson, yfirmaður jarðgangadeildar Vegagerðarinnar, segir að mestar úrbætur þurfi að gera í Vestfjarðagöngum og í göngum sem liggja um Ólafsfjarðarmúla. Einnig þarf að gera umtalsverðar úrbætur á Hvalfjarðargöngunum. Þá þarf að gera minniháttar úrbætur á Fáskrúðsfjarðargöngum, Strákagöngum og göngum um Almannaskarð.

Samkvæmt evrópskri reglugerð frá árinu 2004 hafa ríki tíu ár til að koma göngum í það horf sem þar er kveðið á um. Með breytingunni voru reglur um öryggi í jarðgöngum hertar verulega, segir Gísli. Stefnt var á að ljúka úrbótum fyrir árið 2014, en óvíst er hvort fjárveitingar fást til þess frá ríkinu.

Formlega gildir evrópska reglugerðin aðeins fyrir vegi sem skilgreindir eru sem samevrópskir, segir Gísli. Hér á landi sé það í gröfum dráttum þjóðvegur eitt, ásamt tengingum við Ísafjörð, Seyðisfjörð og Keflavík. Á þeirri leið eru aðeins þrjú göng; Hvalfjarðargöng, Fáskrúðsfjarðargöng og göngin um Almannaskarð.

Þrátt fyrir að reglugerðin taki ekki til annarra jarðganga á Íslandi segir Gísli að unnið sé miðað við sambærilega staðla í öðrum göngum, og því gerðar sambærilegar kröfur til öryggis.

Gísli Gíslason, stjórnarformaður Spalar, rekstrarfélags Hvalfjarðarganga, segir að bæta eigi úr um 20 liðum fyrir árið 2014. Mikilvægustu úrbæturnar í öryggismálum séu þó þær að gera önnur göng við hlið núverandi ganga. Nauðsynlegar rannsóknir fyrir þá gangagerð hafi þegar verið unnar, en beðið sé eftir ákvörðun ríkisvaldsins um framhaldið. brjann@frettabladid.is

### Jarðgöng




**1 Héðinsfjarðargöng**
**Lengd:** 11.000 metrar **Opnuð:** 2010 **Breidd:** Tvíbreið. **Úrbætur:** Göngin munu uppfylla allar öryggiskröfur þegar þau verða tekin í notkun í byrjun nóvember næstkomandi. **Áætlaður kostnaður:** Enginn.

**2 Vestfjarðagöng**
**Lengd:** 9.160 metrar **Opnuð:** 1996 **Breidd:** Um 2.100 metrar tvíbreiðir, ríflega 7.000 metrar einbreiðir. **Úrbætur:** Fjölga neyðarsímum og slökkvitækjum, setja lokunarslár við gangamunna og stoppljós, endurnýja lagnir, setja upplýst umferðarskilti og hraðamyndavélar. **Áætlaður kostnaður:** 300 milljónir.

**3 Fáskrúðsfjarðargöng**
**Lengd:** 5.900 metrar **Opnuð:** 2005 **Breidd:** Tvíbreið. **Úrbætur:** Fjölga neyðarsímum og slökkvitækjum, bæta við loftblásurum, uppfæra fjarskiptabúnað fyrir tetra-kerfið. **Áætlaður kostnaður:** 100 milljónir.

**4 Hvalfjarðargöng**
**Lengd:** 5.770 metrar **Opnuð:** 1997 **Breidd:** Tvíbreið. **Úrbætur:** Setja upp sjálfvirkt eftirlits- og slökkvikerfi, koma upp betri eftirlitsmyndavélum, fjölga neyðarsímum og slökkvitækjum, endurnýja lagnir. **Áætlaður kostnaður:** 200-250 milljónir.

**5 Bolungarvíkurgöng**
**Lengd:** 5.400 metrar **Opnuð:** 2010 **Breidd:** Tvíbreið. **Úrbætur:** Göngin munu uppfylla allar öryggiskröfur þegar þau verða tekin í notkun seinnipart september næstkomandi. **Áætlaður kostnaður:** Enginn.

**6 Ólafsfjarðarmúli**
**Lengd:** 3.400 metrar **Opnuð:** 1991 **Breidd:** Tvíbreið. **Úrbætur:** Fjölga neyðarsímum og slökkvitækjum, bæta lýsingu, endurnýja lagnir, uppfæra fjarskiptabúnað fyrir tetra-kerfið. **Áætlaður kostnaður:** 300 milljónir.

**7 Almannaskarð**
**Lengd:** 1.300 metrar **Opnuð:** 2005 **Breidd:** Tvíbreið. **Úrbætur:** Fjölga neyðarsímum og slökkvitækjum. **Áætlaður kostnaður:** 30 milljónir.

**8 Strákagöng**
**Lengd:** 800 metrar **Opnuð:** 1967 **Breidd:** Einbreið. **Úrbætur:** Fjölga neyðarsímum og slökkvitækjum, setja upp tölvubúnað fyrir vöktun. **Áætlaður kostnaður:** 25 milljónir.

**9 Oddsskarð**
**Lengd:** 640 metrar **Opnuð:** 1977 **Breidd:** Einbreið. **Úrbætur:** Ný göng eru á vegaáætlun fyrir árið 2012, aðeins reiknað með eðlilegu viðhaldi þar til þau komast í notkun. **Áætlaður kostnaður:** Enginn.

**10 Arnardalshamar**
**Lengd:** 30 metrar **Opnuð:** 1948 **Breidd:** Tvíbreið. **Úrbætur:** Engar. **Áætlaður kostnaður:** Enginn.



# Fjögur ár ein tölva




**Inspiron N5010**
Intel® Core™ i3-330M Processor
2.13GHz, 800/1333MHz, 3MB SmartCache
Mobile Intel 5 express HM57 kubbasett
4GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (1x2048 + 1x1024)
15.6 HD WLED TrueLife skjár (1366x768)
Innbyggð 1.3MP vefmyndavél & hljóðnemi
Intel HD skjástýring
250GB 5.400rpm harður diskur

Intel Core i3 inside — Faster. Smarter. ★★★☆☆ Processor Rating

Dell Inspiron fartölvur á skólatilboði

VERÐ
**109.900 kr. – 169.900 kr.**

## Þriggja ára ábyrgð

## Bjóðum upp á 6 mánaða vaxtalaus lán

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



### Dell fartölvubakpoki

5 dot curve fartölvubakpoki sem hentar fartölvum með allt að 16" skjá.

VERÐ
**9.850 kr.**



### Dell þráðlaus mús

3ja hnappa þráðlaus fartölvumús með háglans áferð og nanó móttakara.

VERÐ
**5.450 kr.**



### Dell ferðahátalarar

Flott hátalarastöng sem hentar vel með fartölvum.

VERÐ
**8.950 kr.**



### Kingston USB minnislyklar

Nettur og litríkur minnislykill (svartur, blár, rauður og fjólublár) sem fæst í 4 GB, 8 GB, 16 GB og 32 GB.

VERÐ frá
**2.450 kr.**



### Internet Security PRO 2010

Alhliða vírusvörn fyrir tölvur. 3ja ára leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.

VERÐ
**5.950 kr.**



### Office Home and Student 2010

Inniheldur Word, Excel, PowerPoint og One Note. Leyfi fyrir þrjár tölvur.

VERÐ
**19.950 kr.**

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

Fylgstu með okkur á facebook.com/ejsehf

EJS 1939 70 2009

JONSSON & LE'MACKS • jl.is • 1414



**BRÚÐHJÓN Í GOSBRUNNI** Hitabylgjan í Rússlandi framkallar stundum óvenjulega hegðun. Þessi brúðhjón tóku til dæmis upp á því að vaða í gosbrunni í Moskvu þegar hitinn var hvað mestur. NORDICPHOTOS/AFP

Erlendir stúdentar á námskeiði sem Háskólasetur Vestfjarða heldur í þriðja sinn:

# Yfir eitt hundrað læra íslensku

**FÓLK** Yfir hundrað nemendur frá Evrópu, Norður-Ameríku og Hong Kong læra nú íslensku hjá Háskólasetrinu á Vestfjörðum. Þetta er í þriðja skiptið sem námskeiðið er haldið.

Flestir nemendanna eru á leið í háskólanám hér á landi í haust og eru hér á Erasmus eða Nordplus skiptinemastyrkjum. Aðrir eru hér á eigin vegum, og nokkrir eru að hefja nám í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetrið í haust. Frá þessu er greint á heimasíðu Háskólasetursins. Stærstur hluti nemendanna gistir á Núpi í Dýrafirði meðan námskeiðið stendur yfir, í þrjár vikur.

Á námskeiðinu fá nemendurnir alhliða þjálfun í íslensku með fjölbreyttum og nútímalegum kennsluaðferðum. Mikil áhersla er lögð á samskiptafærni, svo nemendurnir geti notað tungumálið í daglegu lífi, að sögn Heiðrúnar Tryggvadóttur, verkefnastjóra hjá Háskólasetrinu. Þess vegna er bekkjarvinna, hópavinna og vettvangsvinna sameinuð í kennslunni.

Til þess að nemendurnir kynnist íslenskri menningu og samfélagi er einnig boðið upp á valnámskeið, allt frá dansi og kórsöng og yfir í málfræði og sögu. **- þeb**



**HÁSKÓLASETRIÐ** Yfir hundrað manns læra íslensku í setrinu næstu þrjár vikurnar.

Eldri borgarar upplýstir:

## Áfram veginn komið á vefinn

**FÉLAGSMÁL „Áfram veginn 2010“, upplýsingarit fyrir eldri borgara um almannatryggingar, er komið á vef Tryggingastofnunar, www.tr.is og vef Sjúkratrygginga Íslands www.sjukra.is.**

**Í tilkynningu Tryggingastofnunar kemur fram að í ritinu sé leitast við að svara helstu spurningum um lífeyristryggingar og sjúkratryggingar, sem upp koma við upphaf töku ellilífeyris og þegar sækja þarf heilbrigðisþjónustu.**

**Áfram veginn hefur komið út árlega frá árinu 1999. - óká**



**WYCLEF JEAN** Búist er við að Jean tilkynni framboð sitt formlega á fimmtudag en vafi er á því hvort hann hafi kjörgengi þar sem hann hefur lengst af búið í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjósa forseta á Haítí í haust:

## Hip Hoppari í forsetaframboð

**HAITI, AP** Hip hop-tónlistarmaðurinn Wyclef Jean hyggst bjóða sig fram til forseta Haítí. Haft er eftir bróður Jean að honum sé full alvara með framboðinu og að hann geri sér fullkomlega grein fyrir því hve erfitt hlutskipti næsta forseta verður.

Jean er fæddur í Port-au-Prince á Haítí en ólst upp í Brooklyn í New York í Bandaríkjunum. Hann er þekktastur fyrir að hafa verið í hljómsveitinni Fugees sem var einkar vinsæl á 10. áratug síðustu aldar.

Nýr forseti Haítí verður kjörinn í nóvember en aðstæður í landinu eru mjög erfiðar eftir að jarðskjálfti reið yfir í janúar og varð 300.000 manns að bana. **- mþl**

# Bera ábyrgð á mesta olíuleka sögunnar

**Breska olíufyrirtækið BP segist loks hafa náð að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa, meira en þremur mánuðum eftir að hann hófst. Nærri fimm milljónir tunna af olíu hafa lekið út í hafið. Fjórðungur þess magns veldur enn tjóni.**

**BANDARÍKIN, AP** Frá 23. apríl fram í ágústbyrjun láku nærri fimm milljónir tunna af olíu út í Mexíkóflóa. Í gær gáfu bandarísk stjórnvöld út þá tilkynningu að fjórðungur þeirrar olíu væri enn í hafinu, en 75 prósent hafi ýmist verið hreinsuð upp, brennd, gufað upp í andrúmsloftið eða brotnað niður í hafinu.

Heildarmagn lekans er tuttugu sinnum meira en það sem lak út í hafið út af strönd Alaska þegar olíuskipið Exxon Valdez strandaði þar árið 1989. Enn er í hafinu fimmfalt það magn sem lak úr Exxon Valdez á sínum tíma.

Það var ekki fyrr en nú í byrjun vikunnar sem breska olíufyrirtækið BP taldi sig hafa komist fyrir lekann að fullu. Tjónið er gríðarlegt, þótt vissulega hafi tekist að koma í veg fyrir að það yrði enn verra.

Bæði yfirmenn olíufélagsins BP og Bandaríkjastjórn hafa orðið fyrir harðri gagnrýni fyrir hægagang og vandræðagang í glímunni við þennan mesta olíuleka sögunnar.

Framan af var minna gert úr vandanum en efni stóðu til, auk þess sem sigri var oftar en einu sinni fagnað áður en ástæða var til.

Enn er ekki útséð um hvort tekist hefur að stöðva lekann endanlega. Það verður ekki ljóst fyrr en eftir nokkrar vikur, þegar leðju verður dælt niður í olíubrunninn og síðan steypt yfir allt saman. Þá verður einnig lokið við að bora nýjan brunn niður í gömlu borholuna, svo hægt verði að ganga úr skugga um hvernig til hefur tekist.



**OLÍUBORPALLURINN Í MEXÍKÓFLÓA** Bæði yfirmenn BP og Bandaríkjastjórn hafa orðið fyrir harðri gagnrýni fyrir hægagang í glímunni við olíulekann. NORDICPHOTOS/AFP

Engin leið er heldur til að segja hvenær lokið verður við að hreinsa olíuna úr hafinu eða hve miklu tjóni hún á eftir að valda meðan hún er þar enn á sveimi.

„Enn eru bátar þarna úti á hverjum degi með fólk að störfum. Skjaldbökur finnast þaktar olíu og gras finnst á ströndinni með olíu,“ segir Randy Boggs, skipstjóri á ferju. Hann segist eiga erfitt með að trúa yfirlýsingum BP um að lekinn hafi verið stöðvaður.

„Enn eru milljónir punda af tjörukleprum og olíu á hafsbotni.“

Lekinn hófst þegar olíuborpallurinn Deepwater Horizon sökk þann 23. apríl síðastliðinn. Þremur dögum fyrr hafði orðið sprenging í pallinum með þeim afleiðingum að ellefu starfsmenn létu lífið.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Hvítabjörn beit vísindamann:

## Skutu ísbjörn í nauðvörn

**GRÆNLAND** Ísbjörn réðst á danskan fornleifafræðing sem var að störfum á Norðaustur-Grænlandi um helgina.

Björninn náði að bíta manninn á nokkrum stöðum áður en félaga mannsins tókst að fella björninn. Björninn var kominn allnærri vísindamönnunum þegar þeir reyndu að fæla hann frá sér. Það tókst ekki heldur réðst björninn til atlögu við annan manninn. Vísindamennirnir prísa sig sæla að um var að ræða ungt dýr og ekki fullvaxið. Bannað er að skjóta hvítabirni á Grænlandi svo vísindamennirnir hafa þurft að færa sönnur á að um nauðvörn hafi verið að ræða. **- ss**



**RISAVINDMYLLA** Skip siglir fram hjá vindmyllu í Norðursjó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Orkuspá Þjóðverja breytist:

## Tvöfalda hreina orku á áratug

**ÞÝSKALAND, AP Þjóðverjar ráðgera að fimmtungur af allri orkunotkun þeirra verði frá endurnýjanlegum orkugjöfum árið 2020. Með því myndi hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa tvöfaldast á næsta áratug.**

**Norbert Roettgen umhverfisráðherra upplýsti á fundi í gær að vöxtur „hreinnar tækni“ í orkuiðnaði, svo sem vind- og sólarorku, auk lífræns eldsneytis, verði meiri en spár hafa gert ráð fyrir þannig að farið verði fram úr áætlunum stjórnvalda um að 18 prósent orkunnar verði endurnýtanleg árið 2020. - óká**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Lögðu hald á ólöglegt net**

Lögreglan á Vestfjörðum og Fiskistofa lögðu hald á ólöglegt net í eftirlitsferð sinni um Ísafjarðardjúp í síðustu viku. Stofnanirnar hafa eftirlit með ólöglegum netalögnum í sjó.




Fermetrafjöldi verslunarhúsnæðis eykst langhraðast á höfuðborgarsvæðinu:

# Sextíu þúsund nýir fermetrar í fyrra

**VERSLUN** Verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu stækkaði um tæpa sextíu þúsund fermetra frá árinu 2008 til 2009, sem jafngildir 7,9 prósenta stækkun. Þetta kemur fram í nýútkominni Árbók verslunarinnar.

Heildarfermetrafjöldinn á höfuðborgarsvæðinu var 816.408 fermetrar í fyrra. Því voru fjórir fermetrar af verslunarhúsnæði fyrir hvern íbúa svæðisins. Meðalverðið á fermetrann var rúmar 212 þúsund krónur.

Á landinu öllu voru 1.157.922 fermetrar verslunarhúsnæðis í lok síðasta árs, sem var 6,6 prósenta aukning frá árinu 2008. Meðalverðið á fermetra utan höfuðborgarsvæðisins var rúmar 70 þúsund krónur.

Verslunarrými hefur aukist mun hraðar á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar undanfarin ár. Frá árinu 1999 til ársins 2009 jókst rými á höfuðborgarsvæðinu um 78,3 prósent. Á öllu landinu hefur það aukist um 71,8 prósent á þessum áratug.

Þá er töluvert um óklárað verslunarhúsnæði, sem ekki er búist við að klárist og fari í notkun á næstunni. Á síðasta ári var 120 þúsund fermetra verslunarrými ýmist skráð í byggingu eða með byggingaleyfi. **- þeb**



**GLERÁRTORG** Verslunarrými jókst minna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu síðustu tíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Sumarbílar

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser VX**
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 01.06 Ekinn: 89.000 km
Verð: 5.99 0.000 kr. Skr.nr. PO 617

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Avensis W/G Sol**
1800 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 30.800 km
Verð: 3.130.000 kr. Skr.nr. PSZ 24

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Lexus RX400H EXE**
3300 bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 01.07 Ekinn: 50.000 km
Verð: 6.650.000 kr. Skr.nr. DH 798

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Corolla Sol**
1600 bensín beinsk. MM
Á götuna: 05.07 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. UA 853
Betra verð: 2.150.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Land Cruiser 200**
4700 bensín sjálfsk.
Á götuna: 01.08 Ekinn: 72.000 km
Verð: 10.850.000 kr. Skr.nr. FOD 98

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Lexus IS250**
2500 sjálfsk. 17" leður
Á götuna: 09.08 Ekinn: 25.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. JOG 42

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**VW Passat S/D V6**
3200 bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 57.000 km
Verð: 3.990.000 kr. Skr.nr. NB 990

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Avensis S/D Sol**
1800 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 55.000 km
Verð: 3.170.000 kr. Skr.nr. LVY 49

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



**Toyota Rav4 GX**
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 38.000 km
Verð: 3.880.000 kr. Skr.nr. UDX 84

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Yaris Terra**
1000 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.830.000 kr. Skr.nr. BLS 35

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Corolla S/D Terra**
1400 bensn beinsk.
Á götuna: 09.06 Ekinn: 52.000 km
Verð: 1.690.000 kr. Skr.nr. SN 079

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Aygo**
1000 bensín 5 gíra beinsk.
Á götuna: 08.07 Ekinn: 25.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. FXH 60

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Yaris Sol**
1300 bensín beinsk.
Á götuna: 06. 07 Ekinn: 57.000 km
Verð: 1.670.000 kr. Skr.nr. BR 913

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Vesro Terra**
1600 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 33.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. DFK 14

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI



**Lexus IS200 S/D Limited**
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 94.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. AG 572

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI



**Toyota Yaris Terra**
1000 bensín beinsk.
Á götuna: 06.08 Ekinn: 49.000 km
Verð: 1.860.000 kr. Skr.nr. DYP 02

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð.**
**12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**Hvað er Gæðabíll?**
**Er ekki í verksmiðjuábyrgð.**
**3 mánaða viðbótarábyrgð.**

**BNB-sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570-5220**

Today
Tomorrow
Toyota

**FRÉTTASKÝRING:** Hver er stefna Frakklandsforseta í innflytjendamálum?



**ÓLÖGLEGAR BÚÐIR ÓLÖGLEGRA INNFLYTJENDA** Sarkozy tilkynnti í síðustu viku að þessar innflytjendabúðir verði rýmdar og íbúarnir reknir úr landi. NORDICPHOTOS/AFP

# Sarkozy gengur hart fram gegn útlendingum

**Undanfarið hefur bæði harkaleg stefna Frakklandsforseta gagnvart útlendingum og framganga lögreglunnar í myndbandi á YouTube vakið athygli og óþægilegar spurningar.**

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hefur lengi haft þá stefnu að útrýma þurfi öllu ofbeldi úr Frakklandi. Í því skyni hefur hann viljað beita lögreglunni af fullri hörku.

Einnig hefur hann viljað hreinsa til í hverfum fátækra útlendinga, ganga hart fram gegn ólöglegum innflytjendum og sýna ungmennum, sem tekið hafa þátt í óeirðum, enga miskunn.

Undanfarið hefur hann verið óvenju ómyrkur í máli í þessum efnum.

### Svipting ríkisborgararéttar

Hann hefur meðal annars hótað því að svipta menn af erlendum uppruna ríkisborgararétti ef þeir hafa gerst sekir um að hóta lögreglumanni eða embættismanni bana, auk þess sem hann vill gera ungmennum af erlendum uppruna erfiðara fyrir að hljóta ríkisborgararétt þegar þau hafa aldur til hafi þau gerst sek um ofbeldi.

Þetta sagði hann í borginni Grenoble í síðustu viku, en þar höfðu nokkrum dögum fyrr brotist út hörð átök milli lögreglu og mótmælenda. Þessar óeirðir hófust í kjölfar þess að ungur maður féll fyrir skotum lögreglunnar. Maðurinn var á flótta grunaður um þjófnað.

Maðurinn var í för með rómafólki, sígaunum, sem dvöldu í borginni, sem brugðust sumir hverjir illa við og réðust meðal annars á lögreglustöð þar í bænum. Skotið var á lögregluna og kveikt var í bifreiðum.

### Sígaunar reknir úr landi

Í framhaldi af þessu skipaði Sarkozy svo fyrir að uppræta skuli allar búðir sígauna, sem eru ólöglegir innflytjendur í landinu. Hann sagði búðirnar vera gróðrarstíu mansals, vændis og kynferðisbrota gegn börnum.

Ummælin hafa vakið óhug og rifjuð hefur verið upp grimmileg meðferð þýskra og franskra nasista á sígaunum í Frakklandi á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Brice Hortefeux, innanríkisráðherra í stjórn Sarkozys, segir þessum aðgerðum þó alls ekki ætlað að stimpla neinn ákveðinn hóp fólks, heldur sé markmiðið einungis „að refsa fyrir lögbrot".

### Myndband á YouTube

Myndband á vefsíðunni YouTube hefur síðan farið víða undanfarna daga og málað enn dekkri litum þessa hörkulegu ímynd franskra stjórnvalda. Þar sjást lögreglumenn í París ganga hart fram gegn mótmælendum af erlendum uppruna. Meðal annars sést ófrísk kona öskra hátt meðan lögreglumenn draga hana burt, og önnur kona er dregin eftir jörðinni þótt hún sé með ungbarn á bakinu.

Myndbandið var tekið 21. júlí þegar lögreglan leysti upp 150 manna mótmælafund í La Courneuve, einu úthverfa Parísar. Mótmælendurnir voru flestir konur frá Afríku, sem voru að mótmæla því að hafa verið reknar úr húsi sem þær höfðu lagt undir sig með ólöglegum hætti.

### Óeirðirnar 2005

Óeirðir hafa verið tíðar í hverfum fátækra útlendinga í Frakklandi undanfarin ár. Atburðirnir í Grenoble í síðasta mánuði þykja minna mjög á óeirðirnar í úthverfum Parísar haustið 2005, sem einnig hófust eftir að lögreglan varð ungu fólki að bana, en þá var Sarkozy innanríkisráðherra í ríkisstjórn Dominiques de Villepin.

Sarkozy var þá sakaður um að hafa beinlínis kynt undir óeirðunum með því að kalla ungmennin, sem tóku þátt í þeim, úrþvætti og hrotta. Hann tók einnig svo til orða að hann ætlaði sér að hreinsa út úr hverfinu með háþrýstidælum eins og þeim sem notaðar eru til að hreinsa málningu af húsveggjum.

Í síðustu viku sá de Villepin, fyrrverandi forseti landsins, ástæðu til að ráðleggja Sarkozy, fyrrverandi innanríkisráðherra sínum, að gæta orða sinna í þessum málum.

### Gagnrýni frá vinstri og hægri

Vinstrimenn hafa alla tíð gagnrýnt Sarkozy harðlega fyrir stefnu hans og yfirlýsingagleði í innflytjendamálum og lögreglumálum, og hefur gagnrýni þeirra færst heldur betur í aukana í kjölfar þessara síðustu atburða.

Sumir hægrimenn hafa einnig haft uppi gagnrýni, þar á meðal de Villepin og Jacques Chirac, sem einnig er fyrrverandi forseti.

Að þessu sinni er Sarkozy meðal annars sakaður um að fara í hart gegn útlendingum í þeim tilgangi að draga athyglina frá hneykslismálum innan stjórnarinnar, auk þess sem hann vonist til að bæta stöðu stjórnar sinnar í skoðanakönnunum með þessum aðferðum.




**NICOLAS SARKOZY FORSETI OG BRICE HORTEFEUX INNANRÍKISRÁÐHERRA** Sarkozy hótar að svipta innflytjendur ríkisborgararétti hafi þeir hótað lögreglumanni bana. NORDICPHOTOS/AFP

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



%
Allt að
6,35%
innlánsvextir*
Óbundinn og óverðtryggður sparnaðarreikningur
S24 ...og þú hagnast
Sæktu um... www.s24.is
*M.v. vaxtatöflu S24 01.07.2010
Sími 533 2424

# Tilboðsdagar

## iMac 27”



27” LED baklýstur skjár
Full HD upplausn
Þráðlaust lyklaborð og mús
iLife ‘09 og Snow Leopard
Engir vírusar

**27” 3,06GHz Intel Core 2 Duo**

2560 x 1440 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
1TB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
ATI Radeon HD 4670 með 256MB af GDDR3 skjáminni
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0
Eitt FireWire 800
SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð
og þráðlaus Magic Mouse

**Verð: 289.990,-**

**Listaverð: 349.990.-**

## iMac 21,5”

**21,5” 3,06GHz Intel Core 2 Duo**

3,06 GHz | Allt að 2TB Geymsla | Allt að 16GB Minni

1920 x 1080 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
500GB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
NIVIDIA GeForce 9400M
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0, Eitt FireWire 800, SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og þráðlaus Magic Mouse

**Verð: 209.990,-**

**Listaverð: 239.990.-**



### iLife ‘09 - fylgir öllum Apple tölvum

Stafrænn lífsstíll að hætti Apple sem inniheldur iPhoto, iMovie, GarageBand, iWeb og iDVD. iLife gerir Mac-notendum kleyft að skapa ótrúlegustu hluti og halda utan um ljósmyndir og hreyfimyndir á einfaldan máta. Að búa til fallegar heimasíður, ljósmyndabækur og kvikmyndir er leikur einn.

### Horfðu á sjónvarpið í tölvunni þinni



EyeTV hybrid
**Verð: 28.990.-**

### Microsoft Office
Fyrir heimili og skólafólk



Microsoft Office 2008
3 leyfi fyrir Mac
**Verð 21.990.-**

### Já, getur keyrt Windows
og fer létt með það...

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið ætti ekki að hindra heldur því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.

### Frí Apple námskeið

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðina á Laugaveg 182 og lært eitthvað nýtt.

**Námskeiðin eru án endurgjalds**
og þú þarft ekki að skrá þig, bara mæta.

Nánar um dagsetningu og tíma:
**www.epli.is/namskeid**

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda meðan birgðir endast.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

129
KR. 450g
EUROSHOPPER FROSNIR MAISSTÖNGLAR 450g

129
KR. 450g
EUROSHOPPER FROSINN MAIS 450g

169
KR. 1000g
EUROSHOPPER SPAGHETTI 1 KG

129
KR. 185g
EUROSHOPPER TÚNFISKUR 185g
TÚNFISKUR Í VATN EÐA OLÍA.

498
KR. 500g
EUROSHOPPER RIFINN 27% OSTUR 500g

259
KR. 1000g
EUROSHOPPER FRANSKAR RIFFLAÐAR 1 KG

259
KR. STK
BÓNUS VÖFFLUMIX 500g

398
KR. STK
BÓNUS RABARBARASULTA SPRAUTUBRÚSI 500 ml

259
KR. STK
HALTA ÞEYTIRJÓMI 250 ML

98
KR. STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385g

249
KR. 180g
HEIMA PESTÓ GRÆNT OG RAUTT 180g

129
KR. STK
BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE BRAUÐ

259
KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐAR KJALLARABOLLUR M.OSTI 4 STK

198
KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR 4 STK

198
KR. STK
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG

## MS GOUDAOSTUR 26% RAUÐUR
## NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI
MERKT VERÐ 1296 KR.KG.

972
KR. KG

249
KR. 1 ltr

## NÝJUNG: RAPSOLÍA Í BÓNUS

**Olían þessi nefnist rapsolía á íslensku en ýmist canola eða rape-seed olía á ensku.**

Rannsóknir sýna að þessi olía hefur ekki síður æskileg áhrif á kólesteról og gegn hjartasjúkdómum en fyrrnefndar tegundir, þar sem hún sameinar ýmsa kosti ólívuolíu og sojaolíu, auk þess sem hún hefur þann ágæta kost að vera tiltölulega ódýr.

Samsetning rapsolíu er óvenjuleg. Þar er ekki aðeins lítið af mettaðri fitu og mikið af einómettaðri fitu, heldur er þar líka að finna mun meira af æskilegu fitusýrunni **omega-3** en í nokkurri annarri algengri jurtaolíu. Þessi ágæta olía fer nú nánast sigurför um Norður- Evrópu og Ameríku.

Nú er þessi frábæra matarolía loksins komin í verslanir Bónus í eins lítra flöskum frá EuroShopper.

698
KR. PK
FJÓLA WC PAPPÍR 9 RÚLLUR

1998
KR. PK
ARIEL ÞVOTTAEFNI 50 SKAMMTAR

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NAUTA Veisla
Ferskt hakk
898
KR.KG
NAUTAVEISLA FERSKT HAKK
194
KR.KG
FROSIN LAMBASVIÐ
35% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 298 KR.KG
TILBOÐ KJARNAFÆÐI
KJÖTFARS
259
KR.STK
K.F NÝTT KJÖTFARS 620g
998
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
Grísapurusteik
1259
KR.KG
ÍSLANDSGRÍS PURUSTEIK Í ÁLBAKKA
579
KR.KG
NORÐANFISKUR STEIKTAR FISKIBOLLUR
798
KR.KG
BÓNUS GRILL GRÍSAKÓTILETTUR
BÓNUS
698
KR.800g
BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI 800g
BÓNUS KAFFI
500g
500 GRÖMM
BÓNUS
kaffi
fyrir alla
BLANDAÐ FYRIR BÓNUS
359
KR.500g
Póló
BÓNUS
129
KR.2 ltr
698
KR.KG
FROSNAR GRÍSAKÓTILETTUR (ca 2,5 - 3 kg í poka)
2698
KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBAFILLET
Egils
APPELSÍN
LIMONAÐI
þetta eina sanna
129
KR.1 ltr
Kristall
98
KR.1/2 ltr
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

**FRÉTTAVIÐTAL:** Hvað segir iðnaðarráðherra um Magma Energy og orkugeirann hér á landi?

# Álitamál orkugeirans eru enn óleyst

**Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir umræðuna um Magma hafa snúist um of um einstaka kaupendur í stað stóru spurninganna. Setja þurfi ramma um orkumál Íslendinga til framtíðar. Hún óttast ekki einkafjármagn í orkuframleiðslu.**



**EFTIR RÍKISSTJÓRNARFUND** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að ekki eigi að ræða Magma-málið út frá góðum eða slæmum kaupendum á hlut sem löngu var einkavæddur. Nær sé að leggja línur um hvert Íslendingar stefni í orkumálum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikill styr hefur staðið um kaup Magma Energy á HS orku og hefur ríkisstjórnin skipað starfshóp til að skoða einkavæðingu síðarnefnda fyrirtækisins. Henni er líka ætlað að leggja fram tillögur um framtíðartilhögun orkumála á Íslandi.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að umræðan varðandi Magma hafi farið um víðan völl í stað þess að einblína á stóru álitamálin.

„Mér finnst skorta að menn séu að ræða stóru álitamálin í þessu. Mér finnst menn hafa einblínt um of á þetta eina fyrirtæki. Þó að þetta fyrirtæki hætti við kaupin, ef menn fara þá leið, þá leysir það ekki kjarnann í því sem menn hafa verið að gagnrýna, sem er sá að þessi hlutur var einkavæddur og hann er í höndum einkaaðila. Þá þurfa menn að svara spurningunni: og hvað svo? Þá er auðvitað kjarninn í því að menn viti hvaða kostnað hinar mismunandi leiðir muni hafa í för með sér fyrir ríkið og það er eitt af því sem rannsóknin mun beinast að.“

Katrín segist telja að ríkið ætti að tryggja sér forkaupsrétt á hlutnum, sem hægt væri að kaupa þegar betur áraði. Forkaupsrétt er hins vegar ekki hægt að nýta nema fyrirtækið vilji selja og þeir gætu því átt hlutinn um langa hríð, ekki satt?

„Jú, en þá væru þeir líka hér innanlands með fjármunina á meðan og með þessu væri komið í veg fyrir brask með hluti í fyrirtækinu.“

### Einkafjármagn í framleiðslu

„Ég hef áður sagt að ég er þeirrar skoðunar að ég er ekki hrædd við aðkomu einkaaðila að framleiðsluhlutanum, af því að búið er að tryggja eignarhald auðlindanna hjá opinberum aðilum.“

Katrín segir mikilvægt að stytta leigutíma auðlindanna í lögum, takmarka verði þann tíma sem sveitarfélögin geti leigt auðlindirnar frá sér.

„Við þurfum líka að horfast í augu við það að opinber orkufyrirtæki eru að taka gríðarlega fjármuni að láni hjá erlendum lánadrottnum og ég veit ekki til þess að þar séu neinar góðgerðarstofnanir á ferð. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé betra að fá fjárfestinguna inn, til dæmis með verkefnafjármögnun til skemmri tíma með opinberum aðilum.

Þessa grundvallarumræðu þurfum við að fara út í en hætta að hringsnúast í kringum eina afleiðingu þessarar einkavæðingar frá 2007.“

Nú þekkjast ekki dæmi þess að raforkuverð hafi lækkað í kjölfar einkavæðingar og sumir vilja hreinlega leysa hlutina til ríkisins. Hvað finnst þér?

„Mér finnst þetta vera mjög mikilvæg umræða sem við verðum að fara í gegnum og við þurfum að fara í gegnum þetta frá a-ö. Við erum ekki að tala um einkavæðingu á orkugeiranum, við erum að tala um aðkomu einkaaðila inn í framleiðsluna, sem er áhættusamasti hlutinn og þá ekki síst í jarðvarmanum. Þar komi inn fjármagn sem fjárfesting inn í framleiðsluhlutann, síðan er opinbert eignarhald á dreifiveitunum og auðlindunum sjálfum.“

En það hefur einnig áhrif á verðmyndun.

„Já klárlega, en ef við horfum til dæmis á HS orku, þá er þar um 6-7% af raforkuframleiðslu landsins. Aðrir raforkuframleiðendur eru í höndum opinberra aðila, ríkisins og Orkuveitu Reykjavíkur. Þarna ríkir samkeppni á markaði og almenningur getur þá einfaldlega flutt sig með einu símtali á milli orkufyrirtækja.“

### Ekki frekari einkavæðing

En er eitthvað sem segir að önnur fyrirtæki fari ekki sömu leið og HS orka?

„Já. Það sem stendur í vegi fyrir því er að það er skýr stefna okkar að ríkið er ekki að fara að selja sín fyrirtæki, bara engan veginn. Það hefur verið stefna þessarar ríkisstjórnar frá upphafi og hefur verið stefna Samfylkingarinnar líka að við erum ekki að fara að selja okkar fyrirtæki.

Svo má ekki gleyma því heldur að þegar lögunum var breytt 2008 var það gert vegna þess að búið var að einkavæða hluta af HS orku með auðlindum og dreifiveitu og öllu saman innanborðs. Þannig að sú aðgerð þýddi að auðlindirnar voru sóttar af opinberum aðilum inn í fyrirtæki þannig að nú er eingöngu verið að ræða aðkomu opinberra aðila inn í framleiðsluhlutann sjálfan. Það finnst mér vera algjört lykilatriði.“

Katrín ítrekar að umræðan í sumar hafi ekki snúist um stóru álitamálin, heldur um mögulega vonda eða góða kaupendur að hlut sem þegar var einkavæddur. „Við eigum að vera í stóru spurningunum og þetta atriði finnst mér ekki skipta það miklu máli. Ég ætla ekki að segja til um hvort staðan eins og hún er núna, sú óvissa sem verið hefur um hlutinn og þar með eignarhald í vetur, sé eitthvað betri. Ég er ekki viss um að gagnrýnendur þessara einstöku kaupa séu heldur á þeirri skoðun. Þess vegna finnst mér vanta umræðu um það.“

### Auðlindirnar öruggar

Munt þú styðja það, verði það niðurstaða nefndarinnar, að leysa til sín hluti í HS orku?

„Ég styð allar góðar niðurstöður í því efni. Það eina sem ég hef að leiðarljósi er að íslenska þjóðin fái sem mest verðmæti út úr okkar auðlindum og við sköpum sem flest störf fyrir þessi verðmæti. Mér finnst að umræðan eigi að vera á þeim nótum. Þar verðum við að fara fordómalaust inn í þetta og átta okkur á því að við erum gerendur af því að við erum eigendur þessara auðlinda og þar með stjórnum við atburðarásinni.“

Sumir hafa sagt að 65 ára nýtingarréttur að jarðorkuauðlind jafngildi eignarrétti, hægt sé að ganga nærri auðlindinni á þeim tíma.

„Já, þú gætir það tæknilega, en þú getur það ekki vegna laga og reglna í landinu sem um þetta gilda. Það er alveg skýrt að ef menn ofnýta auðlindir, til dæmis jarðvarmaauðlindir, þá gerir Orkustofnun athugasemdir við það og síðan eru sendar áminningar. Ráðherra getur í kjölfarið afturkallað virkjanaleyfið. Það er því eftirlit með nýtingunni og ráðherra hefur heimild til að grípa inn í.“

Katrín segir líka litla hættu á að ætlunin sé að fullnýta auðlindina á skömmum tíma. Auk laga tryggi viðskiptasjónarmið það. „Það væri beinlínis óskynsamlegt fyrir þá sem nýta orkuna, vegna þess að þeir hljóta að vilja gera samninga til lengri tíma. Kaupendur orkunnar hljóta að gera athugasemdir ef eitthvað óöryggi er um afhendingu orkunnar. Það eru því tvær hliðar á því líka.“

En hvað er skynsamlegt og eðlilegt að leigja auðlindirnar lengi?

„Mér finnst að við ættum að horfa til 20 til 30 ára í jarðvarma og lengri tíma í vatnsfallinu, allt upp í 40 ár. Maður tengir þetta við afskriftartíma á virkjununum sjálfum.“

### Áhugi erlendra fjárfesta

Mikið hefur verið rætt um að laða erlenda fjárfesta hingað til lands, hvernig gengur sú vinna?

„Það hafa mjög margir verið að skoða okkur og mjög lengi og enn eru þeir að skoða ísland sem voru hérna fyrir hrun, minni starfsemi eins og gagnaver og fleira slíkt. En ég get ekki lofað að handan hornsins sé einhver stór slíkur fjárfestir, en hins vegar eru margir minni að skoða ísland og margir minni eru að koma hingað og hafa verið að koma. Það má ekki gleyma þeim heldur.“

Katrín segist hafa mikla trú á smærri fjárfestingum, um of sé einblínt á stórar fjárfestingar í orkugeiranum. Nefna megi uppbyggingu Becromal á Norðurlandi og mikla uppbyggingu í tölvuiðnaði. Þá hafi orðið hér til fyrirtæki í eftirvinnslu stórra kvikmynda.

„Þegar menn tala um erlenda fjárfestingu þá erum við ekki endilega alltaf öll að tala um sama hlutinn. Ég haf alltaf viljað líta á málin í stærra samhengi heldur en bara einstaka stórframkvæmd, þannig að það verður að segjast að við verðum einhvern veginn í þessari umræðu að finna þennan sameiginlega flöt á því hvar umræðan á að byrja. Það er töluvert um að vera og það eru enn aðilar að skoða Ísland sem fjárfestingarkost og það er bara gott og vel. Sömuleiðis eru Íslendingar líka farnir að sjá hag í því að jafnvel fara að stækka sína starfsemi. Ég nefni fyrirtæki á borð við Marorku og CCP og önnur svona hugverkafyrirtæki og það er jákvætt.“

Hefur óvissa varðandi Magma einhver áhrif á erlenda fjárfesta?

„Orkugeirinn, úti um allan heim, hefur alltaf verið gríðarlega viðkvæmur fyrir einkafjármagni, þannig að erlendir fjárfestar eða fjárfestar almennt, við eigum kannski ekki alltaf að vera að gera greinarmun á erlendum og innlendum, þeir vita þetta. Það sem er að gerast innan orkugeirans á ekki að hafa nein áhrif á það og ég hef ekki heyrt að svo sé.“

Katrín segir mikilvægt að bíða niðurstöðu pólítíska starfshópsins. „Hann er gríðarlega mikilvægur. Því meiri upplýsingar sem rannsóknarhópurinn dregur fram, því betra fyrir umræðuna. Menn verða bara að bíða eftir því.“

## Ríkið sækir ekki fyrirtæki

Katrín segir mjög spennandi hluti fram undan í Þingeyjarsýslum í tengslum við orkuöflun. „Þar er þessi verkefnastjórn búin að vera að vinna hörðum höndum og menn eru að prófa nýja aðferðarfræði þar, ná mönnum þar saman sem eiga auðlindirnar og sveitarfélögunum þarna á svæðinu og reyna að ná samstöðu um hvað þarna gerist. Þarna munu einhverjar niðurstöður koma í haust. Landsvirkjun er farin að líta á þetta svæði með auknum þunga.“

Til hvaða iðnaðar er þá horft?

„Ég vel ekki þann iðnað. Ég ætla ekki að úttala mig um það, það verður gert í samráði við sveitarfélögin á svæðinu og það verður líka gert á viðskiptalegum forsendum. Ríkið fer ekki og sækir fyrirtæki, ríkið þarf að skapa umhverfi og við erum að gera það fyrir norðan með því að skipa þennan vinnuhóp og setja þetta í þennan feril og það er það sem við getum gert. Síðan er landsvirkjun auðvitað búin að setja mikið fé í rannsóknir í svæðinu og vill auðvitað fara að koma þeirri orku í vinnu í þágu atvinnuuppbyggingar þar.“



**ÞEISTAREYKIR** Miklar rannsóknir hafa átt sér stað á jarðhitasvæðinu að Þeistareykjum. Nú er unnið að því að koma orkunni þar í notkun. MYND/VÖLUNDUR



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

# RISA ÚTSALA REKKJUNNAR

**40% AFSLÁTTUR!**
**KING KOIL HEILSURÚM**
(Queen Size 153x203)
Fullt verð 159.451 kr.
**NÚ 95.671 kr.**

# 30-70% AFSLÁTTUR!



## 50% AFSLÁTTUR

**ERGOMOTION ERGOSPORT**
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x97x203)
Fullt verð 396.000 kr.
**NÚ 198.800 kr.**



FYRSTIR KOMA - AÐEINS 8 STYKKI FYRSTIR FÁ!

### ERGOMOTION ERGOSPORT

- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.
- Ein besta þrýstijöfnunardýna sem er fáanleg er í dag fylgir botninum.

Argh! 040810

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## Útgjöldin
> Verð á barnaklippingu




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Jens Fjalar Skaptason, formaður Stúdentaráðs HÍ

## *Keypti skó af manni með álfafætur*



„Þar sem ég er með yfirgengilega litla fætur af karlmanni að vera þá hefur reynst mér þrautin þyngri að finna mér gott par af skóm í gegnum tíðina," segir Jens Fjalar Skaptason, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. „Gleði mín átti sér því engin takmörk þegar góð vinkona benti mér á vænan mann með svipaða álfafætur sem var að selja lítinn hluta af skóskápnum. Ég keypti af honum fjögur pör, nánast ónotuð, á þúsund krónur hvert, sem verður nú að teljast töluvert undir raunvirði."

Önnur góð kaup sem standa upp úr hjá Jens eru tveir gullbrúnir stólar í anda sjö-unda áratugarins. „Ég fann þá í Hirðinum góða og keypti á þrjú þúsund krónur stykkið. Þeir hafa bæði prýtt svefnherbergið og nú stofuna í nokkur ár og ber ég sérstakan hlýhug til þeirra."

Verstu kaupin eru einföld í huga Jens. „Um daginn keypti ég fægiskóflu á tvö þúsund og sjö hundruð krónur. Það var vont."

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### HALDIÐ HNÍFUNUM BEITTUM

■ *Steinn Óskar Sigurðsson kokkalandsliðsmaður*



„Það sem fer mest í taugarnar á mér þegar ég er að elda annars staðar en í mínu eldhúsi eru bitlausir hnífar. Það er gríðarlega mikill tímasparnaður fólginn í því að eiga nægilega beitta hnífa. Það er jafnframt öruggara þar sem þú þarft ekki að taka jafn mikið á honum og svo fer það betur með grænmetið þegar það er skorið þar sem þú missir ekki allan safann úr því. Það er lykilatriði að halda hnífunum við reglulega og halda þeim beittum."




# Kemur sem högg inn íslenska markaðinn

**Heimsmarkaðsverð á hveiti hefur hækkað um helming vegna þurrka í Rússlandi. Verð á öllu korni hækkar einnig. Mun meðal annars leiða af sér verðhækkanir á brauði, kexi, pasta, maís og korni.**



**KORNÞRESKIVÉL** Uppskerubrestur á hveiti í Rússlandi leiðir af sér um 50 prósenta hækkun á heimsmarkaðsverði. MYND/ÓLAFUR EGGERTSSON

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að hækkun á heimsmarkaðsverði hvaða hráefnis sem er leiði óhjákvæmilega af sér verðhækkanir hér á vörum.

„Þegar heimsmarkaðsverð á hveiti hækkar hefur það fyrr eða síðar áhrif á alla matvöru framleidda á einn eða annan hátt úr hveiti," segir Andrés. „Þetta er hin almenna regla og hún er alltaf að gerast." Andrés telur líklegt að brauð, kex, pasta, dýrafóður og allt annað tengt hveiti og kornvöru muni mjög sennilega hækka töluvert í verði. „Þetta eru markaðslögmálin í sinni tærustu mynd," segir hann.



**BRAUÐ** Talið er að öll kornvara muni hækka í verði hér á landi.

Bergþóra Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Kornax og Líflands, helstu innflytjenda ómalaðs hveitis á Íslandi, segir ekki orðið ljóst hversu miklar hækkanir muni eiga sér stað en hækkanir séu farnar af stað nú þegar í dönskum hveitimyllum.

„Þessi gífurlega verðhækkun á korni á eftir að skila sér í hækkunum á verði á brauði, kexi, maís, hveiti, pasta og fleiru," segir Bergþóra. „Korn er grunnafurð til dýraeldis þannig að það er ekki ólíklegt að hækkanir eigi eftir að skila sér í verðhækkunum á kjötvörum." Bergþóra segir hækkanirnar vera eins og hverja aðra sveiflu sem gengur yfir, en muni vissulega koma sem högg inn á markaðinn hér á landi.

Jóhann Felixson, formaður Landssambands bakarameistara, segir hækkunina vera afar slæma fyrir bakara í landinu.

„Þetta getur þýtt allt að 15 til 20 prósenta hækkun á seldum vörum," segir Jóhann. „Matvælaframleiðslan getur ekki tekið meira á sig án þess að hækka eins og staðan er í dag." Jóhann segir verðhækkanir á vörum geta verið yfirvofandi frá miðjum ágúst og varað í allt að eitt ár. „Ný hveitiuppskera fæst á átta til tólf mánuðum. Ef horfur til ræktunar eru góðar, gæti verðlagið lækkað fyrr. Ef horfur eru slæmar, þá seinna."

sunna@frettabladid.is



## ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR 2010



**Tónleikar í Hallgrímskirkju 5.-8. ágúst**

**Fimmtudaginn 5. ágúst kl. 12- 12.30**
Magnús Ragnarsson orgel og Þórunn Elín Pétursdóttir sópran flytja tónlist eftir Saint-Saëns, Poulenc, Dubois og Gounod.
**Miðaverð kr. 1000.**

**Laugardaginn 7. ágúst kl. 12- 12.30**
Kári Þormar organisti Dómkirkjunnar í Reykjavík leikur verk eftir Dubois, Mozart, Bach og Widor.
**Miðaverð kr. 1000.**

**Sunnudaginn 8. ágúst kl. 17-18**
Kári Þormar organisti Dómkirkjunnar í Reykjavík
Á efnisskrá eru verk eftir William Boyce, Karg- Elert, Þorkel Sigurbjörnsson, Bach og Widor.
**Miðaverð kr. 1500.**

**listvinafelag.is**

Kostnaður við heilbrigðisþjónustu hefur hækkað mikið síðustu tíu ár:

# Læknisþjónusta tvöfaldaðist í verði

**NEYTENDUR** Lækniskostnaður hefur hækkað mikið á síðustu tíu árum. Hækkanir eru misjafnar eftir undirflokkum þjónustu, en verð á sérfræðiaðstoð og almennri heilsugæsluþjónustu hefur hækkað hvað mest. Almenn heilbrigðisþjónusta hefur hækkað í verði um 137 prósent.

Kostnaður við sérfræðiaðstoð lækna hefur aukist um 56 prósent, en verðið tók hátt stökk um áramót 2003 til 2004, eða um 84 prósent á einum mánuði, sökum þess að nýir samningar náðust ekki á milli sérfræðilækna og Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá 1. janúar 2004 voru sjúkratryggingar ekki gildar fyrir meðal annars augnlækna, barnalækna, bæklunarlækna, geðlækna, krabbameinslækna og kvensjúkdómalækna. Samningar náðust þó í febrúar sama ár og verð lækkaði á ný samkvæmt því. Verðkannanir Hagstofunnar taka tillit til endurgreiðslna frá tryggingastofnunum. Skoðaðir eru almennir taxtar og uppgefið verð fyrir algengar framkvæmdir og einnig eru neyslukannanir almennings teknar inn í myndina.




- sv


2.690,-/stk.
HELMER skúffueining
B28×D43, H69cm
Duftlakkað stál 5.990,-
JONAS skrifborð
B140×D65, H73cm
Hvítt 25.950,-
BRÄDA stuðningspúðar f/fartölvu
B51×D38, H8cm. Hvítt eða svart
MICKE skrifborð
B73×D50, H72cm
Svarbrúnt/hvítt 9.950,-
Klár í skólann?
MARKUS snúningsstóll
Sætishæð 40-51cm
Svart 29.950,-
MATTEUS skrifborð
B140×D58, H73cm
Bæsuð gegnheil fura 27.950,-
MICKE skúffueining
B35×D50, H75cm
Svarbrúnt/hvítt 11.950,-
KARSTEN snúningsstóll
Sætishæð 40-52cm
Svart/blátt 12.950,-
Fæst einnig í svörtu
MOSES snúningsstóll
Sætishæð 42-53cm
Svart 9.950,-
4.450,-
RICKARD snúningsstóll
Sætishæð 37-50cm
Dökkgrátt
MICKE skrifborð m/hillueiningu
B104×D50, H143cm
Hvítt/birkiáferð 25.900,-
SMÅDAL skrifborð
B90×54, H74cm. Hvítt 10.950,-
6.990,-
TORBJÖRN snúningsstóll
Sætishæð 42-50cm. Rautt
Fæst einnig í svörtu
MICKE skrifborð
B140×D50, H75cm
Hvítt/birkiáferð 17.950,-
SNILLE skrifborðsstóll
Sætishæð 39-51cm
Ýmsir litir 3.990,-
© Inter IKEA Systems B.V. 2010
Ókeypis máltíð fyrir börnin!
Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.
JONAS skrifborð
B151×D85-135, H73cm
Eikarspónn 19.950,-
6.950,-
EXPEDIT skrifborð
L115×B78cm. Hvítt
Hillueining seld sér
IKEA®
Verslun opin 11-19 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrstu fundir hálfu ári eftir atkvæðagreiðslu:

## Reynslunni ríkari

Í fimm mánuði hefur ekkert gerst í deilu Íslendinga við Breta og Hollendinga um Icesave-ábyrgðir. Samningafundur var haldinn 5. mars síðastliðinn, daginn fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem Icesave-lögin voru felld, en þau voru forsenda þess að tekið gæti gildi samningur um Icesave sem Alþingi hafði staðfest í fyrrahaust. Síðan gerðist ekkert þar til í byrjun síðasta mánaðar þegar gerð var tilraun til að koma viðræðum aftur af stað.

SKOÐUN



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Í Fréttablaðinu í dag kemur fram að koma eigi viðræðum í skipulegan farveg á ný eftir sumarfrí. Ekki er þó talið líklegt að fundað verði fyrr en í september, hálfu ári eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Biðstaða þessi hlýtur að koma mörgum á óvart miðað við þá orðræðu sem í gangi var fyrir atkvæðagreiðsluna í mars. Var þá látið að því liggja að fyrir lægi hagstæðara tilboð frá Bretum og Hollendingum, fásinna væri því að samþykkja fyrirliggjandi samning. Eitthvað lætur þessi niðurstaða bíða eftir sér. Þá virtist jafnvel á reiki um hvað væri verið að kjósa. Á þeim sem hæst töluðu gegn samþykkt mátti á stundum skilja að verið væri að hafna því að greiða yfirhöfuð nokkuð til baka af því sem tekið hafði verið að láni hjá Bretum og Hollendingum. Þó hefur það aldrei staðið til, samningarnir snúast um tímalengd lánsins, vaxtakjör og tilhögun afborgana.

Til eru þeir sem komið hefur í hug að baráttan gegn niðurstöðu í samningunum um Icesave snúist um allt aðra hluti í raun. Icesave-deilan sé ekki annað en verkfæri þeirra sem tryggja vilja varðstöðu um krónuna sem gjaldmiðil og setja sig upp á móti Evrópusambandsaðild, afla sem telja að einangrun landsins og tvíhliða samningar við önnur ríki sé farsælli leið en aðild að samstarfi ríkja í Evrópu. Sé svo er óskandi að umræðan gæti þá farið að snúast um þessi grundvallaratriði og kost og löst á hvorri leiðinni sem verða kann fyrir valinu.

Í grein í 25. tölublaði Vísbendingar sem út kom í gær veltir Þórólfur Matthíasson prófessor fyrir sér sjálfstæði þjóðarinnar og bendir á að sá sem vilji vera öllum óháður kalli jafnframt yfir sig lakari lífskjör en sá nýtur sem deila vill fullveldi og sjálfstæði með öðrum. „Hrunið markaði endalok tilraunarinnar með íslensku krónuna. Ef þjóðin vill halda áfram að nota hana, þurfum við að lifa við gjaldeyrishöft, háa innlenda vexti og töluvert flökt á genginu,“ segir hann og bendir um leið á að með viðvarandi gjaldeyrishöftum sé einboðið að forsendur aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu séu brostnar. Aukin tengsl við Evrópu snúist því ekki um tollaívilnanir á fiski heldur áframhaldandi aðgang fyrirtækja að mörkuðum fyrir vöru og þjónustu og einstaklinga að evrópskum vinnumarkaði. „Og ekki síður um möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að fjármagna stærri fjárfestingar á viðráðanlegum kjörum og geyma sparnað með sæmilega tryggum hætti.“

Í atkvæðagreiðslunni í mars missti þjóðin af tækifæri til að gera út um Icesave-málið. Spurning er bara hvort hún verður minnug reynslunnar af því hversu miklu gruggi hægt er að róta upp í umræðunni þegar kemur að því að kjósa um aðild að Evrópusambandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Dulegur dágur

Menn eru misánægðir með sjálfa sig og mörgum þykir sjálfsagt að hrósa sjálfum sér, sérstaklega ef fáir aðrir gera það. Einhverjir tóku eftir því að þágufall hafði slæðst inn í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu í gær. Stjórnendur á vefmiðlinum Eyjunni, í ritstjórn Þorfinns Ómarssonar, tóku eftir því og leiðréttu. Skömmu síðar birtist moli í Orðinu á götunni, þar sem aðrir fjölmiðlar voru snupraðir fyrir að falla í þágufallssýkispytt ráðuneytisins. „Þó sagði í frétt Eyjunnar að ráðherra hefði veitt eina milljón króna í verkefnið,“ lauk molanum. Oft er sagt við unga drengi sem vantar hrósið dulegur dágur og á það vel við nú.



### Bara hist í strætó

Það var áhugavert að fylgjast með Árna Páli Árnasyni og Runólfi Ágústssyni sverja af sér vinskapinn. Mátti vart á milli sjá hvor þekkti hvorn minna og var helst á þeim að skilja að þeir hefðu einu sinni hist í strætó, á leið 12, Hlemmur – Fell.

### Vindharpan

Það er athyglisverð staðreynd að hinn rándýri glerveggur sem Ólafur Elíasson hannaði á tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu stenst ekki vindálag. Hann þarf nú að endurbyggja með tilheyrandi kostnaði. Kannski hefði átt að huga frekar að burðinum en íburðinum í hönnun hússins? Það er jú stundum rok við höfnina.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR




## Tryggjum þjóðarhag

Evrópumál



Baldur Þórhallsson

prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Mikilvægt er að hagsmunir þjóðarinnar verði tryggðir í komandi samningaviðræðum við ESB. Samninganefnd Íslands gegnir lykilhlutverki í því að tryggja góðan samning. Fordæmin lofa góðu. Íslendingar náðu nær öllum kröfum sínum fram í samningaviðræðum við ESB um fríverslunarsamning, EES og Schengen. Það er í raun stórmerkilegt hvað vel tókst til. Það tókst hins vegar ekki átakalaust. Þess vegna er mikilvægt að stjórnmálamenn, hagsmunasamtök og félagasamtök standi í megindráttum saman að því að tryggja ásættanlega samningsniðurstöðu. Í því eru hagsmunir þjóðarinnar fólgnir.

Samninganefndin þarf að tryggja yfirráð Íslendinga yfir auðlindum hafsins. Þetta má til dæmis gera með sérstöku stjórnunarsvæði á miðunum í kringum landið innan sjávarútvegsstefnu sambandsins. Aðild að ESB hefur ekki áhrif á yfirráð þjóðarinnar yfir öðrum auðlindum. Einnig þarf að tryggja bændum hagstæðan landbúnaðarsamning rétt eins og Svíar og Finnar náðu fram í sínum aðildarviðræðum.

Mikilvægt er að ná góðum samningum um atvinnuuppbyggingu og bættar samgöngur innan uppbyggingarstefnu ESB. Fjölmörg tækifæri felast í aðild að stefnunni fyrir ferðaþjónustu, hinar dreifðu byggðir og byggðakjarna á landinu öllu. Við ættum einnig að standa saman að því að fá Seðlabanka Evrópu til að styðja við krónuna. Stuðningur ESB við peningastjórnun getur skipt sköpum um það hvernig til tekst við að bjarga heimilum og fyrirtækjum, stuðla að lægri vöxtum og sterkara gengi. Í kjölfarið er hægt að taka upp evru.

Það að grafa undan samninganefnd Ísland er að grafa undan hagsmunum þjóðarinnar. Því verður ekki trúað fyrr en á er tekið að stjórnmálaflokkar, hagsmunasamtök og félagasamtök sem láta sig Evrópumál varða ætli að beita sér gegn hagsmunum landsmanna í yfirstandandi viðræðum. Það er hagur allra landsmanna að vel takist til í samningaviðræðunum. Það er síðan þjóðarinnar að leggja mat á það í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort nógu vel hafi tekist til.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Náum sjálf í fundatekjurnar

Ferðaþjónusta



Magnea Þórey Hjálmarsdóttir
framkvæmdastjóri Icelandair-hótela

Frá hausti og fram á vor eru verðmætustu ferðamennirnir á kreiki. Þetta er fólkið sem sækir fundi, ráðstefnur og sýningar víðs vegar um heim. Þessir ferðamenn skila tvöfalt meiri tekjum en „venjulegir“ túristar.

Það er hörku slagur um þennan markað. Íslenska ferðaþjónustan fær pínulítinn skerf af honum, en það er hægt að stækka þá köku ef allir leggja hönd á plóginn.

Flestir erum við Íslendingar í einhverjum tengslum við vini, viðskiptavini, samstarfsmenn eða vandamenn erlendis. Hvert einasta okkar hefur beinan möguleika á að auka tekjur okkar af erlendum ferðamönnum – og það utan háannatímans.

**Aðferðin er einföld**

Vekjum athygli erlendra vina okkar og samstarfsfélaga á hvað Ísland er góður staður fyrir næsta fund eða ráðstefnu. Stingum upp á að hittast hér á landi. Það þarf ekki að vera stór viðburður. Tíu manna fundur er góð búbót yfir vetrartímann. Sama er að segja um tólf manna dansæfingu eða tuttugu manna námskeið. Allt telur.

Mjög auðvelt er að færa sterk rök fyrir því að hittast hér á landi. Ísland þykir spennandi áfangastaður, ekkert síður að vetri til en að sumarlagi. Sjaldan eða aldrei hefur ferðafólk fengið jafn mikið fyrir peninginn hér á landi og einmitt núna. Þetta tvennt er það sem mestu máli skiptir þegar fundarstaðir „erlendis“ eru ákveðnir: spennandi áfangastaður og „value for money“. Við erum að tala um Ísland.

Það er ekki eftir neinu að bíða. Sendum tölvupóst á þá sem við þekkjum erlendis. Kveikjum áhuga þeirra á Íslandi og komum þeim í samband við aðila í ferðaþjónustu sem geta séð um hópinn.

## AF NETINU

### Frekar aðgerðir en umboðsmann

Þetta eru þeim mun meiri vonbrigði þegar horft er til þess að málefni skuldara og húsnæðislán voru alltaf sterkasta hlið Jóhönnu Sigurðardóttur. Kannski er ekki of seint að setja hana í málið – þá mætti jafnvel gera uppstokkun á ríkisstjórn, Steingrímur gæti orðið forsætisráðherra og Jóhanna færi í félagsmálin. Það væri í raun miklu eðlilegri verkaskipting í ríkisstjórninni.

blog.eyjan.is/silfuregils

**Egill Helgason**

### Viðskiptasiðfræðingurinn Runólfur Árnason

Ef Runólfur kynni karlmannlega framkomu hefði hann fallið á vopn sín, og fórnað sér í þessu máli fyrir Árna Pál félaga sinn – mann sem er ekki bara ráðherra, heldur framtíðarleiðtogi í öðrum stærsta stjórnmálaflokki landsins. Með því hefði Runólfur verndað velgjörðarmann sinn og vin, sýnt drengskap og hollustu, sem honum hefði vafalaust verið hægt að launa síðar.
En þess í stað finnst honum viðeigandi að væla.

blog.eyjan.is/freedomfries

**Magnús Sveinn Helgason**

# Þjóðlegur uppblástur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Tvískinnungur er aðalsmerki íslenzkra stjórnmála. Nei, bíðum við, ég ætla að byrja aftur. Tvískinnungur og fíflagangur eru aðalsmerki íslenzkra stjórnmála. Margir berjast enn af alefli gegn innflutningi landbúnaðarafurða og bera við heilbrigðisástæðum, en ætlast samt til, að útlendingar kaupi íslenzkar búvörur. Aðrir berjast gegn erlendri stóriðju og bera við umhverfisverndarástæðum, en hafa samt aldrei lagzt á sveif með þeim, sem vilja hefta lausagöngu búfjár og hrossa til að stöðva uppblástur landsins. Vinstri hreyfingin – grænt framboð (VG), umhverfisflokkurinn, hefur nú stýrt bæði umhverfisráðuneytinu og landbúnaðarráðuneytinu í hálft annað ár og lyftir samt ekki litla fingri gegn gróðureyðingunni. Þau virðast líta svo á, að þjóðlegur uppblástur vegna lausagöngu búfjár og hrossa sé í góðu lagi.

Uppblásturinn heldur því áfram í boði VG, sem styður einnig hvalveiðar, einn evrópskra umhverfisflokka, og ber nú stjórnskipulega ábyrgð á hvaladrápinu eins og til að bíta höfuðið af skömminni.

**Hraðfara eyðing í 103 ár**

Landgræðsla ríkisins var stofnuð með lögum um „skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands“ 1907 og hét þá Sandgræðsla eftir endalausu moldroki úr rofabörðum. Hún mun vera ein elzta stofnun sinnar tegundar í heiminum. „Enn á sér þó stað hraðfara eyðing gróðurs og jarðvegs á Íslandi“, segir á vefsetri Landgræðslunnar eftir 103 ára baráttu. Stjórnmálaflokkarnir fást ekki enn til að ráðast að rótum vandans með því að skylda bændur að lögum til að loka sauðfé og hross inni í beitarhólfum og bæta skaðann af völdum lausagangandi búfjár og hrossa utan girðingar. Enginn umhverfisráðherra hefur nokkru sinni í 17 ára sögu ráðuneytisins þorað að stugga við sauðkindinni og sendiherrum hennar. Stjórnmálaflokkarnir kjósa allir sem einn að halda áfram að brenna upp skattfé almennings í vonlausri baráttu við lausgangandi búpening og hross, sem eira engum gróðri. Nú hillir þó undir, að landbúnaðarráðuneytið, taugamiðstöð lausagöngunnar, verði lagt niður og sameinað öðrum ráðuneytum eins og ég lagði til í Morgunblaðinu 31. ágúst 1993, en það mál gæti þó enn siglt í strand.

**Hernaðurinn gegn landinu**

Fyrsti sandgræðslustjórinn, Gunnlaugur Kristmundsson, birti grein um ástandið 1923. Þar stendur: „Landið ... talar allsstaðar sama ásökunarróminum. Ránbúskapur eigingjarnra, þekkingarsnauðra og hirðulausra manna, sem landið hafa byggt.“ Annar landgræðslustjóri, Runólfur Sveinsson, sagði í útvarpserindi 1947: „Ef reka á sauðfjárrækt hér á landi sem ræktunarbúskap og ekki sem rányrkju og hálfgerðan hirðingjabúskap, þá þarf að hafa sauðféð í girðingum og að einhverju leyti á ræktuðu landi.“ Margir aðrir hafa æ síðan og ítrekað varað við áhrifum rányrkjunnar á gróður landsins, þar á meðal Halldór Kiljan Laxness á sinni tíð (Hernaðurinn gegn landinu, Morgunblaðið, 31. desember 1970), Herdís Þorvaldsdóttir leikkona í mörgum blaðagreinum og bráðum einnig á kvikmynd og Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur. En allt kemur fyrir ekki: sauðkindin fer sínu fram sem fyrr í boði stjórnmálastéttarinnar.

**Skammsýni og skeytingarleysi**

Hvers vegna halda stjórnmálaflokkarnir verndarhendi yfir hernaðinum gegn landinu? Kannski stjórnast þeir af óttanum við að missa atkvæði til sveita, væri hróflað við rányrkjunni, og velta því síauknum vanda á herðar komandi kynslóða. Við bætist þjappaður hagur bænda og búaliðs gegn dreifðum hag almennings. Kannski er vandinn þó meiri en svo. Kannski vill meiri hluti þjóðarinnar í raun og veru ganga á gróður landsins. Sé svo, og þetta vitum við ekki enn, hvaða von er þá til þess, að umgengni útgerðarinnar um fiskimiðin vitni um meiri virðingu fyrir sameignarauðlindinni til sjós? Hví skyldi þjóð, sem rýrir gæði landsins vitandi vits ár fram af ári, dembir úrgangi á götur Reykjavíkur um hverja helgi, misþyrmir saklausum vegfarendum í stórum stíl og heldur samt lögreglunni í fjársvelti, hví skyldi hún ekki með líku lagi níða niður fiskimiðin? Fiskstofnar á Íslandsmiðum hafa rýrnað um helming eða tvo þriðju, sumpart vegna ofveiði. Margir sjómenn vitna í einkasamtölum um miklu meira brottkast til sjós gegnum tíðina en stjórnvöld hafa fengizt til að viðurkenna. Undirrótin virðist í báðum dæmum vera skeytingarleysi um almannahag og framtíðina. Í þessu ljósi þarf einnig að skoða óstjórnina í efnahagsmálunum langt aftur í tímann og afleiðingar hennar, nú síðast bankahrunið. Uppblástur landsins, rýrnun fiskstofna, tíðar líkamsárásir og ástand efnahagslífsins eru kannski angar á einum og sama meiði.

## Til sölu úr þrotabúi F-576 ehf. (áður Kjötbankinn)

Til sölu er ýmis konar lausafé tengt rekstri kjötvinnslu s.s. hrærivélar, vogir, sneiðarhnífur, skinkumót, hakkavél, pylsugerðarvél, hillurekkar, bakkar, kör og ýmis önnur áhöld og tæki til reksturs kjötvinnslu.

**Búnaðurinn verður til sýnis í fyrrum starfsstöð Kjötbankans að Flatahrauni 27, Hafnarfirði, föstudaginn 6. ágúst n.k. kl. 10.00 - 14.00.**

Tilboðum skal skilað til Guðrúnar Bjargar Birgisdóttir, LLM., hdl, skiptastjóra, Logia Lögmannsstofu, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, gbb@logia.is, fyrir kl. 12.00, þriðjudaginn 10. ágúst n.k.

Nánari upplýsingar vegna ástands tækja veitir Örvar Sær Gíslason s. 660 8083

LOGIA

## Til sölu – þrotabú

### Tilboð óskast í Fiskeldisstöðina Fellsmúla í Landsveit ofl.

**Til sölu eru allar eignir þrotabús Eldisstöðvarinnar Fellsmúla ehf.**

Nánar tiltekið er um að ræða fasteignir, þ.e. fiskeldisstöð um 550m2 og spennistöð um 20 m², byggð 1986, ásamt fiskeldiskerjum um 175m² byggð 1988, og öllum búnaði til fiskeldis, kerjum, fóðrurum, lögnum og öllum öðrum búnaði, staðsettur að Fellsmúla og á Galtalæk.

Þá fylgja vatnsréttindi, hitaveituréttindi í Baðsheiði í landi Stóra Klofa og kaldavatnsréttindi úr lindum í Garðalæk. Einnig fylgir borhola, lagnir, dælubúnaður og dæluhús að Klofa.

Þá fylgir allmikið magn af laxa-, bleikju- og urriðaseiðum í stöðinni sem nú er rekin af þrotabúinu.

Tilboð í ofangreindar eignir óskast send undirrituðum fyrir 10. ágúst n.k.

Nánari upplýsingar veitir Jón Sigfús Sigurjónsson hdl. f.h. skiptastjóra Jasonar Guðmundssonar hdl., Case lögmenn Síðumúla 13, Reykjavík, símar 893-3003 eða 868-4112 eða með tölvupósti á jon@case.is

DUNLOP
thermal lined stígvél

Verð: 6.800 kr. (Stærð: 19-28)
Verð: 7.800 kr. (Stærð: 29-37)



Fóðruð og heilsteypt með grófum sóla. Létt og hlý. Þola -20°C.

MAGNI
dúnúlpa

Verð: 18.000 kr. (2-4 ára)
Verð: 21.000 kr. (6-14 ára)

Einnig fáanleg í svörtu.



Klassísk dúnúlpa fyrir börnin. 70/30 gæsadúnn. Létt og hlý.

HEIÐRÚN
úlpa

PRIMALOFT

Verð: 23.800 kr. (4-14 ára)

Einnig fáanleg í rauðu.



Vatnsfráhrindandi, einangruð með PrimaLoft®. Lipur og hlý.

66 NORÐUR

# Afnemum hverfaskiptinguna

Innritunarreglur framhaldsskóla

Ólafur Heiðar Helgason
framhaldsskólanemi



Þann 30. júlí síðastliðinn birtist grein í Fréttablaðinu eftir Súsönnu Margréti Gestsdóttur þar sem hún lýsir yfir stuðningi við nýjar innritunarreglur í framhaldsskóla og hvetur til víðsýnni umræðu um skólamál á Íslandi. Súsanna telur að fjölbreytni innan framhaldsskólanna aukist með þessum nýju reglum, að brottfall nemenda sé „mun brýnna umhugsunarefni“ en vankantarnir á hinu nýja kerfi og að engum þeim sem ljúka grunnskólanámi sé vísað í lélegan framhaldsskóla.

Á Íslandi hefur lengi verið ákveðin þöggun varðandi menntakerfið okkar. Því hefur verið haldið uppi af menntamálaráðuneytinu, flestum framhaldsskólum og víða í hinni samfélagslegu umræðu að skólarnir séu sambærilegir og að stúdentspróf frá einum þeirra jafngildi stúdentsprófi frá öðrum. Því að þannig á það að vera. Það á ekki að fá að hafa afgerandi áhrif á líf ungra Íslendinga – neikvæð eða jákvæð – hvort þeir lendi í FB en ekki MH, Kvennó en ekki Borgó.

Þetta viðhorf endurspeglast í grein Súsönnu sem inniheldur marga góða punkta en viðurkennir þó ekki grundvallarvanda menntakerfisins. Því hér á landi eru óneitanlega bæði góðir og lélegir skólar. Hvernig öðruvísi má útskýra þá staðreynd að nokkrir skólar fái langflestar umsóknir miðað við fjölda plássa í boði og að nokkurn veginn sami hópur af skólum komi áberandi best út úr könnun meðal nýnema í HÍ? Í sumum skólum telja um 30% stúdenta að námið hafi ekki undirbúið þá undir háskólanám. Hljóta það ekki að teljast lélegir skólar?

Menntamálaráðherra virðist hafna því. Hún telur kerfið nógu staðlað og skólana nógu sambærilega til að innleiða kerfi hverfaskiptingar þar sem 45% af nýnemum í framhaldsskóla verða að koma af tilteknu svæði í nágrenni skólans. Skólarnir halda áfram að meta nemendur út frá einkunnum og afleiðingin er einstaklega óréttlátt skipting þar sem nýnemar í vissum borgarhlutum njóta forréttinda umfram aðra eftir því hvort þeir hafa áhuga á bíliðngreinum, ferðamálanámi eða bóknámi sem veitir þeim góðan undirbúning fyrir háskólanám.

Súsanna fullyrðir að í mörgum framhaldsskólum sé nemendahópurinn orðinn einsleitur, enda kynnist nemendur aðeins fólki „með svipaðan bakgrunn og sambærileg framtíðaráform“. Þetta hlýtur að teljast illa ígrunduð afstaða. Menntamálaráðuneytið veitir skólunum ákveðin verkefni og gefur þeim jafnframt svigrúm til að marka eigin sérstöðu. Þetta hafa nemendur í huga þegar þeir velja sér skóla. Þegar hverfaskipting kemur ofan á þetta kerfi eru nemendur ekki aðeins skikkaðir til að halda áfram í sama félagslega umhverfi með bekkjarfélögum sínum úr grunnskóla og öðrum í nærumhverfinu, heldur þvingaðir í það nám sem hverfisskólinn býður upp á.

Hverfaskipting framhaldsskólanna er ekki réttlætanleg nema þeir bjóði allir upp á sama nám. Slíkt er svo sannarlega ekki staðan í dag, enda er það óeðlilegt og óhagkvæmt. Fjölbreytnin í framhaldsskólaflórunni er af hinu góða, enda fær nemandinn að velja nám sem hentar áhugasviði hans. Slíkt leiðir ekki til „einsleitni,“ heldur kynna við fólk úr öllum áttum með svipuð áhugasvið. Það er einmitt hverfaskiptingin sem dregur úr fjölbreytni í nemendahópnum.

Það eru mörg vandamál í íslenska menntakerfinu, en nýju reglurnar eru engin lausn. Grundvallarvandinn er að margir skólar – bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi – bjóða ekki upp á krefjandi en jafnframt spennandi nám sem veitir raunverulegan undirbúning fyrir lífið þannig að nemendur sjái tilgang í að ná árangri. Afleiðingin er mikið brottfall úr framhaldsskólum. Auðvitað veita einkunnir takmarkaðar upplýsingar um nemendur og það er sjálfsagt að hugsa sér aðrar leiðir í innritunarferlinu. Ein leið væri að nýnemar skrifi stutta ritgerð sem fylgi með umsókn þeirra í framhaldsskóla þar sem þeir kynna viðhorf sín og áhugasvið.

Menntakerfið á Íslandi þarf auknar fjárveitingar og aukna athygli stjórnmálanna. En á meðan við bíðum eftir að það sé raunhæfur möguleiki þarf að afnema þessar nýju innritunarreglur – þær eru ósanngjarnar, illa ígrundaðar og gera ekkert nema að ýkja þau vandamál sem eru til staðar.

# Hitaveitan okkar

Magmamálið

Þorvaldur Örn Árnason
íbúi í Vogum og félagi í VG



Í tilefni mikillar umræðu um HS Orku sem áður var Hitaveita Suðurnesja verður hér litið um öxl til að sjá betur samhengi málsins og þau skref sem stigin hafa verið til að koma Hitaveitu Suðurnesja úr höndum þeirra sem byggðu hana upp sem eigið þjónustufyrirtæki.

**Í okkar höndum**

Lengi vel var hitaveitan í okkar höndum. Stofnun Hitaveitu Suðurnesja var frábært framtak á 8. áratugnum. Sveitarfélögunum á Suðurnesjum tókst í sameiningu með hjálp ríkisins að byggja upp fyrirtækið til að nýta jarðvarma byggðarlögunum til hagsbóta. Fljótlega varð kyndingarkostnaður á Suðurnesjum með því lægsta sem gerist á landinu og rafmagnsverð líka. Sveitarfélögin á Suðurnesjum áttu fyrirtækið ásamt ríkinu og réðu því. Arðurinn fór aðallega í að þróa nýja tækni og byggja fyrirtækið upp hægt og sígandi. Þetta var frumraun í að virkja heitan jarðsjó en hann er mjög erfiður viðfangs. Þar varð til afar verðmæt þekking á virkjun jarðhita sem við flytjum nú út til annarra þjóða.

Hitaveitan var klárlega þjónustufyrirtæki íbúa, afsprengi samvinnu sveitarfélaga og ríkis og rekið af þeim. Markmið þess var að þjóna fólkinu á Suðurnesjum sem best og gróðapungar voru víðs fjarri. Það var enginn asi á uppbyggingunni, menn fengu þann tíma sem þurfti til að þróa nýja tækni og nýta auðlindina sem best. Hitaveitan gekk vel um auðlindina og umhverfið í Svartsengi svo eftir var tekið. Engum einstæðum náttúruperlum var fórnað.

**Úr okkar höndum**

Í ágætri grein í Fréttablaðinu 23. júlí sl. heldur Jón Þórisson því fram að uppskipting Hitaveitunnar í HS-Orku og HS-Veitur hafi verið fyrsta skrefið til einkavæðingar en því fer fjarri. Þau uppskipti eru til að þóknast regluverki Evrópusambandsins og gera það að vísu kleift að einkavæða framleiðsluhlutann en skilja veituhlutann eftir í almenningseigu.

Einkavæðingarferlið hófst 2001 þegar Hitaveitunni var breytt í hlutafélag. Það var að ósk sveitarfélaganna og þar hlupu þau á sig. Þá hvarf jafnræðið og stærsti eigandinn, Reykjanesbær, fékk hreinan meirihluta í stjórn og fór strax að beita því valdi til framdráttar villtum stóriðjudraumum. Minni sveitarfélögin misstu völd og ábyrgð á félaginu og það var óheppilegt. Þetta var á blómatíma frjálshyggjunnar, á valdatíma Sjálfstæðisfokks og Framsóknar, þegar sameignarformið var fordæmt og sameiginlegar eignir voru unnvörpum „háeffaðar“. Þessi aðgerð var forsenda einkavæðingar Hitaveitunnar og fyrsta skrefið í því ferli.

Annað skrefið til einkavæðingar var stigið öfáum árum síðar með sölu ríkisins á 15% hlut sínum. Þar setti ríkisstjórnin það óvenjulega skilyrði að hinum eigendunum, sveitarfélögunum, var bannað að kaupa. Þetta var markvisst skref til einkavæðingar. Þá kom í ljós mikill áhugi einkafjármagnsins á að eignast þessa mjólkurkú okkar. Við þann áhuga margfaldast ímyndað verðgildi Hitaveitunnar og skuldsett sveitarfélög gátu nú selt hlutaféð fyrir hátt verð og átt fyrir skuldum og framkvæmdum.

Hlutur ríkisins var seldur nýju, íslensku skúffufyrirtæki á vegum Reykjanesbæjar og Íslandsbanka og Hannesar Smárasonar sem nefnt var Geysir grín energy. Stefnt var áfram á stóriðju og að virkja hratt og mikið. Græðgin tók öll völd enda dýrkuð á þeim tíma. Nú skyldu náttúruperlur á Reykjanesi og víðar um land blóðmjólkaðar og lítill tími gefin til að þróa nýja tækni og vanda til verka. Í 100 MW orkuveri á Reykjanesi er jarðvarminn aðeins nýttur að litlu leyti, megnið af orkunni rennur þar sem sjóðheitur sjór í stokk til sjávar. Búið er að kaupa viðbótarargræjur fyrir nokkra milljarða sem safna ryki og óvíst hvað gert verður því auðlindin er ekki talin þola meira álag til lengdar. Þetta er annað vinnulag en tíðkaðist þegar Hitaveita Suðurnesja var þjónustustofnun sveitarfélaganna sem byggðu hana upp – þegar frábært starfslið sigraðist á tækniörðugleikum og skóp þekkingu sem nú er útflutningsvara og gæti orðið auðsuppspretta fyrir gróðapunga sem engan þátt áttu í þeirri sköpun.

Þriðja stóra skrefið til að koma hitaveitunni úr okkar höndum er svo þetta Magma-ævintýri sem verður ekki fjölyrt um hér. Það skref er rökrétt en þó óþarft framhald af hinum tveimur.

**Í okkar hendur?**

Veituhluti Hitaveitu Suðurnesja (HS Veitur) er enn að mestu í eigu sveitarfélaganna á hlutafélagsformi. Orkuhlutinn er það sem snýr að nýtingu auðlindanna og mikilvægt að almenningur eigi og ráðstafi áfram. Að vísu eru auðlindirnar sjálfar ekki seldar heldur leigðar til 130 ára. Hingað til hefur fólki ekki þótt það breyta miklu hvort hlutir eru seldir eða leigðir til 99 ára, hvað þá 130 ára. Svo má geta þess að HS-Orka á ennþá jarðhitalönd á Reykjanesskaga þó það sér víst bannað með lögum.

Sagt er að í samningnum við Magma sé tryggt að þessi fjarlægi eigandi geti ekki spennt upp orkuverðið en e.t.v. hafa þeir strax fundið smugu með því að setja upp rennslismæla hjá notendum og fara að rukka á nýjan hátt (sjá grein Mörtu Eiríksdóttur um það mál í Víkurfréttum nýlega.)

Nú er að sjá hvort stjórnvöldum takist að spyrna við fótum og tryggja áfram umráð okkar yfir auðlindum okkar.

# Ekki gera mér upp skoðanir

Evrópumál

Erlendur Magnússon
stjórnarmaður í Heimssýn



Þorsteinn Pálsson, fyrrum ritstjóri, sendiherra og forsætisráðherra, með meiru, ritar reglulega pistla í helgarblað Fréttablaðsins undir heitinu Af Kögunarhóli. Pistlar þessir eru oftar en ekki áhugaverð lesning, hvort sem menn eru sammála eða ósammála Þorsteini í skoðunum, því Þorsteinn er bæði reyndur og fjölvís maður, auk þess að hann á auðvelt með að tjá skoðanir sínar í riti á einfaldan og skýrarn máta. Síðustu tvo laugardaga hefur Þorsteini hins vegar fipast flugið, en í pistlum sínum hefur hann tekið upp á að gera hópi manna upp skoðanir og leggja síðan út frá þeim.

Laugardaginn 17. júlí sagði Þorsteinn í umfjöllun um kaup Magma Energy á HS Orku: „Heimssýnarvængur Sjálfstæðisflokksins hefur tekið einarða afstöðu með vinstri armi VG.“ Vildi hann með þessu meina að þeir Sjálfstæðismenn sem taka þátt í starfi Heimssýnar væru mótfallnir fjárfestingum erlendra fyrirtækja í orkuframleiðslu hér á landi. Laugardaginn 24. júlí heldur Þorsteinn því síðan fram að talsmenn Heimssýnar keppist við að sannfæra almenning um að sjávarútvegur og landbúnaður geti lagt til þann hagvöxt sem þörf er á til að fjölga störfum um tuttugu þúsund og bæta lífskjörin.

Þó svo að ég sé virkur í starfi Sjálfstæðisflokksins, auk þess að eiga sæti í stjórn Heimssýnar, þá kannast ég ekki við að það sé einhver Heimssýnarvængur innan Sjálfstæðisflokksins; ekki veit ég hverjir aðrir ættu að vera í honum ef ekki þau okkar sem eru bæði í stjórn Heimssýnar og flokksbundin og virk í starfi Sjálfstæðisflokksins. Það má vel vera að þau viðhorf sem Þorsteinn lýsir eigi við um einhverja Sjálfstæðismenn sem starfa innan Heimssýnar, en því fer fjarri að svo eigi við um alla í þeim hópi.

Heimsýn eru þverpólitísk samtök fólks sem telur hagsmunum Íslands best borgið með því að vera sjálfstæð þjóð utan Evrópusambandsins. Í samtökunum starfar fólk úr öllum stjórnmálaflokkum. Þó svo að félagsmenn séu sammála í þessu stóra máli, þá má öllum vera ljóst að þar sem samtökin eru þverpólitísk hafa þau ekki öðru pólitísku hlutverki að gegna.

Ég get með ánægju upplýst Þorstein um skoðanir mínar á fyrrgreindum málefnum:

**Fjárfestingar erlendra aðila í orkuframleiðslu**

■ Það er mikilvægt að nýta orkulindir landsins til þess að efla hag landsmanna – ónýttar orkulindir skapa engin verðmæt störf, skila engum virðisauka, gagnast engum. Uppbygging íslensks orkuiðnaðar mun efla aðra atvinnustarfsemi í landinu.

■ Það er skynsamlegt fyrir Íslendinga að dreifa fjárfestingum sínum á margar ólíkar atvinnugreinar, í ólíkum löndum og með mismikilli arðsemiskröfu og áhættustigi. Það hefur aldrei þótt viturt að vera með öll egg í einni körfu. Íslendingar hafa nú þegar bundið mikið fjármagn í innlendum orkufyrirtækjum og því æskilegt að fá aðra að þessum fjárfestingum. Það fjármagn sem landsmenn eiga getur þá nýst til annarrar atvinnuuppbyggingar og áhættudreifingar.

■ Það er mun æskilegra að útlendir fjárfestar eigi hlutafé í íslenskum orkufyrirtækjum, fremur en að orkufyrirtækin séu ofurskuldsett á ábyrgð skattborgaranna, en þannig er fjármögnun tveggja stærstu orkufyrirtækja landsmanna háttað (ríkisábyrgð og ábyrgð Reykjavíkurborgar).

■ Í stað þess að takmarka heimildir útlendinga til fjárfestinga í orkuframleiðslu við aðila innan EES væri mun eðlilegra að fella slík höft úr gildi og heimila hverjum sem er, óháð þjóðerni, að fjárfesta í orkuframleiðslu hérlendis, að því gefnu að viðkomandi fari að lögum og reglum, greiði eðlilegt gjald fyrir afnot af auðlindum og skatta af hagnaði sem myndast hérlendis.

**Framtíðar hagvöxtur**

■ Án þess að gera lítið úr mikilvægi sjávarútvegs og landbúnaðar, þá er fjarri lagi að þessar atvinnugreinar geti einar lagt til þann hagvöxt sem þörf er á til að bæta lífskjör landsmanna. Það má án efa halda áfram hagræðingu í þessum greinum, þó svo að núverandi ríkisstjórn virðist gera allt sem hún getur til að draga úr arðsemi sjávarútvegs og þar með hagvexti, en það eru náttúruleg takmörk fyrir því hverju þessar atvinnugreinar geta skilað okkur í bættum efnahag.

■ Við þurfum að nýta styrkleika okkar til uppbyggingar annarra framleiðslu- og þjónustugeira:

■ Hlutfallslega hátt hlutfall af ungu vel menntuðu fólki, sem hefur sótt menntun til fjölda ólíkra landa;

■ Sveigjanlegur vinnumarkaður;

■ Náttúruauðlindir, þ.m.t. orkuauðlindir.

■ Við þurfum að bæta úr því sem heldur aftur af okkur í dag:

■ Búa fyrirtækjum stöðugt lagalegt og skattalegt umhverfi, með eins fáum og gagnsæjum reglum og unnt er að komast af með – lágir skattar á fyrirtæki og einfalt gagnsætt regluverk eflir fjárfestingar;

■ Draga úr pólitískri og réttarfarsóvissu – fjárfestar vilja ekki binda fé í landi þar sem jafn mikil pólitísk og réttarfarsóvissa er til staðar eins og uppþotið vegna Magma Energy ber vott um;

■ Efla traust innan samfélagsins – fátt hefur eins jákvæð áhrif á hagvöxt og almennt traust manna á milli;

■ Efla viðskipti við önnur lönd, ekki aðeins Evrópu, heldur einnig við hin 95% mannkyns sem búa utan ESB og njóta almennt mun meiri hagvaxtar en ESB svæðið;

■ Afnema gjaldeyrishöftin – jafnvel þó svo að slíkt geti kostað einhvern sársauka til að byrja með þá er það ekkert á við þá efnahagsförn sem allir landsmenn munu annars þurfa að færa vegna haftanna.

Að ofan er skoðun Heimssýnarmanns í Sjálfstæðisflokknum til þeirra mála sem Þorsteinn Pálsson hefur skoðað af Kögunarhóli síðustu tvær helgar. Ég geri fastlega ráð fyrir að margir félagar mínir í Heimssýn séu mér ekki sammála í þessum málum og það kann að vera að einhverjir félagar mínir í Sjálfstæðisflokknum, innan eða utan Heimssýnar, séu mér einnig ósammála.

Það hefur almennt verið talinn aumur málflutningur að gera fólki upp skoðanir til þess að vega aðrar skoðanir upp. Ég virði afstöðu Þorsteins Pálssonar til mögulegrar aðildar Íslands að ESB og ég ætlast til hins sama af honum í minn garð. Vil ég því hér með óska eftir því að Þorsteinn hætti að gera mér og fleirum upp skoðanir í sínum annars ágætu pistlum.

# LÁN TIL GÓÐRA VERKA



- Engin lántökugjöld
- 5,75% óverðtryggðir vextir
  (Vaxtakjör sambærilegra skuldabréfalána eru í dag frá 9,25%)*
- Lánstími allt að fimm ár
- Umsóknarfrestur er til 30. september 2010

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## Hagstæð framkvæmdalán

Íslandsbanki býður nú viðskiptavinum sínum hagstætt framkvæmdalán til endurbóta eða framkvæmda á fasteignum, lóðum og sumarhúsum. Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum til átaksins **Allir vinna** og eiga þátt í að koma hjólum atvinnulífsins af stað.

Lánin eru veitt til einstaklinga með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Hámarksfjárhæð hvers láns er 1,5 milljón króna gegn veði en veitt eru lán án veðs allt að 750.000 kr. að undangengnu mati á greiðslugetu.

Afgreiðsla framkvæmdaláns er gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdum til 30. september 2010.

Allar nánari upplýsingar fást í útibúum Íslandsbanka eða á www.islandsbanki.is

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1. júlí 2010. Vextir taka mið af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána en veittur er fastur 2% vaxtafrádráttur frá þeim.

**Allir vinna** er hvatningarátak stjórnvalda og aðila úr atvinnulífinu sem miðar að því að hvetja einstaklinga til að leggja sitt af mörkum til sköpunar atvinnu á Íslandi.

Þeir sem ráðast í framkvæmdir á heimilinu eða í sumarhúsinu eiga rétt á **100% endurgreiðslu** á virðisaukaskatti af vinnulaunum og skattafrádrætti sem getur numið allt að 300.000 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á **allirvinna.is**.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1230

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Tilgangsleysi FME og SÍ

Efnahagsmál

Guðmundur Andri Skúlason

talsmaður Samtaka lánþega



Þær eru skoplegar ásakanir FME og Seðlabanka Íslands, um að Samtök lánþega hafi stuðlað að verulegu hættuástandi á fjármálamarkaði með hagsmunagæslu sinni. Sérstaklega þegar litið er til þáttar FME og SÍ í hruninu.

Í svari FME til umboðsmanns Alþingis er bent á að FME starfi eftir lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Það er vel að stjórnendur FME átta sig á því hvert hlutverk þess er, en þeir virðast samt ekki skilja það hlutverk. Hvergi í lögum segir að FME sé hagsmunagæsluaðili fyrir fjármálakerfið, heldur er skýrt á um það kveðið að hlutverk FME sé að gæta hagsmuna almennings gagnvart fjármálakerfinu.

Á það meðal annars við um viðbrögð við skýrum lögbrotum, óeðlilegum innheimtuaðferðum sem og að sjá til þess að eftirlitsskyldir aðilar hafi starfsleyfi í samræmi við starfsemi.

Ekkert af þessu hefur hingað til verið skrifað í starfslýsingu starfsmanna FME og ekkert hefur á því borið að starfsmenn FME ætli sér að bæta þar úr.

Störf FME og SÍ bera með sér að hagur fjármálafyrirtækja sé öllum öðrum hag hærri og því beri að miða allar tilskipanir og breytingar að því að gera þeim aðilum sem hæst undir höfði á kostnað almennings. Og hér erum við komin að kjarna þess vandamáls sem lýðveldið Ísland á við að glíma í dag.

Rangir aðilar eru í vinnu fyrir rangan hóp.

Grundvöllur þjóðfélagsins erum við, fólkið í landinu. Án fólks eru engin fyrirtæki og án okkar er því ekki um neitt fjármálakerfi að ræða.

Fjármálakerfið er sett fram til að þjónusta almenning og því misskilningur að börn séu getin til þess eins að þjóna starfsævina á enda svo viðhalda megi stöðugleika í ónýtu fjármálakerfi.

Fólk hefur í raun ekkert við fjármálakerfi að gera, enda hvorki virðisauki né framleiðsla í fjármálakerfinu.

Það er því okkar sem hér stöndum og nú lifum, að taka höggið og rykkja ónýtum plástrinum af með snöggri sveiflu, og vernda með því eigin hag, barna okkar og afkomenda þeirra um ófyrirséða framtíð.

Ef við gerum ekki neitt til að takast á við þetta meingallaða kerfi, erum við að hneppa komandi kynslóðir í skuldaþrældóm um ókomna tíð.

Samtök lánþega settu fram yfirlýsingu hvar lánþegar gengistryggðra skuldbindinga voru hvattir til að greiða ekki af þeim fyrr en höfuðstóll þeirra og afborgunarþáttur yrðu leiðréttir til samræmis við skýra niðurstöðu Hæstaréttar.

Var þessi yfirlýsing sett fram til að vernda hagsmuni almennings og standa Samtökin við þessi tilmæli og hvetja til þess að eftir þeim verði farið hér eftir sem hingað til. Má benda á að þeir viðskiptavina AVANT sem fór eftir þessum tilmælum eru nú mun betur settur en þeir sem það gerðu ekki, enda ljóst að AVANT er farið á hliðina með tilheyrandi tjóni fyrir þá lánþega sem ofgreitt hafa til þess fyrirtækis.

Engin tilmæli hafa borist, hvorki frá FME né SÍ í þá átt að vernda hagsmuni almennings komi til þess að önnur fjármálafyrirtæki fari á hliðina og ekkert sem bendir til að slík tilmæli séu á leiðinni.

Til að stuðla að þjóðhagslegum stöðugleika og styrkja almenna hagsæld þá ítreka Samtök lánþega þessi tilmæli sín.

Er því rétt að benda á að Hæstiréttur hefur fellt sinn dóm og ef fjármálafyrirtækin telja sig eiga betri rétt en þar er fram settur, þá er það þeirra að sækja málin fyrir dómi. Lánþegar hafa skýra niðurstöðu Hæstaréttar að líta til og það munu lánþegar gera.

# Mannauður er víða

Samfélagsmál

Bergþór G. Böðvarsson

fulltrúi notenda geðsviðs LSH



Eftir hrun bankanna hefur mikið verið rætt um starfsemi Landspítalans og annarra stofnana ríkisins til að huga að sparnaði þeirra. Oftar en ekki er talað um að helsti styrkur þessara fyrirtækja sé mikill mannauður, þ.e.a.s. duglegt og vel menntað starfsfólk. Vissulega er mannauður þessara stofnana mikill; að mínu viti er hann jafnvel mun meiri en talað er um.

Ég heyrði talað um starfsemina á geðsviði Landspítalans um daginn og þá var sagt að það væri vel mannað og að útskriftarnemar margra heilbrigðisstétta myndu hefja störf bráðlega. Það er frábært að vita til þessa en þar sem ég sat þarna og hlustaði þá hugsaði ég með mér: „Hvað um alla sjúklingana, er ekki mikinn mannauð þar að finna?" Jú segi ég, því ég vil meina að allar manneskjur búi yfir auði og eins og allir vita þá eru sjúklingar manneskjur. Þó svo að þeir séu ekki starfsmenn spítalans þá er þeirra styrkur mikilvægur í allri meðferð og bataferli.

um þá sem eru ekki veikir, nærvera þeirra skiptir okkur líka máli.

Þetta álit á þeim sem minna mega sín kemur vel fram í umræðunni um fjölgun þeirra er þurfa á mataraðstoð að halda. Það er mikið talað um sumarfrí hjálparstofnana og það gagnrýnt að fólk geti ekki leitað neitt annað eftir mataraðstoð á meðan. Ég er hjartanlega sammála því að það er slæmt að þessar tvær hjálparstofnanir sem hér um ræðir skuli ekki opna aftur fyrr en um miðjan ágúst.

En það er hins vegar engin nýlunda að hjálparstofnanir fari í frí á sumrin. Samt hefur ekki verið nein umræða um það fyrr en í ár. Þetta finnst mér svolítið skrýtið og ég velti því fyrir mér hvort það sé vegna þess að það sé kominn nýr hópur fólks sem þurfi aðstoð, þ.e.a.s. einstaklingar í svokallaðri millistétt en ekki bara öryrkjar eins og síðustu ár.

Aðuvitað eru miklu fleiri núna en öryrkjar sem eru fjárhagslega illa staddir í dag svo umræðan er eðlileg enda er ég ekki að segja að hún eigi ekki rétt á sér. En við megum ekki gleyma þeim sem hafa lent í sumarlokunum áður. Okkur á ekki að finnast það sjálfsagt mál að fólk eigi að taka sér sumarfrí frá erfiðleikum sínum. Fjölskyldur þeirra þurfa líka sum-

> Þeir sem veikir eru gefa þeim sem annast eða vinna í þeirra meðferðarmálum mikilvægt hlutverk og nærvera þeirra skiptir miklu máli.

Mikilvægt er að þeir sem starfa í heilbrigðisgeiranum líti ekki bara á sjúkdóm manneskjunnar, því sjúkdómurinn er yfirleitt ekki nema lítið brot af lífi hennar. Það er því eðlilegt að hugsa sér að það búi mikill mannauður og styrkur þar á meðal sem vert er að huga að og nýta til framdráttar.

Menntun er sannarlega mikilvæg, en það má ekki gleyma því að margir sjúklingar eru vel menntaðir. Svo eru aðrir sem vegna veikinda sinna, eða stöðu í lífinu, geta ekki stundað nám. Það má ekki horfa fram hjá því að það þarf styrk til að takast á við erfið veikindi og það að ganga í gegnum þau er mikill lærdómur sem ekki fæst úr námsbókum.

Margir sjúklingar eða veikir einstaklingar hafa líka mikla hæfileika og standa oft öðrum framar á vissum sviðum og margir ná miklum bata, árangri og gengur vel. Þeir sem veikir eru gefa þeim sem annast eða vinna í þeirra meðferðarmálum mikilvægt hlutverk og nærvera þeirra skiptir miklu máli. Þetta á líka við

arfrí og því ekki rétt að það sé þagað um það eins og undanfarin ár. Með þögninni erum við að gefa í skyn að mannauður þessa fólks sé ekki mikill og að okkur sé í raun og veru alveg sama.

En okkur er ekkert sama er það?

Lífið hefur kennt okkur að ólíklegasta fólk getur lent í erfiðleikum og ólíklegasta fólk getur orðið öryrkjar og þurft á aðstoð að halda.

Ólíklegustu sjúklingar og heilbrigðir einstaklingar búa yfir miklum hæfileikum og við vitum aldrei hvert okkar mun þurfa á sameiginlegum sjóðum að halda.

En hvorki ég, þú né nokkur er verri eða betri manneskja en annar og það býr styrkur í okkur öllum. Ef Landspítalinn og aðrar stofnanir ríkisins ætla að ná að styrkja starfsemi sína og bæta þjónustuna þá verða þær að nýta mannauðinn sem þar er. Það er okkar allra að breyta umræðunni.

Látum ekki veikindi villa okkur sýn, það leynist mannauður víða.

# Er ESB skrifræðisbákn?

Evrópusambandið

Gunnar Hólmsteinn Ársælsson

M.A. í stjórnmálafræði og stjórnarmaður í Evrópusamtökunum



Þegar rætt er um ESB hafa andstæðingar þess mjög gaman af því að halda uppi allskyns goðsögnum um sambandið og starfsemi þess.

Ein slík er að ESB sé stórkostlegt skrifræðisbákn og pappírsskrímsli. En lítum á nokkrar staðreyndir: Aðildarríki ESB eru 27 að tölu og telur sambandið um 500 milljónir manna. Hjá því starfa um 50.000 manns, sem er um það bil 0,0001% af íbúafjölda álfunnar.

Á vefsíðu Evrópusamtakanna er einmitt fjallað um þetta og þar segir eftirfarandi:

„Er ESB ekki bara skrifræðisbákn? Starfsfólk ESB er um 50.000 manns, íbúar ESB eru um 500 milljónir. Yfirfært á Ísland myndi þetta þýða um 30 manna starfslið, eða álíka og þeir sem vinna hjá embætti sýslumannsins í Hafnarfirði."

En hvernig lítur þetta út í öðrum löndum? Tökum dæmi til samanburðar frá Bandaríkjunum, en margir helstu Nei-sinnar eru mjög hallir undir aukin samskipti einmitt í þá áttina. Nægir þar að nefna t.d. menn á borð við Björn Bjarnason, fyrrum dómsmálaráðherra og Styrmi Gunnarsson, fyrrum ritstjóra Morgunblaðsins.

Þeir eru s.k. hægri-menn, en það er einmitt eitt einkenni bandarískra hægri-manna, sem tilheyra Repúblíkanaflokknum, að berjast gegn því sem þeir kalla „big government", Köllum það „stóra stjórnsýslu" á íslensku. Þeir vilja því minnka ítök og umsvif ríkisins, minnka „stjórnvöldin" og stuðla að „small government" eða lítilli stjórnsýslu.

En hvernig hefur þróunin verið í USA, sem við erum svo gjörn á að bera okkur saman við? Áður en það er gert ber að taka það fram að ESB er yfirþjóðleg stofnun, rekin og fjármögnuð af aðildarríkjunum, en Bandaríkin sjálfstætt ríki, sem rekur alríkistjórnina (Federal Government). Þrátt fyrir þetta ætti að vera hægt að gera sér grein fyrir hlutföllum.

Í blaðagrein í Washington Post frá því 2006 er greint frá því að á valdatíma George Bush (yngri) hafi kerfið þanist út, þ.e.a.s. alríkisstjórnin. Ein ástæða þess er það sem kallað er „stríðið gegn hryðjuverkum", sem Bandaríkin (og NATO) heyja um víðan völl, sérstaklega í Írak og Afganistan.

Árið 2006 voru 14,2 milljónir starfandi fyrir alríkisstjórnina, þar með talið starfsmenn í póstdreifingu og hernum. Þetta er um tveimur milljónum meira en árið 2020. Íbúafjöldi USA er tæpar 310 milljónir. En ESB er t.d. ekki með her, þannig að strax er hægt að draga frá um 1,5 milljónir manna (annar stærsti her í heimi, á eftir Kína), til að gera samanburðinn raunhæfari.

Sé því bara tekið það sem kallað er „civil servants" sem eru þeir sem vinna við hina eiginlegu stjórnsýslu, er um að ræða töluna 1,9 milljón (1900 þúsund) starfsmenn árið 2006. Þarna hefur orðið fækkun um 300.000 frá 1990, þegar Kalda stríðið var enn í gangi.

Af þessu má því draga þá ályktun að ESB sé mjög lítið bákn, miðað við það bandaríska. Það má því eiginlega segja að ESB sé með það sem bandarískir hægri-menn kalla „small government" smáastjórnsýslu!

Allt tal um ESB sem ógurlegt skrifræðisbákn er því byggt á einhverju öðru en staðreyndum.

# Vaknað af Þyrnirósarsvefni

Magmamálið

Guðbrandur Einarsson

fyrrverandi bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ



Það hefur verið merkilegt að fylgjast með þeirri umræðu sem átt hefur sér stað vegna kaupa Magma Energy á hlut Geysis Green Energy í HS Orku þar sem einstaka þingmenn VG hafa gengið svo langt að tengja stuðning sinn við ríkstjórnina við lyktir þess.

**Ríkið seldi árið 2007**

Eitt af síðustu verkum Árna Mathiesen var að ákveða sölu á 15% hlut í HS fyrir hönd ríkisstjórnar og að opinberum aðilum yrði meinað að kaupa. Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Reykjanesbæjar fögnuðu þessu og létu bóka í júlí 2007 að: „Samkomulagið tryggir jafnframt fyrstu skref í einkavæðingu orkufyrirtækja á Íslandi þar sem kraftar einkaframtaksins verða virkjaðir á sviði orkuframleiðslu og sölu, með tilkomu GGE, sem hluthafa í HS."

A-listinn, minnihlutinn í bæjarstjórn, lagðist strax gegn þessu og lét bóka að: „Suðurnesjamenn verða notaðir sem tilraunadýr við einkavæðingu orkufyrirtækja, án þess að þeir hafi verið um það spurðir eða að gerð hafi verið tilraun til að ræða um með hvaða hætti þessi einkavæðing eigi að fara fram. Bæjarstjórnir sveitarfélaganna hér á Suðurnesjum hafa algjörlega brugðist í þessu máli og hafa tekið skammtímasjónarmið fram yfir framtíðarhagsmuni íbúanna."

Ég minnist þess ekki að hafa fengið mikinn liðsauka frá þeim sem nú láta hátt til þess að reyna að koma í veg fyrir þetta.

**Hitaveita Suðurnesja skiptimynt í REI-málinu**

Þegar að steypa átti HS inn í REI sagði ég í viðtali við Víkurfréttir 3. október 2007 að „fréttir dagsins færa okkur sönnur á að Reykjanesbær með Árna Sigfússon bæjarstjóra í broddi fylkingar var eingöngu leiksoppur fjármálajöfra í þeirri ætlan sinni að leggja undir sig HS." Við sama tilefni sagði bæjarstjórinn að: „Við munum á næstunni kynna í Reykjanesbæ þau verkefni sem við erum að semja um við hið nýstofnaða og sameinaða fyrirtæki og það verða mjög jákvæð tíðindi," Höfðu menn áhyggjur af þessu? Ég man ekki eftir því.

**Orkulög mistök?**

Núgildandi orkulög eru að minni hyggju ófullnægjandi og duga hvorki til þess að hafa áhrif á eignarhald orkufyrirtækja né heldur til þess að stjórna lengd þeirra um nýtingarrétt. Hafa þeir sem nú láta hátt séð ástæðu til þess að breyta þessu?

**HS orka seld einkaaðilum 2009**

Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Reykjanesbær ákváðu í júlí 2009 að selja HS Orku til GGE og mætti það harðri andstöðu minnihluta bæjarstjórnar. Bókaði hann m.a um nýtingarrétt náttúruauðlinda, kúluslánið, um trúverðugleika GGE sem kaupanda og fl. og fl. Vegna ákvæða um forkaupsrétt var hægt að koma í veg fyrir að GGE eignaðist þennan hlut. Fyrir því reyndist ekki vilji, þrátt fyrir fulla vitneskju þeirra sem nú hafa hátt.

Í ágúst 2009 var boðað til samstöðufundar í Grindavík vegna þess að fyrirséð var að GGE var ekki hugað líf og möguleiki að skapast fyrir ríkið að leysa til sín hlutinn í gegnum skilanefndirnar. Á fundi með fjármálaráðherra sem haldinn var í framhaldinu var gefið vilyrði um að skoða leiðir til þess að koma í veg fyrir að Magma Energy eignaðist þennan hlut. Ráðherra tók það hins vegar fram á þessum fundi að ríkið hefði ekki burði til þess að leysa þetta til sín vegna veikrar stöðu ríkissjóðs.

**Vaknað of seint**

Það fór svo að Magma keypti hlutinn. Ýmsir gátu komið í veg fyrir það en gerðu það ekki. Þetta mál er ekki nýtt heldur hófst það árið 2006 þegar ríkisstjórn Íslands og meðreiðarsveinar hennar ákváðu einkavæðingu orkufyrirtækja með sölu á HS. Ég velti því fyrir mér af hverju þeir sem nú láta hátt komu ekki að málinu fyrr. Þá höfðu menn tíma til þess að leggja ríkisstjórn Íslands að veði til þess að koma í veg fyrir orðinn hlut. Hlut sem þeir sjálfir hafa haft möguleika á að stöðva um lengri tíð. Það er auðvitað gott að menn vakni en verra þegar menn vakna allt of seint.

# SAMHERJI ÓSKAR DALVÍKINGUM

## TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!




## Í FREMSTU RÖÐ!

**Fiskidagurinn mikli og starfsemi Samherja á Dalvík fagna 10 ára afmæli sínu í ár. Bæði eru í fremstu röð á sínu sviði í heiminum og eiga glæsta sögu að baki.**



**Samherji er stoltur af því að vera aðalstyrktaraðili Fiskidagsins mikla á Dalvík frá upphafi. Við bjóðum landsmenn hjartanlega velkomna á þessa glæsilegu fjölskylduhátíð.**

ICE FRESH SEAFOOD

**SAMHERJI HF**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Jónína Jónsdóttir**

frá Gemlufalli, áður til heimilis Safamýri 51, Reykjavík,

lést þann 2. ágúst. Útför verður gerð frá Háteigskirkju mánudaginn 16. ágúst kl. 13.00. Þökkum starfsfólki deildar 1 B á Eir fyrir góða umönnun undanfarin ár.

**Sigríður Pétursdóttir** **Jan Overmeer**
**Jón Ágúst Pétursson** **Hólmfríður Helga Þórsdóttir**
**Ólafur Pétursson** **Anna M.Þ. Ólafsdóttir**
**Kristín Pétursdóttir** **Þröstur Harðarson**
**og barnabörn.**



†

*Eiginmaður minn,*

**Einar Einarsson**

*vélstjóri, Stuðlaseli 31, 109 Reykjavík,*

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fimmtudaginn 29. júlí. Útförin fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 9. ágúst kl. 15.

**Margrét Sigurðardóttir**



†

*Ástkær móðir mín og amma okkar,*

**Sigríður Tómasdóttir (Góa)**

Grænuhlíð 26, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 28. júlí. Útförin fer fram frá Háteigskirkju 6. ágúst kl. 13.

**Eva Sóley Sigurðardóttir**
**Gígja Sigríður Guðjónsdóttir**
**Karítas Sveina Guðjónsdóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Sigtryggsdóttir**

Árskógum 6, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu föstudaginn 30. júlí verður jarðsungin frá Dómkirkjunni mánudaginn 9. ágúst kl. 15.

**Lína Þórðardóttir Jonsson**
**Sigurður Jónsson** **Jófríður Halldórsdóttir**
**Áslaug Jónsdóttir** **Róbert Melax**
**Ágústa Jónsdóttir** **Helgi Baldvinsson**
**Steingrímur Jónsson** **Ásta Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, fóstri, afi og langafi,*

**Valgarður Lyngdal Jónsson,**

fyrrv. bóndi Eystra-Miðfelli,

lést á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, sunnudaginn 1. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 6. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Guðný Ingibjörg Þorvaldsdóttir**
**Þorvaldur Valgarðsson** **Valgerður Gísladóttir**
**Jón Valgarðsson** **Heiðrún Sveinbjörnsdóttir**
**Jónína Erla Valgarðsdóttir**
**Elín Valgarðsdóttir** **Bjarni Steinarsson**
**Valdís Inga Valgarðsdóttir** **Sæmundur Víglundsson**
**Jóhanna Guðrún Valgarðsdóttir** **Bragi Guðmundsson**
**Kristmundur Valgarðsson**
**Böðvar Þorvaldsson** **Þórunn Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**RÓSA INGÓLFSDÓTTIR ER 63 ÁRA.**

*„Þær [þulurnar] hafa verið vinir okkar í gegnum tíðina og bjargað ófáum mannslífum einmana fólks úti í bæ.“*

***Leikkonan Rósa Ingólfsdóttir hefur farið með hlutverk í myndum á borð við Skilaboð til Söndru og Veggfóður – erótísk ástarsaga. Hún er jafnframt ein þekktasta og eftirminnilegasta þula sem hefur starfað á RÚV. Ævisaga Rósu, Rósumál, kom út 1992.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. ÁGÚST 1985

## *Árásar á Hiroshima minnst*



Kertum var fleytt á Reykjavíkurtjörn á þessum degi árið 1985 til að minnast þess að fjörutíu ár voru þá liðin síðan kjarnorkusprengju var varpað á borgina Hiroshima.

Harry S. Truman, þáverandi Bandaríkjaforseti, fyrirskipaði kjarnorkuárásirnar á japönsku borgirnar Hiroshima og Nagasaki til að binda enda á seinni heimsstyrjöldina árið 1945. Þjóðverjar, og Sovétmenn, höfðu gefist upp fyrir bandamönnum snemma í maí það ár. Þegar komið var fram í ágúst geisaði enn stríð í Kyrrahafinu milli Bandaríkjanna og Japana og sá Truman þá ekki annað í stöðunni en að fyrirskipa að kjarnorkusprengjum væri varpað á Hiroshima þann 6. ágúst, og á Nagasaki 9. ágúst. Spreningarnar og geislun frá þeim felldu 210.000 manns fyrir árslok.

Heimild: wikipedia.org

HILMAR ODDSSON: RÁÐINN REKTOR KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS

# Loksins orðinn launþegi

„Ég tæki þetta ekki að mér nema mér litist vel á. Mér finnt mér sýndur mikill heiður og sómi að hafa verið boðið þetta starf og lít á það sem áskorun,“ segir kvikmyndaleikstjórinn Hilmar Oddsson, sem hefur verið ráðinn rektor Kvikmyndaskóla Íslands.

Hilmar leysir þar með af hólmi Böðvar Bjarka Pétursson, sem hefur haldið um stjórnartaumana í skólanum undanfarin ár, en Kristín Jóhannesdóttir og Ásdís Thoroddsen voru starfandi skólameistarar um tíma. „Þetta er gert í samræmi við niðurstöðu úttektar sem menntamála- og fjármálaráðuneytin létu gera á starfsemi skólans í samstarfi við eigendur hans, þar sem fram kom að skilja þyrfti á milli stjórnar skólans og eigendanna, eins og þeim var sjálfum orðið ljóst. Þannig að leit hófst að manni sem gæti tekið að sér starf rektors við skólann, hefði reynslu af kennslu í kvikmyndagerð og hefði starfað innan greinarinnar án þess að vera mjög umdeildur. Sá maður reyndist á endanum vera ég,“ útskýrir Hilmar og hlær.

Hilmar hefur þó áður komið að starfsemi Kvikmyndaskóla Íslands, þar sem hann hefur kennt einstaka námskeið með hléum síðastliðin fimmtán ár. „Ég hef bæði kennt þar og við Listaháskóla Íslands og finnst kennslan mjög skemmtileg, bæði er hún gefandi og svo heldur það manni á tánum að starfa með ungu fólki,“ segir hann og bætir brosandi við að staða rektors verði líklega fyrsta launþegastarfið sem hann taki að sér frá því hann lauk námi í leikstjórn árið 1985. „Stuttu eftir útskrift frumsýndi ég mína fyrstu kvikmynd, Eins og skepnan deyr, og hef verið verktaki að heita má allar götur síðan. Þannig að ég er loks orðinn launþegi á gamalsaldri.“

En ætlar hinn nýráðni rektor að leggja kvikmyndagerðina á hilluna? „Nei, aldrei. Þessar tvær klukkustundir sem maður hefur á sólarhring til að hugsa mun ég áfram nota til að vinna að ýmsum verkefnum og er nú með þrjár myndir á teikniborðinu. Ein er upp úr handriti Ólafs Gunnarssonar og kallast Vetrarferðin, önnur byggist á nýju handriti Páls Kristins Pálssonar, sem skrifaði handritið að Desember og um þá þriðju er ég ekki tilbúinn að ræða enn sem komið er. Þannig að ég mun reyna að finna leið til að settla málin milli leikstjórans og rektors, sem er það mest spennandi starf sem hefði verið hægt að bjóða mér utan sjálfrar kvikmyndagerðarinnar,“ segir hann.



**Í NÝJU STARFI** „Ég ætla að láta til mín taka en læra af hinum sem fyrir eru,“ segir Hilmar Oddsson, nýráðinn rektor við Kvikmyndaskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hilmar segir ýmsar fyrirhugaðar breytingar á starfsemi skólans sem hann vonast til að ná að fylgja eftir. „Skólaumhverfi er náttúrulega vettvangur sem er í stöðugri endurskoðun og kvikmyndaskólinn hefur tekið miklum framförum frá því að fyrsta námskeiðið var haldið 1992, tveggja mánaða kúrs er nú orðinn að tveggja ára metnaðarfullu námi. Það er ekkert launungarmál að við stefnum að því að bjóða upp á nám á háskólastigi, að breyta tveggja ára diplómanáminu í þriggja ára BA-nám í samstarfi við einn háskólanna og vonandi næst samstaða um slíkt samstarf. Í annan stað viljum við bæta alþjóðadeild við þær fimm deildir sem fyrir eru eins og tíðkast víða erlendis. Kennt yrði á ensku þannig að erlendir nemendur þyrftu ekki að setja kunnáttuleysi í íslensku fyrir sig.“

Að sögn Hilmars munu menn brátt sjá að nýr maður er í brúnni. „Ég ætla að láta til mín taka en læra af hinum sem fyrir eru, bæði Böðvari Bjarka sem verður mér innan handar fram að áramótum og öðru starfsfólki skólans, sem er allt fagfólk fram í fingurgóma. Svo mun ég leggja upp úr því að skapa gott samband við bransann, sem er mikilvægt þar sem skólinn er auðvitað hluti af íslenskri kvikmyndagerð og ég vil að tengslin aukist og skerpist báðum til hagsbóta.“

roald@frettabladid.is



†

*Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Rósfríður Eiðsdóttir**

Helgamagrastræti 2, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Kjarnalundi föstudaginn 30. júlí. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 11. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Helgi Ásgrímsson**
**Kristrún Þórhallsdóttir** **Þorvaldur Hallsson**
**Valgeir Sverrisson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðfinna Elentínusdóttir (Gógó)**

Kirkjubraut 19, Seltjarnarnesi,

lést föstudaginn 30. júlí á Landspítalanum v/ Hringbraut. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju mánudaginn 9. ágúst kl. 15.

**Lúðvík Jónsson**
**Hörður Lúðvíksson** **Þórkatla Aðalsteinsdóttir**
**Gunnar Lúðvíksson** **Gréta María Birgisdóttir**
**Erna Lúðvíksdóttir** **Erwin Glauser**
**Helga Lúðvíksdóttir** **Arnar H. Halldórsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



4BLS BÆKLINGUR
ÁGÚST TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
3D ER KOMIÐ
3D FARTÖLVUR, 3D SKJÁIR, 3D GLERAUGU OG 3D SKJÁKORT FYRIR PC TÖLVUR ER KOMIÐ Í VERSLANIR OKKAR!
4GB ÖRSMÁR OG NETTUR USB2 MINNISLYKILL 1.990
8GB ÖRSMÁR OG NETTUR USB2 MINNISLYKILL 4.990
16GB ÖRSMÁR OG NETTUR USB2 MINNISLYKILL 9.990
5. Ágúst 2010 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
HVERGI BETRA VERÐ
BenQ
24" 24" FULL HD 1080P BENQ LCD SKJÁR 39.900
NÝJASTA 3D TÆKNIN Í TÖLVUTEK
3D 23" 120Hz 3D SKJÁR MEÐ ÞRÁÐLAUSUM nVIDIA 3D VISION 3D GLERAUGUM 99.900
1TB SAMSUNG 7200RPM SATA2 DISKUR 32MB 12.900
2TB WD GREEN 5400RPM SATA2 DISKUR 64MB 26.900
1.5TB SAMSUNG 5400RPM SATA2 DISKUR 32MB 14.900
GLÆSILEGAR VERSLANIR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri



LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR

## 2010 TREND VÍRUSVÖRN

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- 20% hraðvirkari Trend 2010 leitarvél
- Öflugur eldveggur ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangstýring barna á netinu
- Má setja upp á 3 tölvur

**4.990**

MEST SELDA VÍRUSVÖRN Á ÍSLANDI



GLÆSILEG DX11 LEIKJATÖLVA

## GIGABYTE EXTRA TÖLVUTILBOÐ 4

- GIGABYTE EXTRA hljóðlátur turn
- Phenom II Dual Core 550 3.1GHz 7MB
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD5450 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**119.900**

HLAÐIN ALLRI NÝJUSTU TÆKNI



NÝ KYNSLÓÐ

HLAÐIN TÆKNINÝJUNGUM OG ENN GLÆSILEGRI Í BURSTUÐU ÁLHÚSI

## HDMI 1080i



2.0 INNBYGGT 5W HD HLJÓÐKERFI

20" SNERTI SKJÁR

packard bell

U7640

## OneTwo SKJÁR OG BORÐTÖLVA

Glæsileg Packard Bell borðtölva með 20" HD Plus 1600x900 LED snertiskjá, þráðlausu lyklaborði og þráðlausri mús.

- Intel Dual Core T4500 2.3GHz
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 7200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti Slot-in skrifari
- 20" HD Plus 16:9 1600x900 snertiskjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.900**

GLÆSILEG 20" BORÐTÖLVA



ÞRÁÐLAUST NET

EKKERT MÁL AÐ BÆTA VIÐ ÞRÁÐLAUSU NETI FYRIR KR. 4.990

## PLAYON FULL HD MEDIA PLAYER

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb.netkorti
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- USB, LAN, RCA, RGB, ljósleiðari ofl.
- HDMI tengi og HDMI 1.3 kapall fylgir

**29.900**

ÞESSI SPILAR ALLT!



## GIGABYTE UPPFÆRSLA 2

- AM3 Single Core 140 2.7GHz 45nm
- GIGABYTE 78LM móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz Mushkin minni
- 512MB ATI Radeon HD3000 skjást.
- 5.1 HD Home Theater hljóðstýring
- GB LAN, 6xUSB2, DVI, HDMI ofl.

**26.900**

PASSAR Í FLESTAR ELDRI TÖLVUR



FÁANLEG SVÖRT, RAUÐ EÐA HVÍT

## M7700 ÞRÁÐLAUS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**

BLUETOOTH ÚTGÁFA KR. 6.990



## MARGMIÐLUNAR SPILARI

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- Spilar beint af minniskortum
- Spilar beint af USB minnislyklum
- Spilar beint af USB flökkurum
- 720P upscaling fyrir meiri gæði

**9.990**

HÁGÆÐA ZOLITH SPILARI



## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg GameCom 367 lokuð leikjaheyrnartól frá Plantronics með einstökum hljómgæðum og innbyggðum innfellanlegum MIC. Þægileg og öflug heyrnartól.

**7.990**

MÖGNUÐ LEIKJAHEYRNARTÓL



## LOGITECH 2.1 KERFI

Glæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Logitech með 2 hátölurum og góðu bassaboxi

**6.990**

LOGITECH 2.1 HLJÓÐKERFI

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**HELENA CHRISTIANSEN** verður verndari göngunnar „The Worlds Greatest Catwalk“ sem fram fer á Strikinu í Kaupmannahöfn 14. ágúst. Þar munu 220 fyrirsætur ganga heila mílu niður bleikskreytta götuna en viðburðurinn er hluti af tískuviku í borginni.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

ÚTSALA
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Fyrir útivistarfólk



Compeed plásturinn
• Verndar fætur og hindrar blöðrumyndun
• Vatnsheldur - vörn gegn bakteríum
• Dregur úr óþægindum og sársauka
Fæst í apótekum

VERÐ-HRUN
MINNST 60% AFSLÁTTUR
hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is



Buxur Theódórs eru framleiddar í tíu til fimmtán eintökum og eru því einstakar að hans mati. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Leitaði sebrabuxna lengi

**Theódór Árnason gengur um götur Reykjavíkur og stórborga Evrópu á krómuðum Dior-skóm. Uppáhaldsbuxur hans eru frá París og gerðar í fáum eintökum en hann á talsvert mikið af fötum í fataskáp sínum.**

„Þetta eru buxur sem heita Hells bell og ég keypti úti í Frakklandi. Þær fara langt með að vera uppáhaldsbuxurnar mínar. Þær eru líka einstakar og ég held að þær séu bara framleiddar í tíu eða fimmtán eintökum,“ segir Theódór Árnason, yfirkokkur á Hótel Óðinsvéum, sem gengur um götur á krómuðum Dior-skóm. „Bolurinn er úr sömu búð og buxurnar og mér finnst hann virkilega töff.“

Theódór var kokkur úti í París og London um tíma og segist hafa verið duglegur að kaupa sér föt þar. „Úti í London hafði ég tíma á sunnudögum og mánudögum til að skreppa í Selfridges og missa mig í kaupum á Dior-skóm og Boss-jökkum.“ Í París bjó frænka hans. „Hún var í háskóla að læra hönnun þannig að hún og vinir hennar höfðu sínar skoðanir á tísku. Þær eru listamenn og hönnuðir.“

Þú virðist spá mikið í tísku, er það rétt? „Já, alveg helling. Maður kemur ekki til dyranna eins og maður er klæddur,“ segir Theódór glettinn en í fataskápum hans má meðal annars finna buxur með sebramynstri. „Það var gæi sem ég sá úti í París sem var í leðurjakka á hjólabretti og með dredda í níðþröngum sebrabuxum sem ég hélt fyrst að væru sokkabuxur.“ Theódór ákvað að leita að svipuðum buxum í rokkbúð sem heitir April 77. „Ég leitaði þvílíkt að þeirri búð en þegar þangað kom voru engar sebrabuxur til,“ útskýrir hann en buxurnar fann hann seinna á Íslandi.

*martaf@frettabladid.is*

SUMAR ÚTSALA
Svefn & heilsa ★★★★★
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900

**ZOE SALDANA**, sem sló í gegn í myndinni Avatar, er nýtt andlit nýjustu undirfatalínunnar frá Calvin Klein sem kallast „Underwear Envy“.























Haustlína Christian V. Siriano var sýnd á tískuvikunni í New York í febrúar.

# Hannar grimmt

**Christian Siriano heillaði dómara Project Runway upp úr skónum í fjórðu seríu þáttanna auk þess að vinna hug og hjörtu áhorfenda. Hann hefur verið iðinn við að koma nafni sínu á framfæri síðastliðin ár.**

Fjölmargir Íslendingar halda upp á þættina Project Runway þar sem upprennandi fatahönnuðir keppa sín á milli. Nýlega var áttundu þáttaröðinni hleypt af stokkunum í Bandaríkjunum en á Íslandi er nýlokið sýningu á fjórðu seríu. Þar sigraði hinn smágerði og fjörugi Christian Siriano sem hefur síðan vakið þó nokkra athygli fyrir hönnun sína.



Christian Siriano sigraði fjórðu þáttaröð Project Runway sem nýlega var sýnd á Stöð 2.

Siriano fæddist árið 1985 í Bandaríkjunum og var því árið 2008 yngsti sigurvegari keppninnar. Hann stundaði ballett sem drengur og hafði alltaf mikinn áhuga á búningum. Það leiddi til þess að hann valdi sér feril í tískuiðnaðinum. Hann stundaði nám við háskóla í London og fékk lærlingsstöðu hjá Vivienne Westwood og síðar Alexander McQueen. Síðan starfaði hann sem förðunarmeistari og hannaði brúðarkjóla áður en hann ákvað að taka þátt í Project Runway sem hann síðan vann með glæsibrag.

Síðan þá hefur hann hannað línu fyrir Puma og Bluefly. Einnig hefur hann sýnt eigin fatalínu undir nafninu Christian V. Siriano en sú var fyrst sýnd á tískuvikunni í New York í september 2008. Hann hefur einnig hannað, í samstarfi við aðra, meðgöngufatnað undir nafninu Fierce Mamas en Siriano er einmitt þekktur fyrir orðatiltækið „fierce“ eða grimmur.
Einnig hefur hann hannað útlit á LG Lotus síma og sett nafn sitt við förðunarvörur frá Victorias Secret. Í október á síðasta ári kom síðan út bókin „Fierce Style: How To Be Your Most Fabulous Self,“ og Siriano því rækilega búinn að koma sér á kortið í tískuheiminum.

*solveig@frettabladid.is*






ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Paradískir ávextir, tómatar með sólarvörn og eilífur æskublómi

Á hverju einasta ári þegar sumar nálgast fyllast frönsku „kvennablöðin“ af megrunarkúrum og ýmsum fegrunarleiðbeiningum sem eiga að gjörbreyta líkamanum fyrir sumarfríið á ströndinni. Einkennilegt en minna fer af sögum um árangur af kúrunum. Í sumar er þó nýtt umfjöllunarefni í tímaritunum heldur áhugaverðara, tengt ávöxtum og áhrifum þeirra almennt á líkamann.

Suðrænir, litríkir ávextir eru sem sælgæti fyrir okkur Íslendinga vana því norður á hjara veraldar að lítið vaxi. En litur ávaxtanna hefur tilgang, til dæmis þeir rauðu, bleiku eða gulrauðu. Litnum og jafnvel ilminum er nefnilega ætlað að draga að fugla og dýr sem borða ávextina og dreifa þannig fræjunum svo ný tré vaxi. Ávextirnir innihalda bæði náttúrulega sólarvörn og andoxunarefni þar sem þeir þurfa bæði að þola sól og veðrabreytingar svo þeir haldist ferskir fram að fullum þroska. Þessir eiginleikar geta nýst mannskepnunni. Auðvitað í daglegri fæðu okkar en nú reyna snyrtivöruframleiðendur að nýta þessa eiginleika ávaxtanna í ýmsar snyrtivörur eins og rakakrem fyrir andlitið, krem fyrir líkamann og alls kyns maska og svo einnig hársnyrtivörur. Þessir mismunandi eiginleikar ávaxtanna og reyndar grænmetis líka eiga með þessum snyrtivörum að hafa hin ýmsu jákvæðu áhrif á líkamann, svo sem á hrukkumyndum, sólarvörn og fleira.

Eplatré inniheldur ýmis andoxunarefni sem einnig er að finna í sjálfu eplinu. Það þarf því ekki að koma á óvart að eplavörur og krem eru ofarlega á blaði hjá þeim sem framleiða snyrtivörur úr ávöxtum og er t.d. notað af frönsku snyrtivöruframleiðendunum Yves Rocher og l´Occitane.

Oft hefur verið talað um að gulrætur séu góðar fyrir húðina og eigi að búa hana undir sólböð en nú segja fræðingar að tómatar séu miklu betri og allt að tíu sinnum öflugri en gulrætur. Nú er því hægt að taka inn tómatatöflur (Innéov) áður en farið er í frí en einnig hefur Garania nú tekist að varðveita viðkæma eiginleika tómatanna í kremi. Ólífuolía er einstaklega rík af ómegafitusýrum, 3, 6 og 9 sem bæta litaraft húðarinnar. Vínber vinna gegn ellimörkum og áfram mætti telja.

Auðvitað eru allar þessar vörur enn betri ef þær eru unnar úr lífrænt ræktuðum afurðum sem hafa vaxið í ómenguðum jarðvegi og það sama á sjálfsagt við þá ávexti sem við leggjum okkur til munns.

Ávaxtasnyrtivörurnar hafa þann kost að auki að nánast enginn fær af þeim ofnæmi sem er þó sífellt algengara með hefbundnar snyrtivörur. Hins vegar fer engum sögum af vísindalegum rannsóknum á ávaxtayngingarmeðulunum en það sakar kannski ekki að reyna.

*bergb75@free.fr*



Hudson í júní í fyrra.

## Hudson aðeins hálf

JENNIFER HUDSON HEFUR HRIST AF SÉR FJÖLDAMÖRG KÍLÓ Á SÍÐUSTU MÁNUÐUM.

Frægðin gerir það að verkum að stjörnur þurfa að standast kröfur um ytra útlit. Leik- og söngkonan Jennifer Hudson er þekkt fyrir sínar ávölu línur og íturvaxinn barm en hefur á síðustu mánuðum lagt mikið af eins og greint er frá í tímaritinu InStyle. Þar segir að Hudson hafi farið úr fatastærðinni 16 niður í 6.



Mikið hefur verið að gera hjá Hudson undanfarið. Hún hefur hlotið miklar vinsældir bæði fyrir leik og söng en auk þess er hún nýlega orðin móðir og hyggur nú á brúðkaup. Jennifer segist þó aldrei ætla að vera horuð auk þess sem unnusti hennar David reyni að freista hennar með kræsingum þar sem honum þyki barmurinn hafa minnkað fram úr hófi.














Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

FLOTTIR KLÚTAR
Mikið úrval af klútum og slæðum fyrir haustið.
Klútar með kögri verð kr. 2.500,-
Öll sólgleraugu verð kr. 1.500.-
Minnum á útsölulok - meiri afsláttur

SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66

3000 kr.
ENDURTÖKUM 3000 KR DAG VEGNA FJÖLDA ÁSKORANA


- Kjólar
- Gallakvartbuxur
- Gallabuxur
- Mussur
- Toppar
- Skyrtur
- Og margt fleira

50% afsláttur af öllum útsöluvörum
FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

512 54 01
Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...



Helga fær innblástur frá gamalli veiðistöð á Ströndum, Skreflum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


Helga finnur allan rekavið í fjörunni hjá Skreflum.

„Ég er eiginlega bara alltaf í fjörunni að tína efni.“

# Stóllinn er tákn um mig

**Gömul veiðistöð, Skreflur, norður á Ströndum hefur veitt skartgripahönnuðinum Helgu Mogensen mikinn innblástur. Úr fjörunni þaðan fær hún rekavið, plast og aðra smáhluti sem hún notar í hönnun sína.**

„Þetta er sýning um Skreflur sem var veiðistöð norður á Ströndum,“ segir Helga Mogensen skartgripahönnuður. Í Listmunahorni Árbæjarsafns stendur nú yfir sýningin Skreflur á skartgripum Helgu, hálsmenum, nælum og hringum. „Skreflur er staður sem ég fer til á sumrin með fjölskyldu minni. Staðurinn er tengdur ýmsum minningum. Þar er ekkert rafmagn eða heitt vatn. Og það eru svona tvö ár síðan það komst á GSM samband þarna. Þetta er algjör paradís.“

Helga segist fá efniviðinn í skartgripi sína úr fjörunni hjá Skreflum. „Ég fæ allan rekaviðinn, plast og annað smálegt þarna og innblástur líka.“ En ertu þá ekki mikið niðri í fjöru þegar þú ert á Skreflum? „Jú, ég er eiginlega bara alltaf í fjörunni að tína efni,“ upplýsir Helga sem hefur skemmt sér við það frá unga aldri. „Herbergið mitt var alltaf troðfullt af rekavið og alls konar netakúlum.“

Nánari upplýsingar um Helgu má finna á www.helgamogensen.com.


Stóllinn er tákn um Skreflur og hvað staðurinn gefur Helgu.

Staðurinn hefur persónulega þýðingu fyrir Helgu og því ákvað hún að tengja það við skartgripina. „Ég vildi nota efnivið sem tengist mér persónulega. Ef skartgripirnir eru persónulegir fyrir mig þá koma þeir skemmtilega út og fólk á eftir að tengjast hlutunum betur,“ segir Helga og heldur áfram: „Eins og litli stóllinn sem er innan í einum hringnum er tákn um staðinn og hvað hann gefur mér. Þetta er tákn um mig.“


„Ef skartgripirnir eru persónulegir fyrir mig koma þeir skemmtilega út.“

Helga útskrifaðst frá Edinburgh Collège of Art árið 2007 með fyrstu einkunn í skartgripahönnun. „Á síðasta árinu mínu var ég að vinna með rekavið og roð. Ég var að reyna að tengja það inn í útskriftina og sýninguna mína þar,“ segir Helga sem hefur verið iðin við sýningarhald frá útskrift en hún hefur tekið þátt í nokkrum sýningum hérlendis og erlendis síðan.

Sýningin Skreflur stendur yfir til 13. ágúst. Önnur sýning á verkum Helgu er í Hönnunarsafni Íslands og ber heitið Úr hafi til hönnunar. Hægt er að nálgast skartgripi hennar í verslunum Kraums. *martaf@frettabladid.is*


ICE LOGIC
NÝJA KÆLISKÁPALÍNAN FRÁ SNAIGE ER KOMIN
KÆLISKÁPAR MEÐ EÐA ÁN FRYSTIS, FRYSTISKÁPAR - ALLS 20 GERÐIR
25% KYNNINGARAFSLÁTTUR


| Gerð C-290 | Gerð F-245 | Gerð RF-27 | Gerð RF-32 | Gerð RF-36 |
|---|---|---|---|---|
| HxBxD=145x60x60 cm | HxBxD=145x60x60 cm | HxBxD=150x60x62 cm | HxBxD=176x60x62 cm | HxBxD=194,5x60x62 cm |
| 280 ltr. kælir | 205 ltr. frystir | 173 ltr. kælir | 233 ltr. kælir | 233 ltr. kælir |
| Hvítur | Hvítur | 54 ltr. frystir | 54 ltr. frystir | 88 ltr. frystir |
| kr. 64.900 | kr. 74.900 | Hvítur. Kr. 104.900 | Hvítur. Kr. 114.900 | Hvítur. Kr. 119.900 |
| | | Stál. Kr. 129.900 | Stál. Kr. 144.900 | Stál. Kr. 149.900 |

Sparneytinn svo af ber, orkuflokkur A+
Bakteríudrepandi húðun á innra byrði
Færanleg hurðaopnun, hægri eða vinstri
Lágvær, aðeins 40dB (A)
Glerhillur sem þola meira en 25 kg. þunga
Fullkomin varahluta- og viðgerðarþjónusta (eigið verkstæði).
Friform
www.friform.is
Opið: Mán. - föst. kl. 09-18
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

# bifhjól

FIMMTUDAGUR 5. ÁGÚST 2010








**NJÓTA VAXANDI VINSÆLDA**

RAGNAR INGI STEFÁNSSON, VERSLUNARSTJÓRI NÍTRÓ, SEGIR AUKNA EFTIRSPURN EFTIR LÉTTUM BIFHJÓLUM.

SÍÐA 4.

# Frá upphafi til rafmagnsvæðingar



**1894**
Hildebrand & Wolfmüller framleiða bifhjól sem svipar til vespu nútímans. Það er fyrsta fjöldaframleidda bifhjólið sem selt er almenningi.



**1902**
Auto-Fauteuil hefur framleiðslu á léttu bifhjóli.



**1919**
Kenilworth-hjólið er búið til í Englandi.



**1936**
Salsbury Motor Glide er pínulítið mótorhjól sem framleitt var í Kaliforníu.



**1946**
Hin eina og sanna Vespa frá ítalska fyrirtækinu Piaggio verður að veruleika.



**1946**
Japanir hefja að framleiða létt bifhjól á borð við Fuji Rabbit.



**1947**
Ítalska fyrirtækið Innocenti kynnir Lambretta.



**1996**
Peugeot setur á markað fyrstu rafmagnsvespuna.


**Mótorhjólafólk! GOTT VERÐ!**




TILBOÐSPAKKAR!

KOS leather

Laugavegi 39
Reykjavík
s. 551 9044
& 898 9944
ledur.is
ledur@ledur.is



Eirberg

Fjölþrepa bakbrettið
- Eykur sveigjanleika
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun
- Má nota hvar sem er



Verð: 7.950 kr.

Opið virka daga frá kl. 9 - 18
www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25




Einar Magnússon, upplýsingafulltrúi hjá Umferðarstofu, er öllum hnútum kunnungur um bifhjól og notkun þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Létt bifhjól fyrir byrjendur

Þeir sem hafa í hyggju að keyra létt bifhjól ættu að hafa ýmis atriði á hreinu. Einar Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, veit allt um málið. „Þeir sem ætla að öðlast réttindi til að keyra 50cc létt bifhjól, eins og sumar vespur eru, þurfa að vera orðnir fimmtán ára til að geta tekið skellinöðrupróf. Þá þarf að ljúka átta kennslustundum í verklegu námi, tólf í bóklegu og verklegu og skriflegu prófi en æfingaakstur er án leiðbeinanda."

Hann getur þess að reglur um bráðabirgðaskírteini eigi hér ekki við. „Endurnýjun tveimur árum eftir próf er því óþörf. Flestir taka síðan bílpróf orðnir 17 ára en hefðbundið bílpróf veitir sjálfkrafa réttindi til að keyra létt bifhjól."

Þá segir Einar öll bifhjól verða að uppfylla skilyrði sem eru sett fram í reglugerð um gerð og búnað ökutækja. „Upplýsingarnar eru á heimasíðu Umferðarstofu, us.is, undir flipa merktum „Lög og reglur" en þar undir er annar flipi merktur „Reglugerðir". Í reglugerðinni þarf að finna allt sem viðkemur „léttu bifhjóli" til að greina þessa tegund ökutækis frá öðrum. Öll bifhjól sem eru skráð hér hafa uppfyllt ákvæði þessarar reglugerðar. Sömuleiðis verða bifhjól sem menn ætla sjálfir að flytja til landsins að uppfylla ákvæði hennar en innflytjandinn þarf líka að fylla út umsókn um forskráningu. Fyrir nýtt hjól þarf að sýna fram á upprunavottorð eða COC vottorð í frumriti sem staðfestir að framleiðandi hjólsins uppfylli sett skilyrði. Fyrir önnur ökutæki þarf að skila inn skráningarskírteini frá viðkomandi landi í frumriti og eins þarf í báðum tilvikum að leggja fram farmbréf frá skipa- eða flugfélagi."

Að hans sögn gilda ákveðin tímaákvæði um hvenær bifhjól eigi að skoða. „Á því ári sem þarf að skoða hjólið ber að gera það fyrir 1. ágúst, líkt og með til dæmis fellihýsi og tjaldvagna. Á skráningarnúmeri hjólsins koma fram upplýsingar um árið sem færa þarf það til skoðunar."

Þá segir Einar mikilvægt að hafa nokkur öryggisatriði á hreinu. „Menn mega ekki vera með farþega á léttum bifhjólum. Þeir verða að vera með viðurkenndan hjálm og klæðast lágmarks hlífðarfatnaði sem tryggir best öryggi ökumanna falli þeir af hjóli eða lendi í árekstri. Líka þarf að framfylgja almennum umferðarlögum um ökutæki, hafa ljósin ætíð kveikt, nota stefnuljós, fara ekki yfir 45 kílómetra á klukkustund á léttum bifhjólum og vera viðbúnir því að aðrir ökumenn taki ekki eftir þeim í umferðinni. Mikið öryggi getur falist í því að vera í endurskinsvesti. "

Einar tekur fram að bifhjólum megi ekki aka á gangstéttum eins og margir virðist halda. „Ástæðan fyrir þessum misskilningi er sjálfsagt sú að leyfilegt er að keyra rafknúin hjól, sem mörg líkjast skellinöðrum, á gangstéttum. Slík hjól komast hins vegar ekki hraðar en 25 kílómetra á klukkustund og eru því allt annar flokkur en létt bifhjól." *- rve*

# Lítið sem ekkert viðhald

Vespur þarfnast afar lítils viðhalds og þykja því af mörgum aðlaðandi kostur.

„Vespur eru sérstaklega einfaldar í uppbyggingu og það eina sem eigendur þeirra þurfa í raun að gera er að vera með réttan loftþrýsting í dekkjum og velja rétt eldsneyti enda sum þeirra með tvígengisvél," segir Jón Bjarnason á vélhjólaverkstæðinu B.Racing. Hann segir málið að öðru leyti snúast um að ýta á on og off.

„Ef hjólin taka hins vegar upp á því að bila þá er ekki um annað að ræða en að fara með þær á verkstæði því það er lítið hægt að fikta í þeim sjálfur. Þá getur þurft að rífa vélina í sundur eða skipta um rafgeymi en það flokkast ekki undir viðhald heldur miklu frekar viðgerð.

Jón segir að ef farið sé vel með hjólin endist þau mörg hver vel og lengi. „Það er þó talsvert um að ég fái inn skemmd hjól en púströrið á það til að mynda til að beyglast ef verið er að keyra hjólin upp á gangstétt og þess háttar." Ef það er hins vegar farið vel með þau hanga þau oftast í góðu lagi. *- ve*



**Áhyggjulaust líf.** Eigendur vespna þurfa ekki að hafa miklar áhyggjur af viðhaldi.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 l Umsjónarmenn auglýsinga:
Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471 og Hjörtur Ingi Hjartarson hjortur@365.is s. 512 5429

# NUTRILENK

NÝTT NÁTTÚRLEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN




## Láttu ekki liðverki aftra þér frá hreyfingu

Með hækkandi sól og komandi sumri er upplagt  að stunda meiri hreyfingu. Mörg okkar þjást af einhverskonar liðverkjum sem vilja oft draga úr okkur getuna til að geta hreyft okkur  sem skildi.

Nutrilenk er náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Nutrilenk hefur hjálpað þúsundum Íslendinga að endurheimta betri liðheilsu í gegnum árin.

**NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA**

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, stærri Hagkaupsverslunum, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**






Ragnar Ingi telur akstur á vespum frábæran ferðamáta á styttri vegalengdum innanbæjar og kveðst eiga þar við létt bifhjól. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lítil bifhjól njóta aukinna vinsælda

**Nítró á Bíldshöfða er með úrval af bifhjólum í ólíkum stærðum og verðflokkum. 50 cubica vespurnar eru vinsælar að sögn Ragnars Inga Stefánssonar verslunarstjóra, sem á þar við lítil bifhjól með palli fyrir fæturna.**

„Við seljum allt sem er á tveimur hjólum og knúið mótorum," segir Ragnar Ingi Stefánsson, verslunarstjóri í Nítró á Bíldshöfða, glaðlega þegar hann er spurður hvort hann selji vespur. Hann hefur áratuga reynslu af mótorhjólum, úr keppnum, verkstæðisreksti og verslunarstjórn og telur akstur á vespum frábæran ferðamáta á styttri vegalengdum innanbæjar ef ekki þurfi að flytja mikið með sér. „Svo eru þær bæði ódýrar í innkaupum og rekstri," segir hann og upplýsir að í Nítró fáist slík farartæki á verði frá 195.000 krónum.

Nítró hefur selt rafmagnsvespur og bensínknúnar, bæði með fjórgengis-og tvígengisvélum, en þessa stundina eru rafmagnsvespurnar uppseldar að sögn Ragnars Inga. Hann segir vespur hafa átt vaxandi vinsældum að fagna á síðustu árum hér á landi og þær algengustu vera 50 cubica hjól. „Það eru til alveg upp í 600 cubica vespur en þá eru þær komnar í mótorhjólastærðir og flestir kjósa þá frekar að vera á mótorhjólum," tekur hann fram. Vespurnar í Nítró eru til í mörgum litum. Ragnar Ingi segir strákana helst vilja bláar, svartar eða gráar en stelpurnar velji frekar skærari litina, svo sem rauðar eða gular, annars sé ekkert algilt í þeim efnum.

Nítró selur líka hjálma, box, töskur og fatnað sem hentar. „Margir láta nægja að setja á sig hjálm og kannski hanska áður en þeir setjast upp á vespur og eru svo í skikkanlega góðum fatnaði en aðrir fara í goretexgallann og mótorhjólaskóna og allan pakkann," segir Ragnar Ingi. „Það er líka misjafnt hversu snemma á vorin menn byrja að hjóla og hvað þeir eru lengi að á haustin. Sumir eru á vespum allan veturinn en aðrir leggja þeim á haustin og taka þær út á vorin. En eins og veturnir hafa verið hjá okkur að undanförnu er hægt að vera á vespum hér allan veturinn. Það er oft mjög fínt veður til að hjóla í janúar."

Spurður um gerðirnar sem Nítró selur af vespum svarar Ragnar Ingi: „Við höfum verið með Vento gegnum tíðina sem eru amerískar en framleiddar í Kína. Nú erum við að selja mest af kínverskri tegund sem heitir Znen og er með sama boddýi og í svipuðum gæðaflokki og Ventó en er með aðeins öflugri rafgeymi og uppfærð. Við erum líka með ítalskt merki sem heitir Beta, þær vespur eru orðnar fullkomnari og flottari en þær kínversku og líka alveg þrisvar sinnum dýrari. Í rauninni erum við með alla flóruna þannig að möguleikarnir eru margir," segir Ragnar Ingi og tekur fram að Nítró sé einnig með tólf útibú í N1 búðum á landsbyggðinni þannig að fyrirtækið bjóði upp á þjónustu um allt land.

## Heilræði Ragnars fyrir veturinn

Það eru ekki allir sem keyra vespurnar sínar allt árið um kring og sumir sem aðeins nota þær yfir hásumarið og þar af leiðandi geta þær verið látnar standa langtímum saman.

Þegar hugað er að vetrar- eða langtímageymslu á vespu þá gilda sömu reglur eins og um mótorhjól og mörg vélknúin ökutæki. Það er ekki hollt fyrir vespur að standa lengi óhreyfðar og kannski best að taka þær og „viðra" nokkrum sinnum yfir veturinn. Best er að geyma vespuna í upphituðu húsnæði til að hindra tæringu.

Hér fylgja nokkur góð ráð:

- Þrífa farartækið vel og jafnvel bóna.
- Fylla tankinn af bensíni og bæta smá ísvara út í (ísvarinn hindrar vatnsdropamyndun í bensíninu).
- Mjög gott er að smyrja bæði vél, barka og þá hluti sem smyrja þarf.
- Skipta um olíu á mótor ef um fjórgengisvél er að ræða.
- Það má hella nokkrum dropum af olíu inn í gegnum kertagatið og snúa vélinni til að smyrja stimpil og sveifarás, sérstaklega ef geyma á vespuna mjög lengi.
- Athuga ástand rafgeymis og taka úr sambandi, einnig er hægt að fá hleðslutæki með sérstakri hleðslustýringu sem eru tengd geyminum og halda honum við eins lengi og þarf.
- Gott er að setja vespuna á miðjustand ef slíkur er til staðar til að minka álag á dekkjum sem geta afmyndast aðeins ef þau standa lengi í sömu stöðu.



Ef þessum ráðum er fylgt kemur vespan mun hressari undan vetri en ella.



Söluvörur í Nítró eru flestar á tveimur hjólum og knúnar mótorum.



**● ÖRYGGIÐ SKIPTIR MÁLI** Baksýnisspeglar eru nauðsynleg öryggistól á vespum, þó vissulega megi ofgera þeim líkt og maðurinn á meðfylgjandi mynd.

Hjálmurinn er vissulega ómissandi öryggisbúnaður en einnig þarf að passa að klæða sig rétt enda ekki gott að detta á malbik í þunnum buxum.



**● ÓLÍKAR BIRTINGARMYNDIR VESPUNNAR** Vespur hafa orðið mönnum uppspretta sniðugra hugmynda. Þannig hafa menn leikið sér að því að búa til leikföng á borð við rugguhesta í líki vespu. Einnig hafa verið smíðaðar vespur úr viði sem þó fer ekki sögum af hvort hægt sé að nota á götum úti. Lengdar vespur með sæti fyrir tvo eru einnig skemmtileg útfærsla af hinu klassíska farartæki.





**● KEMST ÚT UM ALLT** Einn af stærstu kostum vespunnar er smæð hennar. Hún kemst um öll skúmaskot, getur skotist á milli bíla, í þröngum húsasundum og mjóa stíga.

Þá er lítið sem ekkert mál að finna stæði fyrir slíka smápísl. Hentar það sérlega vel í miðbænum þar sem bílastæði eru af skornum skammti.



**● SKEMMTILEGUR FERÐAMÁTI** Víða í Evrópu má leigja sér bifhjól og vespur. Slíkt er ljómandi kostur fyrir þá sem vilja skoða sitt nánasta umhverfi á þægilegan máta. Bifhjólin komast víða þar sem bílar komast ekki, auk þess sem það er hressandi að finna vindinn leika um andlitið á ferð um sólríkar borgir og sveitir.




Vespa®



Vespa LX 50 c.c.
Verð kr. 489.000.-



Vespa LX 125 c.c.
Verð kr. 599.000.-

HEKLA
Laugavegi 172-174 Rvk.
S. 590 5000
www.vespur.is



Stjórnendur Piaggio hafa lagt áherslu á að minna almenning á að það sé aðeins til ein „Vespa“, og að varast beri eftirlíkingar.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Það er aðeins til ein Vespa

**Vespa á sér langa sögu og er eitt þekktasta vörumerki heimsins.**

Piaggio-fyrirtækið sem var stofnað 1884, er eitt af leiðandi fyrirtækjum í heiminum í dag í framleiðslu og sölu á tveggja hjóla mótorhjólum. Í Evrópu er fyrirtækið leiðandi og stærst á þeim mörkuðum sem fyrirtækið framleiðir fyrir og selur sína framleiðslu. Hún samanstendur af litlum (scooters) og léttum (mopeds) vélhjólum og mótorhjólum með slagrými frá 50cc og upp í 1200cc. Fyrirtækið selur og framleiðir undir nöfnunum Piaggio, Vespa, sem er eitt þeirra þekktasta, Gilera, Aprilla, Moto Guzzi, Derbi og Scarabeo.

Þegar flóra léttra vélhjóla (scooters) er skoðuð kemur í ljós að það er aðeins til ein Vespa. Piaggio framleiddi sína fyrstu Vespu árið 1946. Létt vélhjól frá öðrum framleiðendum höfðu verið áður á markaðnum, en Vespa var hið fyrsta sem sló í gegn og það rækilega. Nafnið mun þannig til komið að þegar forstjóri fyrirtækisins, Enrico Piaggio, heyrði malið í mótor fyrstu frumgerðarinnar varð honum að orði: „Sembra una vespa!“ sem útleggst svo: „hljómar eins og vespa“ og hefur nafnið loðað við hjólið allar götur síðan.

Vespa þótti fljótlega hinn álitlegasti farkostur fyrir vinnandi fólk í stórborgum. Ekki einasta var hún talsvert liprari í snúningum en bílarnir heldur áttaði fólk sig fljótlega á því að þar sem vélbúnaðurinn var allur hulinn þurfti ekki að hafa áhyggjur af því að olía, smurning og annar óþrifnaður slettist í föt þess sem hjólið sat. Á rúmum sex áratugum hefur mikið vatn runnið til sjávar, og fleiri gerðir Vespunnar hafa litið dagsins ljós með ýmsum aukabúnaði og öflugri vélum.

Hönnuðir Vespunnar hafa þó alla tíð gætt þess að svipta fararskjótann ekki frumsjarma sínum og retró-svipurinn heillar nú sem fyrr. Stjórnendur Piaggio hafa þess í stað lagt áherslu á að minna almenning á að það sé aðeins til ein „Vespa“, og að varast beri eftirlíkingar. Meðal frægra einstaklinga sem hafa átt Vespu má nefna Salvador Dalí, Jean-Paul Belmondo, Bond-leikkonuna Ursulu Andress, leikarann, kappakstursmanninn og ofurtöffarann Steve McQueen og loks tískuhönnuðinn Stefano Gabbana.

# Hekla tekur við Piaggio

HEKLA hf. tók við Piaggio umboðinu fyrir skömmu og segir Sigurður Kr. Björnsson markaðsstjóri HEKLU það skemmtilega viðbót við starfsemina, en HEKLA hf. er eitt af elstu og stærstu bílaumboðum landsins.

„Við bjóðum nú aðallega Vespu í stærðarflokkunum 50cc til 250cc og hjólin eru til sýnis og sölu að Laugavegi 172. Ég vil hvetja áhugsama kaupendur til að kíkja við í sýningarsalnum, reynsluaka og kynnast af eigin raun þessu skemmtilega farartæki.“

Enn fremur vill Sigurður benda á að í samtölum hans við núverandi Vespueigendur komi í ljós að þeir eru að nota hjólin sín næstum því allt árið um kring og því alls ekki hægt að segja að eingöngu sé hægt að nota hjólin að sumarlagi. „Sumir Vespueigendanna eru að nota hjólin sín allt að tíu til ellefu mánuði á ári og eru afskaplega ánægðir með þau.“

Á þeim sextíu árum frá því að Vespa kom á markað hefur hún orðið ein þekktasta hönnun og vörumerki heims. Það eru ekki bara fallegar línur og tæmandi skemmtanagildi sem gera Vespu að spennandi fararskjóta, því Vespa er sérlega eyðslugrönn og uppfyllir ítrustu umhverfisstaðla og því mjög umhverfisvænn fararskjóti.



„Ég vil hvetja áhugasama kaupendur til að kíkja við í sýningarsalnum, reynsluaka og kynnast af eigin raun þessu skemmtilega farartæki.“
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Má til gamans geta þess að ef tíu prósent Bandaríkjamanna myndu skipta úr bíl yfir á Vespu, myndu þeir eyða um sextíu milljón bensínlítrum minna á dag.



**Það er lítið mál að aka vespu í pilsi eða kjól.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Á fullri ferð í sparifötunum

Tvímælalaus kostur við að eiga vespu er sá að hægt er að sitja hana í alls kyns klæðnaði og jafnvel í þröngu pilsi eða kjól. Ólíkt því þegar ekið er á mótorhjóli þarf ekki að sitja klofvega heldur situr ökumaðurinn líkt og í stól og lætur fæturna hvíla á palli. Ökumaðurinn getur því setið með krosslagða fætur ef því er að skipta þó að það sé kannski ekki æskilegt til lengdar enda mikilvægt að halda jafnvægi.

Þetta er líklega skýringin á því hvers vegna vespurnar eru jafn vinsælar hjá kvenþjóðinni og raun ber vitni. Þær eru líka hentugar til að komast úr og í vinnu enda lítið mál að aka þeim í vinnufötunum. Þó verður að slá þann varnagla að best er að vera búinn hlífðarfötum ef óhapp skyldi verða. *- ve*

# Lögboðnar tryggingar

Vespueigendur þurfa að kaupa lögboðnar ökutækjatryggingar sem bæta fjárhagslegt tjón gagnvart þriðja aðila sem notkun ökutækis veldur, bæði eignatjón og líkamstjón. Við hana má bæta kaskótrygginu sem er val hvers og eins.

„Við ákvörðun iðgjalda er stuðst við iðgjaldaskrá félagsins sem tekur mið af stærð hjólsins. Aðrir þættir sem hafa áhrif á iðgjöld eru eigin áhætta, viðskiptasaga og tjónareynsla svo dæmi séu nefnd,“ segir María Guðmundsdóttir forstöðumaður ráðgjafar og þjónustu hjá Sjóvá. Hún segir að sumum viðskiptavinum finnist þessar tryggingar vera dýrar. „Ástæðan er sú, þó að ökutækið sjálft valdi kannski ekki miklu tjóni geta slysin á ökumönnum verið mjög alvarleg.“ *- ve*



VDO Offroad Line

Borgartún 36
Bakvið Hótel Cabin
sími: 588 9747

**Tilboð** á umfelgun
fólksbíll kr **5.490,-** jepplingur kr **6.490,-**

**Verðtilboð** fyrir eldri borgara
Fólksbíll kr **4.890,-**
Jepplingur kr **5.890,-**

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ
**Sama verð fyrir ál- og stálfelgur**



VDO
Opið virka daga kl. 8.00 - 18.00 og laugardaga kl. 10.00 - 14.00
BORGARTÚNI 36 - S:588-9747 - WWW.VDO.IS - verslun@vdo.is

www.ekill.is

ekill ehf

**Ökukennsla og ökuskóli**

Ekill ehf • Holtateig 19 • IS 600 Akureyri • Sími: 461-7800 / 894-5985 • ekill@ekill.is

# Mismunandi gerðir bifhjóla



Vespur eru fínleg bifhjól sem ökumaður getur setið á með fæturna samhliða. Farangursrými er undir sæti og framhlíf. Þær algengustu mega fara á 50 kílómetra hraða á klukkustund og fimmtán ára unglingar geta tekið próf á þær en annars gildir bílpróf.



Skellinaðra er 50 cubica hjól sem sömu lög og reglur gilda um og vespurnar en á þeim er setið klofvega. Upphaflega voru tvígengisvélar í þeim og nafnið er trúlega komið af skellunum í þeim. Skellinöðrum hefur farið fækkandi á götunum síðustu ár.



Mótorhjól geta verið allt frá 80 cubic upp í 2.300 og þar eru margir undirflokkar. Reiserar líta út sem keppnishjól, full af hlífum og eru mjög kraftmikil og hraðskreið. Önnur eru með miklu krómi og leðri og enn önnur eru af gamla skólanum, með engum hlífum.



Torfæruhjól eru bæði til sem svokölluð endurohjól, það eru sambland af ferða-og keppnishjólum sem komast sömu leiðir og vel búnir jeppar og einnig eru í þeim flokki enn öflugri keppnishjól sem farið er á um fyrirfram ákveðnar brautir, stokkið, spólað og tætt.






## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Kangoo & Skoda Oktavia ,02. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Óska eftir trampólíni. Uppl. í s. 892 7852.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**

Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**partabílar.is 770-6400**

Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**Vy-þrif ehf.**

Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja




**Trjáklippingar - garðyrkja - hellulagnir.**
**Klippi tré og runna og felli tré, fræsi stubba. Fljót og góð þjónusta. Látið fagmann vinna verkin.**
**Garðaþjónustan Björk**
***Jóhannes garðyrkjumeistari s.* 846 8643, 899 7679**







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

SÓLPALLAR, skjólveggir, öll almenn smíða og garðvinna, vanir menn og góð verð. Brynjar s: 862 8621.







**Trjáklippingar**

Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

**Er öspin til ama ?**

Fellum og fjarlægjum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Gleymdist framtalið? Fékkstu áætlun? Framtalsgerð - skjót og góð þjónusta. s. 517-3977. framtal@visir.is

## Málarar



**Málun**

~~25% afsláttur fyrir húsfélög, eldriborgara og öryrkja~~

Innan sem utan. Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag. Haukur, S. 777 3374.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**N & V Verktakar ehf**

Flísar - parket - mála - múrarar - smíðir - setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

Faglærðir Píparar Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.




**www.smidaland.is**

Nýsmíði - viðhald - gluggar -sólpallar - öll smíði. S. 772 0040.













Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

**Pípulagnir**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Nudd

NUDD NUDD NUDD. Exclusive whole body massage. S. 6922126

TANTRA LUXURY,WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN. ANY TIME. 8698602

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

BESTA VERÐIÐ! Unaðsnudd í boði, komdu og leyfðu okkur að dekra við þig. S: 692 1123.

## Stífluþjónusta




## Tölvur







Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar




**Spásími 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður.**

**Hvað viltu vita um sumarið ?**

**Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro**

**Dulspekisíminn 908-6414**

Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Trésmíði



**Bergiðjan ehf**
**Íslensk farmleiðsla**

Júlí afsláttur 20% á Einingargróðurhúsi 14 Fm komnir með 2 tegundir af rólum til sýnis Tangarhöfða 2 Júlí afsláttur 30% af Minigolfi, vinsælt á pallinn,í bústaðinn og garðinn er með 3 holum og 3 þrautum auðvelt að spila 6 til 9 holur. Erum að hefja framleiðslu á garðvörum úr Íslenskum trjábolum. Uppl. í s. 772 9030 & 867 3245. Bergiðjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. bergidjan@gmail.com

## Önnur þjónusta



Borum fyrir heitu og köldu vatni. Bjarnastaðir ehf borverktakar S: 8643313

**Sjóstöng, Sjóstöng.**

Bjóðum uppá sjóstangveiði frá Reykjavíkurhöfn. Sérferðir ehf S:892-0099.

## Verslun









FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!! Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

## Til sölu



Tvö glæsileg garðhús til sölu Upplýsingar í síma 555-4485



Til sölu notaðir stólar fyrir veitinga- og kaffihús. Stólarnir eru úr hnotu með leðursessu og baki. 5000 kr. + vsk stk. Hægt er að skoða stólana hjá Rúbín. Uppl. í s. 617 2929.

Búslóð til sölu selst ódýrt t.d. þvottavél og gítar, selst ódýrt uppl: 8459245

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Kaupi gamla mynt og seðla, Gull silfur og brons peingar. Met heil söfn. S 8251016

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



VATNSDÆLA Dieselmótor með rafstarti Afköst mest 36 m3 / klst Dæluhæð 15m Sogar 8 m 46 kg Verð kr. 49.000- auk vsk DS-Lausnir ehf. 824-0672

## Ýmislegt

Evrur til sölu uppl. í síma. 857-6711

## Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407


CARGO sendibílaleiga 566 5030 www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Nytjamarkaðurinn
TIL STYRKTAR ABC BARNAHJÁLP
Mikið úrval af nýjum og notuðum hlutum í verslun okkar á frábæru verði.
Dæmi: Föt (peysur, buxur, skór o.fl.) - algengt verð 100 - 900 kr.
Fullur poki af völdum fötum 500 kr.
Búsáhöld og gjafavörur - algengt verð 50 - 600 kr.
Bækur, DVD, CD, Vinyl - algengt verð 100 - 350 kr.
Húsgögn ýmiskonar - algengt verð 200 - 15.000 kr.
Vertu velkomin í heimsókn í verslunina okkar.
Nytjamarkaðurinn - Skútuvogi 11a (á móti Húsasmiðjunni)

FERÐABOXIN FRÁ HAPRO
Úrval af glæsilegum ferðaboxum frá HAPRO. Algjörlega ómissandi fyrir sumarfríið. Frábært verð.
Bílabjörgun
Óseyri 5 - 603 Akureyri - Sími: 842 5700 - 462 4222 -www.bilabjorgun.is

FJARÐARBÓLSTRUN ehf Sími 864 - 4188
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

Fjarstýrð flugmódel í úrvali.
Tómstundahúsið
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

SÁ Verklausnir
Alhliða garðaþjónusta og lóðafrágangur.
Gerum föst verðtilboð.
Þökulagning - Hellulagning - Jarðvegsskipti
Hreinsun - Sláttur - Klipping
Frekari upplýsingar hjá Sigurði í s. 897 3057 og á heimasíðu
www.save.is

PÍPARAR · RAFVIRKJAR · PARKETLAGNIR
TRÉSMIÐIR · MÁLARAR · MÚRARAR
ALLT LÖGGILTIR MEISTARAR
VIÐHALDS MEISTARINN EHF
Sími 511 2255 • www.vhm.is

OPNUNARTILBOÐ
Italiano Pizzeria
Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.
2 fyrir 1 í sal
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

MAE - YA
SUKHOTHAI
Hamraborg 11. Kópavogi
Sjáið matseðilinn á www.thaimatur.is
Réttur dagsins í hádegi kr 980.-
Frábær fjölskyldutilboð
2 kjúklingabitar, franskar, sósa & gos kr. 990.-
Djúpst Ýsa, hrísgrjón & karry kr. 1090.-
Sími: 564 6677

Full búð af nýjum vörum frá Vanity Fair og Lauma
Haldari 6.990 kr.
Buxur 2.990 kr.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

Limo.is
Pöntunarsími 868-9800

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5


# Þjónustuauglýsingar

## Alla fimmtudaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Heilsuvörur






Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Kaupauki með öllum pöntunum í ágúst. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Whole body massage 841-8529

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða**
**s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald



2 yndislegir 12 vikna hvolpar (tíkur) vantar heimili. Ættbók HRFÍ. Uppl. í síma 864 5853.

Til sölu sex kanta fiskabúr 60l. M. 3 stórum gullfiskum. V. 15þús. 40l fiskabúr m. fiskum. V. 8þús. 20l. fiskabúr m. fiskum. V. 5þús. Uppl í S. 864 8845

## Atvinna

# Lögmannsstofa – Ritari

Óskað er eftir ritara í hálfs dags starf frá kl. 13-17. Starfið er fólgið í móttöku, símsvörun og öðrum almennum ritarastörfum auk umsjónar með kaffistofu starfsfólks. Gerð er krafa um góða íslensku kunnáttu og þægilega framkomu. **Þarf að geta hafið störf ekki síðar en 20. ágúst nk.**

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf ásamt meðmælum sendist til Fréttablaðsins á netfangið: box@frett.is **fyrir 10. ágúst** næstkomandi merkt „Lög-Ritari".

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum -**
**Ákvörðun Skipu-lagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Breyting á Búðarhálslínu 1, Ásahreppi og Rangárþing ytra.**

**Viðbót við snjóflóðavarnir í Bolungarvík, Bolungarvíkurkaupstað**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **(www.skipulagsstofnun.is.)**
Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **6. september 2010.**

**Skipulagsstofnun**

## Fyrir veiðimenn



**TILBOÐ-TILBOÐ**
Í stjóstöng og grill, aðeins 4.990,- á mann Uppl. í s: 865 6200 eða andrea. seatours@hotmail.com

Laxa- og silungamaðkar til sölu. Laxamaðkur 35 kr. Silungamaðkar 25 kr. Uppl. í síma 557 4559 & 893 4659.

## Hestamennska

**Innréttingar**
Smíða innréttingar í hesthús, einnig útigerði, hringgerði, uppsetning öll almenn járnsmíði, gott verð. Uppl. í síma 869 6690 Aðalsteinn.

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Til leigu. Uppl. í S. 866 7511.

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK. NEAR KRINGLA AND 109 AND 111 BREIÐHOLT 897 3611

Til leigu 2.herb, 66fm íbúð á holtinu í Hafnarfirði, stutt í leik- og grunnskóla. Verð 95 þús. Uppl. í síma 664-5582

Til leigu í vetur (sept-júní) er lítið einbýlishús í Hnífsdal. Húsið leigist fullbúið húsgögnum og húsbúnaði. Hægt er að leigja hluta vetrarins eða allan. Sanngjarnt leiguverð. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Gæludýr engin fyrirstaða. Upplýsingar í s: 869-4566

Góð 2ja herb. 70 fm kj.íbúð í raðhúsi í hverfi 103, laus strax. Örstutt í Kringluna og HR, bein strætóleið í HÍ. S. 825-7121 eftir kl. 17.

Studio/herb/ í 105 R. er laust. Sér baðh. þvottav. eldunarh. og íssk. s: 898-4188

40 fm. stúdíóíbúð á jarðhæð stutt frá FB, leigist með sófa, þvottavél, ísskáp og eldhúsáhöld, sendið uppl. á ps9431@gmail.com

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

óska eftir góðri íbúð fyrir par og þriðja hjólið, leiga að 120 þús. helst miðsvæðis, í rvk, reglusamt og reyklaust fólk, 849-0713 Óli

Bræður í háskólanámi óska eftir 2-3 herb. íbúð á leigu í miðbæ RVK frá og með ágúst. Reykl. og reglus. S. 846 1819.

Kona með 2 börn óskar eftir íbúð í Vesturbænum. Reglusemi, reykleysi og skilvísar greiðslur. S. 867 4910.

Óska eftir að taka á leigu 2 herb. íbúð til lang stíma, fyrir 1. sept. Uppl í s. e. kl. 19 á kvöldin 661 2014.

## Sumarbústaðir



Örryggiskerfi fyrir sumarhús 3ja ára ábyrgð! Vandað GSM öryggiskerfi sem hringir í þig ef brotist er inn Kerfið inniheldur: Stjórnstöð með GSM hringjara Hreyfiskynjara Sírena LCD takkaborð með hitastilli (frostvörn) Getur hringt og athugað með hitastig í bústaðnum kveikt á kyndingu heita pottinum ofl með GSM síma Pakkinn kostar 48900.- PROCAM ehf sími 533 2121 og 867 7866

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu sumarhús í Skorradal. 2 svefnherbergi, heitur pottur. sængur fyrir 4 Verð kr 35.000.- vikan

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

Orlando Fl ventura. 3ja herb íb 1 hæð við sundlaug. Leiga í viku eða mánuði. Upplýs Sigurrós sjá myndir á facebook s: 8600811, 8600812

## Atvinna í boði

**Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður:**
**Starfsmaður í kjötvinnslu/ kjötafgreiðslu: Heilsdags eða hlutastarf**
**Starfsmaður í afgreiðslu/áfyllingar: Heilsdags eða hlutastarf**
**Starfsfólk á kvöld og helgarvaktir.**
**Óskað er eftir rösku, stundvísu og reyklausu fólki ekki yngra en 18 ára.**
**Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri.**
**Melabúðin - Þín Verslun, Hagamel 39, sími 551 0224, melabudin@thinverslun.is**

SNÆLAND VIDEO
Þar sem nýjar myndirnar fást
Ís - grill - video - sælgæti

Starfsfólk óskast í fullt starf aðeins vaktavinna í boði. Áhugasamir sækið um á snaelandvideo.is

20 ÁRA HLÖLLA BÁTAR

**Hlöllabátar auglysa eftir starfsfólki/ vaktstjórar í 100 % starf og einnig á helgar og kvöldvaktir.**
**Vaktstjórastarfið fellst í að, þjálfa og stjórna starfsfólki , skipuleggja vaktir panta og hafa umsjón með birgðum, sjá um uppgjör, afgreiða þrífa og almenn þjónusta.**

**Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir, stundvísir, jákvæðir,**

**Eiga gott með að vinna með fólki á öllum aldri,**

**Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri og hafi reynslu af svipuðu starfi.**
**Nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 842-2800 Umsóknir sendist á helgi@hlollabatar.is**

PASSION REYKJAVÍK

Kaffihúsið og bakaríð Passion Reykjvík leitar af fólki til þjónustustarfa. Um er að ræða full störf og hlutastörf. Áhugasamir hringja í Davíð í síma 822-7707.

**Hlölli á Höfðanum**
**Óskar eftir afgreiðslu fólki, ekki yngra enn 18 ára. Vaktavinna. Upplýsingar á staðnum.**

**Noregur - Atvinna**
**Óska eftir smiðum sem geta unnið sjálfstætt. Þurfa að geta talað norðurlandamál.**
**Haukur, S. 899 7102 og Eyjólfur S. 691 8842.**

SUBWAY

**Næturvinna - Fullt starf**
**Subway Hringbraut N1 auglýsir eftir duglegum starfsmanni með reynslu af þjónustustörfum á næturvaktir. Í starfinu felst afgreiðsla, þrif og skurður á grænmeti. Unnið er sjö nætur í röð á átta tíma vöktum og sjö nætur frí. Íslenskukunnátta er æskileg. Lágmarksaldur er 20 ár. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi bíl til umráða.**
**Nánari upplýsingar veitir Magga í síma 696-7064.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is**

Vanur maður óskast til starfa vð bifreiðaréttingu og sprautun þarf að vera sjálfstæður í vinnu,hafa metnað og vandvirkur stundvís,liðlegur og reglusamur. Þekking á Cabas kostur. Áhugasamir sendið á malverk550@simnet.is

**Geysir - Bistró Bar Aðalstræti**
**Erum að leita af röskum og metnaðarfullum aðila til að vinna með okkur í eldhúsi. Ekki yngri enn 18 ára.**
**Upplýsingar veitir Birgir í s. 517 4300 milli kl. 14-16 í dag.**

**Heima er best ehf**
**Óskar eftir fólki eldri enn 30 ára í störf við heima- og félagsþjónustu sem fyrst.**
**Vinsamlegast sendið umsóknir á erla@heb.is**

Okkur vantar öfluga sölumenn í góð sérverkefni. Mjög góð árangurstengd laun. Hafið samband við Snorra sölustjóra í síma 660 2063 eða sendið póst á snorri@forlagid.is

**Óska eftir pípara**
Pípari óskast til starfa út á land, uppl. í s. 893 4515.

Markaðstorg Kringlunnar óskar eftir konu til starfa ekki yngri en 20ára.uppl. í sima 8955513

## Viðskiptatækifæri

Hefðir þú viljað eignast part af þeim peningum sem urðu til þegar gsm símarnir komu á markað? Ég get boðið þér að taka þátt í sambærilegu og ekki síðra viðskiptatækifæri. Hafðu samb. 8467260

## Tilkynningar

Svört læða hvarf síðastliðið föstudagskvöld frá heimili sínu (Unnarbraut á Seltjarnarnesi). Er með svarta hálsól og eyrnarmerkt 8D15. S. 562 2733 eða GSM 898 8428.

## Ýmislegt

Vantar bílstjóra í keyrslu til Hólmavíkur um helgina Haukur 565-1183 555-1183

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
**Opið þegar þér hentar.**

Leitar þú ævintýra? Rauða Torgið Stefnumót hefur verið miðstöð íslendinga í ævintýraleit í rúmlega 10 ár. 100% leynd. Þú auglýsir og vitjar skilaboða ókeypis! Konur, s. 555-4321. Karlar: s. 535-9923.

Samkynhn. KK ath: Sífellt fleiri nota Rauða Torgið Stefnumót til að kynnast nýjum KK. Það er frítt að auglýsa og vitja skilaboða í s. 535-9923.

Ógift kona á miðjum aldri vill kynnast ógiftum karlmanni, 55-65 ára. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8313.

Rúmlega fimmtugur karlmaður 182cm/90kg nokkuð myndarlegur, vill kynnast kk með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8924.

**PurpleRabbit.is**
Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.

## Atvinna

Frumherji

# Tæknilegur stjórnandi

Við auglýsum eftir tæknilegum stjórnanda á rafmagnssvið í okkar góða starfsmannahóp.

**Starfið**

- Rekstrarleg og fagleg stjórnun rafmagnssviðs. Á sviðinu starfa 5 starfsmenn.
- Skoðanir á raforkuvirkjum og öryggisstjórnunarkerfum rafveitna og rafverktaka
- Aðlaga starfsemi sviðsins að verklagsreglum stjórnvalda
- Starf hjá traustu fyrirtæki sem er leiðandi á sviði skoðana og úttekta á Íslandi
- Góður starfsandi og öflugt starfsmannafélag

**Hæfniskröfur**

- Rafmagnstæknifræðingur eða rafmagnsverkfræðingur af sterkstraumssviði
- Reynsla af skoðunum á rafmagnssviði er æskileg.

**Umsóknir**

Umsóknir skulu berast Frumherja hf fyrir 16. ágúst 2010. Þær skulu merktar Orra Hlöðverssyni, framkvæmdastjóra, (orri@frumherji.is) sem einnig veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 570 9111.
Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Frumherji hf. var stofnað árið 1997 og er starfsemi fyrirtækisins í alhliða þjónustu á sviði ýmiskonar skoðana og prófana ásamt annarri starfsemi. Frumherji starfar nú á átta mismunandi sviðum á um 30 stöðum á landinu og eru flest starfssvið fyrirtækisins rekin samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum.
**Frumherji hf • Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík • www.frumherji.is**

# 1TB

## HDMI EDITION • 1080i

Nýi Argosy HDMI marmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum, spilar af öðrum flökkurum og USB lyklum

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Spilar kvikmyndir í meiri gæðum
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ljósmynda SlideShow með tónlist
- Spilar beint af öðrum flökkurum með USB
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, RGB, USB ofl. tengi

**29.900**

1.5TB KR. 34.900




# MP550

## FJÖLNOTAGRÆJA

- Prentar, skannar og ljósritar
- 5 stök hylki fyrir hámarksnýtingu
- ChromaLife100+ ljósmyndatækni
- Prentar 9.2 bls á mín í sh og 6 í lit
- 100% jaðarprentun á allt að A4
- 2400x4800dpi hágæða A4 skanni
- 1.8" litaskjár sýnir myndir og aðgerðir

**19.900**

ÞRÁÐLAUS MP560 AÐEINS 29.900




# GTX460

## SILENT CELL SKJÁKORT

- Öflugasta GTX460 kortið í dag
- 1GB GDDR5 3.6GHz 256-bit minni
- DirectX 11 fyrir nýjustu leikina
- 336 CUDA cores og 56TU fyrir leikina
- Enn hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- Gullhúðað HDMI, DVI-I, VGA tengi
- Mjög hljóðlát Windforce 2X tækni

**44.900**

GIGABYTE GTX OC SKJÁKORT




# 1TB

## LACIE FLAKKARI

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Neil Poulton
- Reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur

**16.900**

1.5TB 21.900 | 2TB 29.900




V2420

# 24"LED

## BENQ FULL HD LED SKJÁR

BenQ leiðir LED tæknina með nýrri kynslóð tölvuskjáa sem eru þeir þynnstu í heimi **aðeins 15mm** á dýpt og með enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- 24" LED FULL HD 1080P 16:9
- 10.000.000:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin
- Ótrúlega þunnur **aðeins 15mm**

**49.900**

ÓTRÚLEGA NETT HÖNNUN




# 640GB

## RIKIKI FLAKKARI

- 640GB LACIE hágæða flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Örsmár í lófa og aðeins 158gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis- og afritunar hugbúnaður
- Höggvarið og glæsilegt álhús

**19.900**

320GB AÐEINS KR. 14.900




# LIFE

## CAM 720 HD

- 720p TRUE HD video myndflaga
- Örsmá og örþunn vefmyndavél
- Sjálfvirkur 5x Zoom aðdráttur
- Innbyggður stafrænn MIC
- Hnappur fyrir Videospjall
- Sérstaklega hönnuð fyrir MSN

**14.900**

Microsoft VEFMYNDAVÉL




# 22"LED

## FULL HD SKJÁR

- 22" LED FULL HD 1080P 16:9
- 5.000.000:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin

**34.900**

BenQ FULL HD LED SKJÁR

# VUTEK

| Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900




# 12MP

## MYNDAVÉL

- Hágæða 12MP Sony HD myndflaga
- Glæsilegur 3.0" LCD skjár á bakhlið
- Vönduð 3x Optical aðdráttarlinsa
- Tekur kvikmyndir í (16:9) 720x400
- Örþunn og fislétt aðeins 110gr.
- Kemur með hleðslurafhlöðu og tösku

**19.900**

BENQ E1230 STAFRÆN MYNDAVÉL




# 20"

## LCD SKJÁR

- 20" HD PLUS 16:9 Cinema LCD
- 40000:1 skerpa og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1600x900 HD PLUS upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin

**27.900**

BenQ HD PLUS LCD SKJÁR

4BLS BÆKLINGUR




Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

packard bell

SB256

# LJ71

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug leikjafartölva með glæsilegum 17.3” HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD4570 leikjaskjákorti og Windows 7 stýrikerfi

- AMD Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3” HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**134.900**

17.3” MEÐ LEIKJASKJÁKORTI

HVERGI BETRA VERÐ



N934G64

acer

# 5553

- AMD Quad Core X4 N930 2.0GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED CineCrystal 1366x768
- 1GB ATI HD5650 DX11 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**169.900**

EIN ÖFLUGASTA LEIKJATÖLVAN

HVERGI BETRA VERÐ



445ED

# CQ61

- Athlon II M320 X2 2.1GHz örgjörvi
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 7200RPM diskur
- 8xDVD LightScribe DL skrifari
- 15.6” HD LED BrightView 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD4200 skjást.
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**119.900**

LANDSINS MESTA ÚRVAL!



Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
Þá lækkum við okkar verð á staðnum

ÓTRÚLEGA NETT 2.6KG

packard bell

GN005

# TM86

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Nýjasta kynslóð fartölva frá Packard Bell með nýjustu Intel Core i tæknina, glæsileg hönnun örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Intel Core i3-330M 2.13GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Core i HD Graphics skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**134.900**

ÁN EFA SKÓLATÖLVAN Í ÁR

# LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FARTÖLVUM



Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

3D
EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG MEÐ 3D GLERAUGUM OG 120Hz 3D SKJÁ
369.900

VERÐ FRÁ 54.900
LANDSINS MESTA ÚRVAL

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

hp

- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI*



## HP G62 - a14

**139.900 kr.**

Örgjörvi: AMD Athlon II P320
Harður diskur: 500GB 7200 rpm
Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768
Skjástýring: ATI Mobility Radeon HD 4250 Vinnsluminni: 4 GB
Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.

# VERTU KLÁR

Nýja haustlínan frá OK búðinni á skólatilboði.



## HP dv6 - 2133

**159.900 kr.**

Örgjörvi: AMD Athlon II Dual Core M320 Harður diskur: 500GB 7200 rpm Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768 Skjákort: 1GB skjákort, ATI Radeon HD 4650 Vinnsluminni: 4 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.



## HP dm3 -1125

**159.900 kr.**

Örgjörvi: AMD Athlon Neo X2 Dual Core Ultrathin L335 Harður diskur: 500 GB 7200 rpm Skjár: 13,3" HD LED BV, 1366x768 Skjákort: 512 MB, ATI Mobility Radeon HD 4330 Vinnsluminni: 4 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.



## MacBook

**199.900 kr.**

Örgjörvi: Intel Core 2 Duo Harður diskur: 250 GB 5400 rpm Skjár: 13,3" LED breiðtjaldsskjár Skjástýring: NVIDIA GeForce 9400M Vinnsluminni: 2 GB Ábyrgð: 2ja ára



## Office 2010

**19.900 kr.**

Office pakkinn inniheldur Word 2010, Excel 2010, PowerPoint 2010, OneNote 2010 og leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.



## HP PHOTOSMART All-In-One

**18.900 kr.**

Fjölnotaprentari sem ljósritar, skannar og prentar í ljósmyndagæðum.



OK búðin

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18

* Skv. úttektum IDC.

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK búðin

OK búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is






# Hamingjan

**BAKÞANKAR**
**Charlotte Böving**



Lykken er som en lille fugl
Den flyver og kommer tilbage
Jeg håber den hos dig må finde et skjul
Og blive der alle dage

**ÞESSA** litlu vísu skrifuðum við í minningabækur hvert hjá öðru þegar ég var skólastúlka í Danmörku. Ég mundi hana utan að eins og hverja aðra runu, án þess nokkurn tíma að velta merkingu hennar fyrir mér. Ekki annað en að hún rímaði vel og var hlýleg. Ég spáði ekkert í hamingjuna þegar ég var barn. Og þegar ég var ung kona þótti mér meira í það varið að vera óhamingjusöm. Þá gróf maður höfuðið grátandi í koddann, trúði vinkonum fyrir leyndarmálum, skrifaði tilfinningaþrungin ljóð, klíndi svörtum ælæner á augun, fór á barinn og drakk of mikið. Það var lífið! Að lifa hratt og deyja ungur.

**ÞEGAR** ég var ung og hugsaði um hamingjuna snerist það allt um einhverja innri ró. Og úff hvað það hljómaði óspennandi!

**EN ÞESSI** tilhneiging til að stunda óhamingjuna hvarf alveg þegar ég varð fullorðin. Líf með mann og börn og hús og bíl og vinnu er svo stútfullt af verkefnum og ábyrgð að það gefst enginn tími í óhamingju. Að vera óhamingjusamur krefst nefnilega bæði tíma og orku. Og nú var það hamingjan sem ég vildi fá meira af.

**EN HEYRÐU** mig nú! Hamingjan kom ekki bara af sjálfri sér. Það var eins og ég væri alltaf svo upptekin af því að hugsa um fortíð og skipuleggja framtíð, að þegar hamingjan skyndilega birtist kunni ég ekki að njóta hennar.

**NÚ BRÁ** mér mér í brún. Vegna þess að um leið og ég fór að óska mér meiri hamingju áttaði ég mig á mikilvægum hlut: einhvern daginn mun ég deyja!

**EINHVERRA** hluta vegna hékk það saman, óskin um meiri hamingju og uppgötvunin um að ég myndi einhvern tíma þurfa frá að hverfa. Dag nokkurn verð ég öll. Og hugsa sér ef ég lægi banaleguna, liti yfir líf mitt og áttaði mig á því að ég hefði aldrei verið hamingjusöm vegna þess að ég hefði alltaf verið of upptekin við eitthvað annað. Það væri hræðilegt!

**ÉG VERÐ** að vera meira til staðar þegar hamingjan bankar upp á, hugsaði ég með mér. Eða jafnvel hætta bara að bíða eftir að hún birtist. Og reyna heldur sjálf að hægja á mér nokkrum sinnum á dag, líta upp og kalla á hana – eins og lítinn fugl. Fugl, sem með tímanum verður gæfari og kemst að því að hjá mér finnur hann skjól og hjá mér getur hann verið alla daga.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Kennir trommuleik

Sýnikennsla og fyrirlestur með bandaríska trommuleikaranum Tom Brechtlein verður í sal Tónlistarskóla FÍH þriðjudaginn 10. ágúst. Brechtlein hefur um árabil verið talinn einn af bestu trommuleikurum heims. Hann hefur á ferli sínum leikið með djössurunum Chick Corea og Wayne Shorter og gítarleikurunum Robben Ford og Al Di Meola. Einnig hefur hann spilað með söngvaranum Kenny Loggins. Aðgangseyrir á viðburðinn er 2.000 krónur og er ekki tekið við greiðslukortum.



**TOM BRECHTLEIN** Trommuleikarinn bandaríski heldur fyrirlestur á Íslandi 10. ágúst.



**NORTH BEACH** Sænka plötusnúðadúóið treður upp á Austur í kvöld.

# Sænskir plötusnúðar leika listir sínar

Sænsku plötusnúðarnir Eric Ericsson og Daniel Howe ætla að þeyta skífum á skemmtistaðnum Austur í kvöld. Félagarnir, sem saman mynda dúóið Nort Beach, eru þekktir í heimalandi sínu en báðir spila þeir reglulega fyrir elítu Svía á Berns næturklúbbnum í Stokkhólmi.

Auk þess að bjóða upp á sænska tóna mun skemmtistaðurinn Austur kynna nýjan bjór staðarins sem ber nafnið Austur Brúnöl og gefst gestum kostur á að smakka hann um kvöldið. PLötusnúðarnir Jack Schidt og Sexy Lazer munu að venju einnig stíga á stokk en þeir eru einmitt búnir að búa til sérstakan mixdisk í tilefni kvöldsins og ætla að gefa þeim sem vilja. Skemmtunin hefst klukkan 22.



**REM** Ný plata með gamla, góða hljóminum er væntanleg í búðir á næsta ári.

# Afturhvarf á nýrri plötu

**Hljómsveitin REM er að taka upp afturhvarfs-plötu í anda upphafsára sinna og er hún væntanleg í verslanir á næsta ári. Ken Stringfellow, sem hefur unnið með sveitinni á undanförnum árum, heyrði ófullgerða útgáfu af plötunni á heimili bassaleikarans Mikes Mills og heillaðist mjög af henni. „Hún hljómaði mjög fallega. Sumar upptökurnar voru dálítið myrkar og höfðu yfir sér sama hljóm og maður heyrir á gömlum plötum með REM,“ sagði Stringfellow við NME. Upptökustjóri þessarar fimmtándu hljóðversplötu REM er Jacknife Lee, sem einnig tók upp síðustu plötu hennar, Accelerate.**

# Einmana Underwood

Söngkonan Carry Underwood giftist Mike Fisher fyrir stuttu en nú verða þau aðskilin í einhvern tíma í fyrsta sinn síðan þau gengu upp að altarinu. Fisher er íshokkíleikmaður og er nú í Kanada vegna vinnu sinnar og er Underwood frekar ósátt við að vera skilin eftir heima.

„Hjónalífið er eiginlega eins og tilhugalífið. Eiginmaður minn er kominn aftur til Kanada. Saga lífs míns!“ sagði Underwood á vefsíðu sinni, óhrædd við að opinbera tilfinningar sínar.



**LEIÐ UNDERWOOD** Söngkonan er ekki par ánægð með að vera nýgift og skilin eftir ein heima.




**!** **6. ágúst klukkan 20.00**

*Tónleikar með kórnum Nordisk Kor fara fram í Norræna húsinu föstudaginn 6. ágúst klukkan 20.00. Nordisk Kor er lítill áhugamannakór frá Osló sem samanstendur af 25 söngvurum. Stjórnandi kórsins er Kari Raff Reinemo. Kórinn flytur fjölbreytta dagskrá þar á meðal sönglög frá Norðurlöndum, ásamt söngvum frá Evrópu og öðrum heimshornum. Aðgangur á tónleikana er ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Moses Hightower ásamt félögum*

Í kvöld, 5. ágúst, munu Moses Hightower, Kristín og Svavar Knútur vera með tónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg.

Sálarkvartettinn Moses Hightower gaf í júlí út sína fyrstu plötu, Búum til börn. Sú hefur fengið frábæra dóma og hljómsveitin fylgir henni nú eftir af krafti með spilamennsku um borg og bý. Kristín Bergsdóttir er ung söngkona og lagahöndur sem gaf út sína fyrstu plötu, Mublu, í nóvember 2009. Platan inniheldur fjórtán frumsamin lög eftir hana sjálfa bæði á íslensku og ensku. Svavar Knútur er söngvaskáld sem undanfarin ár hefur getið sér gott orð bæði sem sólólistamaður og söngvari hljómsveitarinnar Hrauns. Hljómplata hans, Kvöldvaka, hlaut einróma góða dóma hjá íslenskum tónlistargagnrýnendum og hefur hlotið frábærar viðtökur.



**ROSENBERG** Í kvöld munu Moses Hightower, Kristín og Svavar Knútur halda uppi gleði við Klapparstíg.

Tónleikarnir hefjast um klukkan 21.00 og er aðgangseyrir 1.500 krónur. **- ls**

### > Ekki missa af …

Í dag klukkan 12.00 fara fram tónleikar í Hallgrímskirkju þar sem orgelleikari Áskirkju, Magnús Ragnarsson, og sópransöngkonan Þórunn Elín Pétursdóttir koma fram. Þau munu meðal annars flytja verk eftir Théodore Dubois, Camille Saint-Saëns, Francis Poulenc og Charles Gounod.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**28.07.10 - 03.08.10**




**1** **Það sem mér ber - kilja** Anne Holt




**2** **Eyjafjallajökull** Ari Trausti og Ragnar Th.




**3** **Vegahandbókin 2010** Ýmsir höfundar



**4** **Brandarabók Andrésar** Walt Disney




**5** **Iceland on Fire** Vilhelm Gunnarsson




**6** **Vitavörðurinn - kilja** Camilla Läckberg




**7** **Makalaus - kilja** Tobba Marinós




**8** **25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu - Reynir Ingibjartsson**




**9** **Aldrei framar frjáls** Sara Blædel




**10** **Volcano Island** Sigurgeir Sigurjónsson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# Frá London og beint á Vakt

**Leikararnir Einar Aðalsteinsson og Hera Hilmarsdóttir sýna verkið Vakt, eftir Halldór Armand Ásgeirsson, á sviðslistasýningunni artFart í ágúst. Verkið fjallar um það hvað felst í hugmyndinni um réttlæti og hversu lítið þarf til að umbylta lífi fólks á svipstundu.**

Einar Aðalsteinsson útskrifaðist úr leiklistarskólanum LAMDA í London eins og Fréttablaðið greindi frá í sumar. Hann er nú staddur hér á landi til þess að setja upp verk ásamt Heru Hilmarsdóttur sem er nemandi við sama skóla. Verkið heitir Vakt og er það Halldór Armand Ásgeirsson sem er höfundur þess.

„Við Hera kynntumst í raun í grunnskóla. Við vorum bæði í MH og enduðum svo bæði í LAMDA. Þegar það kom í ljós að við yrðum bæði á Íslandi í ágúst fannst okkur tilvalið að setja eitthvað saman og taka þátt í artFart. Við höfðum samband við vin okkar Halldór sem er mikill áhugamaður um leikritaskrif og hann skrifaði fyrir okkur þetta litla verk,“ segir Einar.

Verkið fjallar um hina klassísku spurningu um hvað felst í hugmyndinni um réttlæti og hvernig ófyrirséðir atburðir geta umbylt lífi fólks á svipstundu. Tveir læknar sem eru á vakt á gjörgæslu reyna að halda sjúklingi, sem lenti í hræðilegu bílslysi, stöðugum. Umræður læknanna fara síðan úr hversdagslegu spjalli yfir í pælingar um réttlæti og persónulega ábyrgð. Þegar þeir svo komast að meiru um sjúklinginn fer allt á haus.

Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, aðstoðar vinina að einhverju leyti ásamt því að leikkonan Nína Dögg Filippusardóttir kemur aðeins að verkinu. Það er síðan hann Örn Ýmir sem spilar á kontrabassa í sýningunni.

„Verkið er í raun bara venjulegt leikrit sem er farið að vera frekar sjaldgæft á artFart þannig að við lítum á okkur sem nýjungagjarna fólkið á hátíðinni,“ segir Einar með bros á vör. Sýndar verða þrjár sýningar, 12., 15. og 16. ágúst og miðaverð er 2.200 krónur.

**linda@frettabladid.is**



**EINAR OG HERA** Góðvinir setja upp verkið Vakt nú í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Tröllagarðar opnaðir

Helgina 6. til 8. ágúst verður fyrsti áfangi Tröllagarðsins í Fossatúni formlega opnaður. Garðurinn hefur verið í uppbyggingu í nokkurn tíma og er þar nú að finna gönguleið, tröllagöngu, þar sem alls kyns ævintýri bíða í einstöku umhverfi.

Steinar Berg staðarhaldari hefur sérhæft sig í skrifum tröllasagna sem myndskreyttar eru af Brian Pilkington. Tröllagangan liðast um í afar fallegri náttúru upp Stekkjarás, meðfram bökkum Grímsár og til baka að Tröllafossum. Einstakt útsýni er til fjallahrings Borgarfjarðar á þessari leið. Gestir geta valið að fara stuttan hring, 10-15 mínútur, eða lengri hring sem tekur um 50-60 mínútur. Myndskreytt skilti er við gönguhringinn þar sem lesa má skemmtilegar upplýsingar um tröll og þátt þeirra í íslenskum þjóðsögum. Grýla hefur fengið lögheimili í Fossatúni ásamt burstabæ með dótakassa og leiksvæði barna eins og það var til forna. Rúsínan í pylsuendanum er síðan að fara í tröllaleiki sem eru sérstök hönnun staðarhaldara. Þar er hægt að leika sér eða keppa í tröllataki, tröllatogi, tröllasparki, tröllaorðaleik, tröllafeti og tröllaparís.

Í tilefni af opnun Tröllagarðsins sunnudaginn 8. ágúst er gestum og gangandi boðið að koma og njóta þessa áfangastaðar í ferðaþjónustu í Borgarfirði. Staðarhaldari mun vera með leiðsögn í tröllagöngu klukkan 14.00 þar sem þessi ævintýralega hugmynd og framtíðaráform verða kynnt. **- ls**



**TRÖLLAGARÐAR** Tröllagarðar í Fossatúni verða opnaðir helgina 6. til 8. ágúst.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 5. ágúst 2010**

**➜ Tónleikar**

**21.00** Á **Græna hattinum**, Akureyri, verður **South River Band** með tónleika í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00.

**21.00** Hljómsveitin **Skver** verður með tónleika í **Risinu**, að Tryggvagötu 20. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og kostar 1.500 krónur inn, 1.000 krónur fyrir nemendur.

**22.00** Á **Sódómu Reykjavík**, Tryggvagötu 22, verða tónleikar með hljómsveitinni **Valdimar** og **Orphic Oxtra**. Aðgangseyrir er 1.000 krónur. Húsið er opnað kl. 21.00, tónleikar hefjast kl. 22.00

**22.00** Hljómsveitirnar **At Dodge City** og **Two Tickets to Japan** spila í kvöld á **Faktorý**, að Smiðjustíg 6, kl. 22.00. Aðgangur er ókeypis.

**➜ Sýningar**

**18.00** Í kvöld verða **Hljóðaklettar** með sýningu í **Listasafni Reykjavíkur**, Hafnarhúsi, frá klukkan 18.00 til 22.00. Aðgangur er ókeypis.

**➜ Uppistand**

**22.00** Á skemmtistaðnum **Venue**, Tryggvagötu 22, verður Sumaruppistand í kvöld. Skemmtunin byrjar kl. 22.00 og er aðgangseyrir 500 krónur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# SJÓNVARPS**TILBOÐ**




## TOSHIBA

**Toshiba 32AV605PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, 20w Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, VGA, Component, Composite, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 89.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




## UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1680x1050 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum.**

**TILBOÐ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




## UNITED ÖRÞUNNT LED

**United LED9022DVBT2** Aðeins 2.5sm þykkt
22" LCD BREIÐTJALD með stafrænum DVB-T móttakara, 1920x1080 upplausn, dýnamískri 15000:1 skerpu, 3D Comb filter, Nicam Stereó, HDMI, Scart, SPDIF Digital coaxial, VGA og heyrnartólstengi. Aðeins 2,5 sm á þykkt. 12 og 230 volt.

**TILBOÐ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




## THOMSON

**Thomson 32HR3234**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p HD upplausn, Progressive Scan, 25.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, 3 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 109.990




## TOSHIBA

**Toshiba 32AV636DN**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, DVB-T/C móttakara, Resolution+ (meiri myndgæði), USB 2.0, 4 HDMI, 2x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




## TOSHIBA

meta brain
GAME MODE

**Toshiba 40LV685DN**
40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, DCDi Faroudja uppskölun, dýnamískri 50.000:1 skerpu, stafrænum DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, Game Mode, Auto Backlight Control - sjálfvirkri baklýsingu, Luma Sense - Tekur mið af birtu í herbergi, USB 2.0, 4 HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 179.990




## JVC

DynaPiX Plus

**JVC LT42DA9**
42" LCD HD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, DynaPix Plus myndtækni sem fjölgar línum og punktum, 1.000:1 skerpu, 5ms svartíma, HD Ready, 2 Scart, 3 HDMI, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 159.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




## TOSHIBA

**Toshiba 42XV635DN**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, 100 Hz, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, 1920x1080p uppl., dýnamískri 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, DCDi Faroudja uppskölun, Game Mode, Digital Noise Reduction, 4x HDMI, 2x Scart, Game Mode, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 259.990




## PHILIPS

**Philips 42PFL7404**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p Full-HD upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, 80.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 3ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, 4 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 209.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990

**LOKAÐ ER UM VERSLUNARMANNAHELGINA**

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.


NÓRA


HJÁLMAR

## > Í SPILARANUM

Mount Kimbie - Crooks and Lovers
Skurken - Plakat
Nóra - Er einhver að hlusta?
Ýmsir - Pottþétt 53

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN LOS DEL RIO SLÆR Í GEGN 1996

# Macarena sigrar heiminn

- Lagið Macarena fór á topp bandaríska Billboard-listans 3. ágúst 1996 og sat þar sem fastast í þrjá mánuði.
- Útgáfan sem sló í gegn var endurgerð hljómsveitarinnar Baside Boys.
- Lagið er í fyrsta sæti yfir merkustu „one hit wonders“ allra tíma á lista sjónvarpsstöðvarinnar VH1.
- Lagið fór á toppinn í Ástralíu, Austurríki, Belgíu, Hollandi, Finnlandi,Þýskalandi og á Ítalíu.
- Lagið kleif hátt á öðrum listum og náði til að mynda öðru sæti í Noregi og því þriðja á Írlandi.
- Sérstakur dans fylgdi laginu sem varð vinsæll um allan heim og var meðal annars kenndur í innslögum í íslensku sjónvarpi.
- Lagið komst aldrei á toppinn í Bretlandi enda höfðu stúlkurnar í Spice Girls nýlega gefið út ofursmellinn Wannabe sem eignaði sér fyrsta sætið þar.
- Árið 1996 var sett heimsmet þegar 50.000 manns dönsuðu Macarena-dansinn í Yankee-höllinni í New York.


**HEIMSMET** Þetta unga par er á slóðum heimsmets Macarena-dansins í New York.



## > Plata vikunnar

Moses Hightower - Búum til börn

★★★★

„Fín lög, flottur flutningur og framúrskarandi textar einkenna þessa fyrstu plötu Moses Hightower.“ -tj



## TÓNNINN GEFINN
### Trausti Júlíusson

# *Hellissandur eða Patró?*

Um helgina eru tveir flottir tónlistarviðburðir í boði á landsbyggðinni. Annars vegar er stór raftónlistarhátíð, Extreme Chill Festival, sem fer fram á Hellissandi frá föstudegi til sunnudags og hins vegar Pönk á Patró sem verður á Patreksfirði á laugardaginn.

Á Extreme Chill spila 16 af helstu raftónlistarmönnum landsins, auk gesta að utan. Mjúkt og slakandi í bland við hart og hratt. Þarna verða m.a. Biogen, Ruxpin, Futuregrapher, Frank Murder, Yagya, Steve Sampling og Stereo Hypnosis. Erlendu gestirnir eru hinn norski Xerxes og Moonlight Sonata frá Frakklandi.

Rétt er að vekja athygli á því að hin goðsagnakennda sveit Reptilicus kemur fram á hátíðinni á laugardagskvöldið, en hún er komin á fullt aftur, vinnur að nýrri plötu og hefur verið að spila bæði hér heima og erlendis að undanförnu.

Pönk á Patró verður haldið í annað skipti núna um helgina, en fyrsti viðburðurinn var seint í júní. Dagskráin fer fram Í Sjóræningjahúsinu bæði um daginn og kvöldið auk þess sem sérstök kvikmyndasýning verður í Skjaldborgarbíói. Um daginn verður krakkasmiðja og tónleikar með Amiinu, en um kvöldið spila bæði Amiina (undir myndum Lotte Reiniger) og raftónlistarmaðurinn 7oi. Nafnið Pönk á Patró snýst ekki um tónlistarstefnuna pönk, heldur er það tilvísun í þá speki pönkaranna að láta hlutina gerast: Málið er ekki hvað þú getur heldur hvað þú gerir.

Ég var á fyrstu Pönk á Patró-hátíðinni og get staðfest að hún tókst frábærlega. Þá voru það strákarnir í Pollapönk sem báru hitann og þungann af dagskránni. Í krakkasmiðjunni lærðu börnin m.a. allt um hljóðfærin og græjurnar og um það hvernig maður hagar sér á rokktónleikum. Svo sömdu þau lag með hljómsveitinni og fluttu. Um kvöldið var svo hækkað í græjunum og keyrt á fullu blasti fram á nótt. Það var fín mæting bæði um daginn og kvöldið og frábær stemning. Maður fann að það var eitthvað gott í fæðingu. Svipuð tilfinnning og þegar fyrsta Aldrei fór ég suður hátíðin fór fram þó að Pönkið sé auðvitað mun minna í sniðum. Vonandi verður framhald á, bæði á Patró og Hellissandi.

Pönk á Patró


Hreint loft með cleanaer



nýtt

Tea Tree ilmur

Sótthreinsandi virkni sem drepur 99.9% af bakteríum og vírusum meðal annars svínaflensu H1N1 vírusinn.

VORTILBOÐ 9.995
FULLT VERÐ 12.995

Tea Tree hylki fylgir frítt með!

THE BRITISH ALLERGY FOUNDATION SEAL OF APPROVAL

- Hreinsar loft með sérstakri jónatækni
- Minnkar ryk og lykt í andrúmsloftinu
- Minnkar frjókorna- og dýraofnæmi
- Vottað af bresku ofnæmissamtökunum
- Hreinsar allt að 56m3 rými

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500


# Sérstæður sænskur trúbador

**The Tallest Man on Earth hefur gefið út tvær vel heppnaðar hljóðversplötur. Samanburður við Bob Dylan er óumflýjanlegur.**

Sænski trúbadorinn The Tallest Man on Earth hefur vakið athygli að undanförnu fyrir sérstæðan söng sinn, vandaða textagerð og þaulæft gítarplokkið.

The Tallest Man on Earth heitir réttu nafni Kristian Matsson, fæddur 1983 í bænum Leksland í Dalarna-sýslu í Svíþjóð. Hann er fyrrverandi söngvari hljómsveitarinnar Montezumas, sem gaf út samnefnda plötu árið 2006. Í framhaldinu ákvað Matsson að reyna fyrir sér einn á báti og gaf út EP-plötu sem hét einfaldlega The Tallest Man on Earth á vegum sænska útgáfufyrirtækisins Graviation Records.

**175** cm er hæð The Tallest Man on Earth. Tyrkinn Sultan Kösen er í raun hæsti maður heims, eða 247 cm.

Árið 2008 leit síðan fyrsta stóra platan dagsins ljós, Shallow Grave. Áhrif frá bandarískri þjóðlagatónlist voru áberandi og samanburðurinn við Bob Dylan á yngri árum óumflýjanlegur. Platan hefði ekki getað verið einfaldari í gerð. Matsson stillti sér upp á heimili sínu í Leksland með kassagítar í hendi, eða banjó, og plokkaði eins og hann hefði aldrei gert annað um ævina. Sérstök röddin fékk að njóta sín í þessum einföldu útsetningum og þarna var orðið ljóst að mikill hæfileikamaður væri á ferðinni.

Þrátt fyrir að platan hafi ekki fengið mikla dreifingu vakti hún smám saman athygli utan Svíþjóðar og góðir dómar hjálpuðu þar til, meðal annars frá bandarísku síðunni Pitchfork þar sem hún fékk 8,3 í einkunn af 10 mögulegum. Matsson eyddi því sem eftir var af árinu í tónleikaferð og hitaði upp í Bandaríkjunum fyrir Bon Iver og John Vanderslice við góðar undirtektir.

Í janúar á þessu ári steig The Tallest Man on Earth næsta skref og samdi við bandaríska útgáfufyrirtækið Dead Oceans, sem hefur á sínum snærum listamenn á borð við Dirty Projectors, Akron/Family og John Vanderslice. Í apríl síðastliðnum kom síðan út önnur hljóðversplata hans, The Wild Hunt, sem hefur hlotið enn betri viðtökur en sú fyrsta. freyr@frettabladid.is


**THE TALLEST MAN ON EARTH** The Tallest Man on Earth heitir réttu nafni Kristian Matsson og kemur frá Dalarna í Svíþjóð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Upptökum lokið í Nashville

Tónlistarmaðurinn Kalli (Karl Henry úr Tenderfoot) hefur nýlokið við upptökur á annarri sólóplötu sinni.

Upptökur fóru fram í Nashville, Tennessee í Bandaríkjunum en á plötunni nýtur Kalli liðsinnis reyndra tónlistarmanna frá Nashville. Þar ber helst að nefna bassaleikarann og goðsögnina Bob Moore. Hann er þekktastur fyrir að hafa verið bassaleikari hjá Elvis Presley í ellefu ár. Ásamt því að hafa spilað inn á plötur með Presley hefur hann leikið með tónlistarmönnum á borð við Jerry Lee Lewis, Bob Dylan, Johnny Cash, Roy Orbison og Patsy Cline. Moore var valinn besti bassaleikari í heimi af Life Magazine og var tekin inn í frægðarhöll tónlistarmanna árið 2007.

Á plötunni leika einnig með Kalla pedal steel-gítarleikarinn Lloyd Green sem hefur spilað með mönnum eins og J.J. Cale og Paul McCartney, Jeff Taylor sem er harmonikkuleikari Elvis Costello og trommarinn J.D. Blair sem er sennilega þekktastur fyrir trommuleik sinn með Shania Twain.

Lagið Nothing At All verður sett í spilun á útvarpsstöðvum í næstu viku. Það var sérstaklega samið fyrir íslensku kvikmyndina Óróa í leikstjórn Baldvins Z sem verður frumsýnd í lok ágúst. Platan kemur svo út á Íslandi í september og er það Smekkleysa sem gefur út.


**KARL HENRY HÁKONARSON** Fyrrum söngvari Tenderfoot gefur út sína aðra sólóplötu í september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
SUMAR-
MARKAÐUR
ELLINGSEN
LOKADAGUR
Á MORGUN,
FÖSTUDAG!
ellingsen.is
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

> BRANDARAKARL

Leikarinn **Mark Wahlberg** hafði gaman af því að leika með grínistunum Will Ferrell og Steve Coogan í nýjustu mynd sinni The Other Guys. Wahlberg, sem er ekki þekktastur fyrir grínleik, líkaði vel að vera í því hlutverki en viðurkennir að hafa verið óöruggur til að byrja með að vera með brandarakörlum á hvíta tjaldinu.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Reno lifir af skotbardaga í 22 Bullets

Önnur frumsýning vikunnar er á kvikmyndinni 22 Bullets eða L´immortel á frummálinu og skartar franska leikaranum Jean Reno í aðalhlutverki. Myndin fjallar um Charly Mateï sem hefur snúið baki við lífi sínu sem útlagi úr hinu venjulega samfélagi og lifir nú hamingjusömu lífi með konu sinni og tveimur börnum. Þegar Mateï dag einn lifir á ótrúlegan hátt af 22 byssuskot í líkamann hefst mikil leit að byssumanninum áður en hann legggur til atlögu á ný.

Jean Reno er þekktur leikari og hefur leikið í Hollywoodmyndum á borð við Pink Panther 1 og 2 og Da Vinci Code. Reno hefur ávallt verið hliðhollur leikstjóranum Luc Besson en þeir hafa gert tugi mynda saman, þar sem Reno hefur leikið, framleitt eða á einhvern hátt komið að tökum. Reno lék einmitt í fyrstu mynd Besson L´avant dernier og hafa þeir verið miklir vinir síðan.

Kvikmyndinni 22 Bullets er leikstýrt af franska leikstjóranum Richard Berry en þess má geta að hann skrifaði einnig handritið og lék eitt hlutverk í myndinni.



**22 SKOT** Franski leikarinn Jean Reno leikur gamlan leigumorðingja í myndinni 22 Bullets.

# Á toppnum

Teiknimyndasagan Toy Story 3 er í efsta sæti yfir aðsóknarmestu kvikmyndir í Bretlandi. Frumsýning vikunnar, Karate Kid, náði ekki að velta Toy Story úr sessi þrátt fyrir að hafa toppað listana vestanhafs og situr hún í öðru sæti listans.

Stórmynd sumarsins, Inception, féll um tvö sæti í vikunni, frá öðru niður í það fjórða. Myndin, sem skartar Leonardo DiCaprio í aðalhlutverki, hefur fengið gríðarlega góða dóma úti um allan heim en nær þó ekki að halda sér á toppnum. Kvikmyndin A team er í þriðja sæti listans og teiknimyndin Shrek í því fimmta.



**VINSÆLIR** Félagarnir í Toy Story eru vinsælli en Leonardo DiCaprio í Bretlandi.

Þess má geta að Leikfangasagan er einnig í fyrsta sæti íslenska listans.

# Bullock best launaða leikkonan í Hollywood



**SANDRA BULLOCK** Getur brosað breitt eftir að hafa mokað inn sjö milljörðum á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leikkonan og Óskarsverðlaunahafinn Sandra Bullock skýtur öðrum leikkonum í Hollywood ref fyrir rass og er best launaða leikkonan samkvæmt nýjum lista Forbes-tímaritsins. Bullock græddi um 56 milljónir dollara, eða tæpa sjö milljarða íslenkra króna, á síðasta ári og er því ekki skrýtið að hún tróni á toppi listans.

Það má því segja að leikkonunni vegni vel þó svo að einkalífið gangi brösuglega en hún skildi nýverið við eiginmann sinn, Jesse James.








**HIÐ GÓÐA Á MÓTI HINU ILLA** Nicolas Cage bregður sér í líki seiðkarls sem ræður til sín lærling í myndinni The Sorcerer's Apprentice.

# Lærlingur galdrakarlsins

**Leikarinn Nicolas Cage er mættur aftur á hvíta tjaldið og í þetta sinn í gervi galdramanns. Myndin The Sorcerer´s Apprentice er ævintýramynd sem er stútfull af tæknibrellum. Myndin er frá sama leikstjóra og gerði National Treasure myndirnar og var frumsýnd hér á landi í gær.**

Kvikmyndin fjallar um seiðkarlinn Balthazar Blake sem vinnur við að halda kröftum New York borgar góðum en þarf að berjast um völdin yfir borginni við erkióvin sinn, Maxim Horvath. Galdrakarlinn hefur leitað lengi að eftirmanni sínum og röð tilviljana gerir það að verkum að hinn ósköp venjulegi, en svolítið tregi táningur Dave Stutler verður fyrir valinu. Á meðan Stutler er að læra galdralistina, sem gengur svona upp og niður, þurfa þeir tveir að sameina krafta sína til ná fram sigri þess góða á hinu illa í borginni.

Sem fyrr segir er það stórleikarinn Nicolas Cage sem leikur aðalhlutverkið, galdrakarlinn Balthazar Blake, og er hann varla þekkjanlegur í hlutverkinu með sítt gråsprengt hár og í leðurkápu. Leikstjóri myndarinnar Jon Turtletaub hefur áður leikstýrt Cage í National Treasure myndunum tveimur en kappinn er með fjársjóðsleitarmynd númer þrjú í bígerð. Leikarinn Jay Baruchel leikur lærlinginn sjálfann og Alfred Molina er óvinurinn í myndinni. Einnig bregður ítölsku þokkadísinni Monicu Bellucci fyrir.

The Sorcerer´s Apprentice hefur ekki fengið neitt sérstaka dóma hjá fjölmiðlum í Bandaríkjunum. Tímaritið Rolling Stone gaf henni falleinkun og eina stjörnu. Gagnrýnandinn segir meðal annars að lélegar tæknibrellur yfirgnæfi frammistöðu leikaranna. Blaðamaður New York Times er þó örlítið bjartari í máli og segir myndina vera meðalævintýramynd sem sé alveg þess virði að sjá.

alfrun@frettabladid.is

## GRÍNARINN GÓÐI

Það eru margir sem kannast við leikarann Jay Baruchel en ekki margir sem þekkja kappann. Baruchel er svokallaður konungur aukahlutverkanna en hann hefur leikið í mörgum þekktum myndum á borð við Knocked, Million dollar baby, Almost Famous og Tropic Thunder. Baruchel leikur lærlinginn sjálfan, Dave Stutler, í myndinni. Þessi kanadíski leikari er 28 ára gamall og hóf feril sinn 14 ára gamall í sjónvarpi. Upp á síðkastið hefur hann verið í kastljósinu vegna þátttöku sinnar í auglýsingaherferð Adidas íþróttavörurisans fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu 2010.



# Sótti innblástur til Hómers

Leikarinn Michael Cera leitaði á náðir Simpson teiknimyndaseríunnar fyrir hlutverk sitt í myndinni Scott Pilgrim vs.the world. Cera, sem leikur einstakan karakter í myndinni, segist hafa leitað sér aulainnblásturs til Hómers Simpson. „Hómer Simpson er frábær. Svona týpa sem segir nákvæmlega það sem hann er að hugsa og er sama um allt annað fólk í kringum sig. Elskar kleinuhringi og er svona erkitýpa í einu og öllu,“ segir Cera í viðtali við Hollywood News. Leikarinn ungi skaust upp á stjörnuhimininn fyrir hlutverk sitt í myndinni Juno og hefur verið iðinn við kolann síðan.

Kvikmyndin fjallar um strák, Scott Pilgrim, sem verður ástfanginn og þarf að sigrast á öllum fyrrverandi kærustum stúlkunnar áður en hann getur nálgast hana. Myndin verður frumsýnd hér á landi í lok ágúst.



**ERKITÝPA** Hómer Simpson: Elskar kleinuhringi og er sama um annað fólk.



**LEIKUR AULA** Í nýjustu mynd sinni leikur Michael Cera aula og sótti hann innblástur til Hómers Simpson við undirbúning sinn fyrir hlutverkið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


BT
Gerir skólann skemmtilegri!
Allir sem kaupa fartölvu hjá BT í ágúst og september fara í pott og verður einn heppinn dreginn út 1. október og fær hann fartölvuna sína endurgreidda !
Packard Bell
Packard Bell
Packard Bell
15.6" HD LED Diamond
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz
512MB INTEL HD skjástýring
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Innbyggð 1.3MP HD
1280x1024
134.999
Samsung
SAMSUNG
Samsung R530
15.6" HD 1366 x 768
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz
512 MB nvidia Geforce
310M skjákort
Windows 7 Home Premium
149.999
Hugbúnaður
Office 2010
Home and
Student
16.999
Flakkari
Verbatim
14.999
320GB
Prentari
HP Deskjet 5560
17.999
Þráðlaus
Flakkari
Verbatim
Með upptöku
1TB
39.999
Tölvuskjár
Benq LED skjár
Full HD
Örþunnur 24" LED skjár
49.999
Toshiba
TOSHIBA
9 klst. rafhlöðuending
Toshiba T135
13,3" WXGA HD TruBrite LED
Intel Pentium Dual-Core SU4100
3 GB DD3 1066MHz
512MB INTEL HD skjástýring
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 32bit
Vegur aðeins 1.75kg
9 klst. rafhlöðuending
119.999
Acer
acer
Acer 5542 Bluray
15.6" HD LED CineCrystal
AMD Athlon II X2 M300
4GB DDR2
512MB ATI HD4200
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Bluray drif
BluRay spilari
149.999
Hewlett Packard
15,6"
Glæsileg hönnun
hp invent
HP
15.6" High-Definition LED HP
AMD Athlon II P320
4GB DDR3 1333MHz
512MB ATI HD4250
500GB 7200RPM
Windows 7 Home
Premium 64-bit
Innbyggð vefmyndavél
2ja ára HP ábyrgð
134.999
Hewlett Packard
hp invent
HP
15.6" High-Definition LED HP
AMD Athlon Neo X2 Dual Core Ultrathin L335
4GB DDR3 1066MHz
ATI Radeon HD 4650 1gb DDR3
500GB 7200RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Innbyggð vefmyndavél
2ja ára HP ábyrgð
159.999
Svínvirkar í leikina
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is OPIÐ Í SKEIFUNNI TIL KL. 22.00 ALLA DAGA

# Fólk

folk@frettabladid.is



**> SAMDI ÁSTARLAG**

Söngkonan Katy Perry hefur samið ástarlag handa tilvonandi eiginmanni sínum, breska leikaranum Russell Brand. Hún ætlar að syngja lagið í giftingunni, sem er fyrirhuguð í desember.

## Vincent Moon gestur á RIFF

Franski kvikmyndagerðarmaðurinn Vincent Moon verður gestur á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF.

Moon er þekktur fyrir sérstæðar tónleikaupptökur sínar sem hann kallar Take Away Shows. Þar hittir hann viðkomandi flytjanda á óvenjulegum stöðum, svo sem á börum, götum Parísar, í litlum baðherbergjum eða þröngum stigum, og tekur þar upp flutninginn með aðeins einni kvikmyndatökuvél. Á meðal stórra nafna úr tónlistarheiminum sem Moon hefur unnið með má nefna R.E.M., Tom Jones, Arcade Fire og Sigur Rós. Síðastnefndu sveitina fékk hann til að spila lagið, Við spilum endalaust, á litlum bar í París.

Nokkrar af helstu upptökum Moon verða sýndar á RIFF og í tengslum við sýninguna segir hann frá aðferðum sínum og hvernig hann nálgast tónlistarmennina á þennan óhefðbundna hátt. Þá ætlar hann að safna saman nokkrum íslenskum tónlistarmönnum og hljómsveitum og taka upp tónlistarflutning þeirra á óhefðbundnum stöðum hér á landi.

RIFF-hátíðin verður haldin dagana 23. september til 3. október.



**VINCENT MOON** Franski kvikmyndagerðarmaðurinn verður gestur á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík.

## Harry Potter-stjarna með stúlku

Fjölmiðlar vestanhafs halda því fram að Daniel Radcliffe sé að fara á fjörurnar við stjúpdóttur framleiðanda myndanna um galdrastrákinn Harry Potter.

Sést hefur til leikarans með hinni 19 ára gömlu Olive Uiacke nokkuð oft á síðustu vikum. Til að mynda djömmuðu þau saman í Rússlandi nýlega þar sem stjarnan hélt upp á 21 árs afmæli sitt auk þess sem þau sáust láta vel hvort að öðru á krikketleik í London í síðustu viku.

Vinskapur hefur verið á milli þeirra síðan Radcliffe lék í fyrstu Potter-myndinni árið 2001.

„Þau hafa þekkst lengi, alveg síðan framleiðsla á Harry Potter-myndunum hófst. Þau urðu fyrst náin fyrir nokkrum árum en sambandið fjaraði út. Þau hafa þó alltaf haldið vinskap og á síðustu mánuðum hefur sambandið orðið sterkara,“ segir heimildarmaður.

Nokkuð hefur verið rætt um það hvort Uiacke sé á eftir peningum Radcliffes en hún á nóg af peningum sjálf svo það er af og frá.



**HARRY POTTER Á STEFNUMÓTUM** Radcliffe hittir oft stjúpdóttur framleiðanda myndanna um töfrastrákinn.



**TVEIR GÓÐIR** Fótboltasérfræðingarnir Hjörvar Hafliðason og Guðmundur Benediktsson stjórna nýjum þætti um enska boltann í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Stórleikirnir í brennidepli í þætti Hjörvars og Gumma

**Fótboltasérfræðingarnir Hjörvar K. Hafliðason og Guðmundur Benediktsson stjórna nýjum sjónvarpsþætti um enska boltann á Stöð 2 Sport 2 í vetur.**

„Þetta verða ég og Gummi strax eftir stórleikinn á sunnudegi,“ segir fótboltasérfræðingurinn Hjörvar K. Hafliðason. Þeir Guðmundur Benediktsson stjórna nýjum sjónvarpsþætti um enska boltann á Stöð 2 Sport 2 í vetur. DV greindi frá því í gær að Hjörvar væri að skipta um vettvang og nú er komið í ljós að enski boltinn verður viðfangsefni hans.

„Við munum ekkert dvelja lengi yfir leikjum eins og West Brom-Blackpool en það verður farið ítarlega í stóru leikina, stóru ákvarðanirnar og vafaatriðin. Við munum reyna að hafa eitthvað skemmtilegt í þessu líka,“ segir Hjörvar og hlakkar til samstarfsins við Gumma Ben. „Guðmundur er afar orðheppinn og fyndinn maður og áhorfendur munu njóta þess líka. En þetta verður fyrst og fremst hrikalega skemmtilegur þáttur sem menn vilja vonandi ekki missa af. Öfugt við þátt Guðna Bergs þá höfum við þáttinn á sunnudögum og segjum alla sögu helgarinnar.“

Góður gestur verður fenginn í hvern þátt og ýmsir áhugaverðir dagskrárliðir verða kynntir til sögunnar. „Það verður ákveðið uppgjör í lok hvers þáttar, valinn besti leikmaðurinn, besti stjórinn og pappakassi umferðarinnar,“ segir Hjörvar. Hann bætir við að rykið verði einnig dustað af gömlum hetjum úr enska boltanum á borð við Bruce Grobbelaar, Matthew Le Tissier, Vinnie Jones, Faustino Asprilla og Eric Cantona.

Hjörvar hefur verið fótboltasérfræðingur í Sjónvarpinu í sumar. Hann hefur fjallað um íslenska boltann ásamt Hirti Hjartarsyni og var hluti af sérfræðingunum sem slógu í gegn í HM-þættinum undir stjórn Þorsteins J. „Maður hefur lært fullt af flottum hlutum á RÚV. Það er búið að vera gaman að vinna þar, sérstaklega með Hirti Hjartarsyni. Hann hefur sett umfjöllun um vinsælustu íþrótt á Íslandi á allt annað plan á RÚV.“

Ekki er komið á hreint hvort Hjörvar heldur áfram umfjöllun sinni um íslenska boltann í Sjónvarpinu eftir að enski boltinn byrjar 14. ágúst. Fari svo kemur upp sú staða að hann verður sérfræðingur samtímis á Stöð 2 Sport 2 og í Sjónvarpinu í rúman mánuð, eða þangað til íslenska boltanum lýkur. Fulltrúi íþróttadeildar Sjónvarpsins vildi ekkert tjá sig um framtíð Hjörvars á stöðinni þegar Fréttablaðið leitaði eftir því.

freyr@frettabladid.is

## Gaman í Simpsons

Gamanleikarinn Ricky Gervais er gríðarlega ánægður með þátttöku sína í næstu þáttaröð af The Simpsons. Rödd hans hljómar í þætti sem fjallar um Óskarsverðlaunin. „Þetta er skemmtilegur þáttur,“ sagði Gervais, sem kom síðast fram í The Simpsons árið 2006. „Það er skrítið að tala um að vera í The Simpsons eins og ekkert sé eðlilegra. Þegar ég byrjaði í grínbransanum var ég spurður hverju ég vildi helst fá áorkað. Ég svaraði: „Að segja brandara í The Simpsons.“ Ég hef verið mjög heppinn strákur,“ sagði hann og bætti við: „Kannski á ég einhvern tímann eftir að hitta einhvern jafn heimskan og sköllóttan og Hómer. Ég efast samt um að það sé nokkur þannig persóna til í öllum heiminum.“



**RICKY GERVAIS** Breski grínistinn er ánægður með þátttöku sína í The Simpsons.





**INNANHÚSSTÍLISTANÁM**

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*



Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*



Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101**


## Góðir gestir á Control-hátíð

Ian Livingstone, forstjóri tölvuleikjafyrirtækisins Eidos, og breski Grammy-verðlaunahafinn Imogen Heap verða á meðal fyrirlesara á tónlistarráðstefnunni You Are In Control sem verður haldin 1. og 2. október.

Fyrirtækið Eidos hefur meðal annars dreift tölvuleikjunum Lara Croft og Hitman. Livingstone er einnig stofnandi leikjafyrirtækisins Games Workshop sem framleiðir Dungeons & Dragons, Warhammer og bókasyrpuna Fighting Fantasy, sem hefur selst í yfir sextán milljónum eintaka. Livingstone mun ræða um frumkvöðlafræði og mikilvægi þess að útfæra frumlegar viðskiptahugmyndir.

Breska tónlistarkonan og Grammy-verðlaunahafinn Imogen Heap er þekkt fyrir að samnýta skapandi greinar til að framleiða margþætta tónlistarviðburði. Hún er kunn í heimalandi sínu fyrir að vera meðlimur dúósins Frou Frou og fyrir sólóplötur sínar.

Á meðal annarra gesta á hátíðinni verða Jón Gnarr borgarstjóri, Anamaria Wills, framkvæmdastjóri Þróunarmiðstöðvar skapandi greina, Xavier Troussard, sviðsstjóri hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Clare Hudson, framkvæmdastjóri bresku almannatengslastofunnar Hudson PR.

You are in Control fer fram á Hilton-hótelinu. Skráning er hafin á síðunni Youareincontrol.is. Ráðstefnugjald fyrir þá sem skrá sig fyrir 5. september er 20 þúsund krónur.



**IMOGEN HEAP** Breska tónlistarkonan verður á meðal gesta á tónlistarráðstefnunni You Are In Control.

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8

# Bolabrjálæði!

## Allir bómullar bolir

# 599,-



Kvenmannsbolir, margir litir



HERRA BÓMULLARBOLIR
Margar gerðir og litir.



Kvenmannsbolir, margir litir





Kvenmannsbolir, margir litir



Kvenmannsbolir, margir litir



HERRA BÓMULLARBOLIR
Margar gerðir og litir.

WWW.GULAHUSID.IS

Meðan birgðir endast !

**OPNUNARTÍMI:**
**MÁN-LAU. 10.00-18.00**
**SUN. 12.00-17.00**


BT
Gerir skólann skemmtilegri!
Allir sem kaupa fartölvu hjá BT í ágúst og september fara í pott og verður einn heppinn dreginn út 1. október og fær hann fartölvuna sína endurgreidda !
Packard Bell
Packard Bell
Packard Bell
15.6" HD LED Diamond
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz
512MB INTEL HD skjástýring
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Innbyggð 1.3MP HD
1280x1024
134.999
Samsung
SAMSUNG
Samsung R530
15.6" HD 1366 x 768
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz
512 MB nvidia Geforce
310M skjákort
Windows 7 Home Premium
149.999
Hugbúnaður
Office 2010
Home and
Student
16.999
Flakkari
Verbatim
14.999
320GB
Prentari
hp invent
HP Deskjet 5560
17.999
Þráðlaus
Flakkari
Verbatim
Með upptöku
1TB
39.999
Tölvuskjár
Benq LED skjár
Full HD
Örþunnur 24" LED skjár
49.999
Toshiba
TOSHIBA
9 klst. rafhlöðuending
Toshiba T135
13,3" WXGA HD TruBrite LED
Intel Pentium Dual-Core SU4100
3 GB DD3 1066MHz
512MB INTEL HD skjástýring
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 32bit
Vegur aðeins 1.75kg
9 klst. rafhlöðuending
119.999
Acer
acer
BluRay spilari
Acer 5542 Bluray
15.6'' HD LED CineCrystal
AMD Athlon II X2 M300
4GB DDR2
512MB ATI HD4200
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Bluray drif
149.999
Hewlett Packard
15,6"
Glæsileg hönnun
hp invent
HP
15.6" High-Definition LED HP
AMD Athlon II P320
4GB DDR3 1333MHz
512MB ATI HD4250
500GB 7200RPM
Windows 7 Home
Premium 64-bit
Innbyggð vefmyndavél
2ja ára HP ábyrgð
134.999
Hewlett Packard
hp invent
HP
15.6" High-Definition LED HP
AMD Athlon Neo X2 Dual Core Ultrathin L335
4GB DDR3 1066MHz
ATI Radeon HD 4650 1gb DDR3
500GB 7200RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Innbyggð vefmyndavél
2ja ára HP ábyrgð
159.999
Svínvirkar í leikina
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is OPIÐ Í SKEIFUNNI TIL KL. 22.00 ALLA DAGA

## > Sölvi Geir og félagar slógu út FH-banana

Sölvi Geir Ottesen og félagar í danska liðinu FC Kaupmannahöfn slógu í gær út FH-banana í BATE Borisov í 3. umferð í forkeppni Meistaradeildarinnar. FCK vann seinni leikinn 3-2 á Parken eftir að þau gerðu markalaust jafntefli í Hvíta-Rússlandi í síðustu viku. BATE-liðið fór létt með Íslandsmeistara FH í síðustu umferð en lenti 2-0 undir í gær. Þeir náðu hins vegar að jafna með tveimur mörkum á lokamínútum fyrri hálfleiks og voru því á leiðinni áfram þar til að Danir skoruðu sigurmarkið sitt á 59. mínútu. Sölvi Geir Ottesen lék allan leikinn í vörn FC Kaupmannahöfn.



sport
sport@frettabladid.is

UNNUR TARA JÓNSDÓTTIR: BESTI LEIKMAÐUR ÚRSLITAKEPPNINNAR Á LEIÐ Í LÆKNANÁM TIL UNGVERJALANDS

# Ég horfi bara á Signýju og veit að ég á nóg eftir

Íslandsmeistarar KR hafa orðið fyrir mikilli blóðtöku í kvennakörfunni því besti leikmaður úrslitakeppninnar síðasta vor, Unnur Tara Jónsdóttir, er á leiðinni í læknanám til Ungverjalands.

Unnur Tara hefur mikinn metnað í náminu og ákvað að sækja um í ungverskum læknaskóla þegar ljóst var að hún komst ekki að í Háskóla Íslands.

Unnur Tara fór á kostum í úrslitakeppninni þar sem hún var með 19,9 stig að meðaltali í leik þar á meðal skoraði hún 27 stig og hitti úr 8 af 9 skotum sínum þegar KR tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri á Hamar í hreinum úrslitaleik um titilinn.

„Ég er að fara til Ungverjalands 20. ágúst en þetta var mjög erfið ákvörðun. Ég var ekki alveg viss en ég hélt að ég myndi sjá eftir því ef að ég myndi allavega ekki prófa í það minnsta eitt ár," segir Unnur sem ætlaði að spila með læknanáminu hér heima en er ekki viss hvernig málin þróast núna. „Ég ætla að sjá til hvað námið er erfitt áður en ég athuga hvort ég get eitthvað verið að æfa þarna úti. Ég hef heyrt að fyrsta árið sé mjög erfitt úti þannig að ég efast um að það verði einhver körfubolti hjá mér fyrr en á öðru ári," segir Unnur Tara og bætir við: „Ég horfi bara á Signýju og þá veit ég að ég á nóg eftir. Ég ætla ekkert að hætta og hef stefnuna á að ná einhvern tímann inn í fimm manna úrvalsliðið á lokahófinu. Ég hætti ekki fyrr en ég næ því," segir Unnur Tara en játar því að það verði erfitt fyrir hana að yfirgefa KR-liðið.



Signý Hermannsdóttir hefur ekki gefið það út hvort hún haldi áfram að spila með KR en Unnur Tara hefur trú á því að Signý haldi áfram. „Mig langaði rosalega mikið að reyna að verja titilinn með KR og taka þennan bikarmeistaratitil líka. Það er svolítið fúlt að sleppa því. Það skiptir samt engu máli fyrir KR þótt ég fari því þær eru með svo öflugt lið. Það kemur alltaf maður í manns stað og þetta verður í góðu lagi sérstalega ef Signý heldur áfram," segir Unnur hógvær.

**Breiðablik 5-0 Valur**

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1316 — Erlendur Eiríksson (8)

*1-0 Jökull Elísabetarson (42.)*
*2-0 Kristinn Steindórsson (59.)*
*3-0 Alfreð Finnbogason (70.)*
*4-0 Guðmundur Kristjánsson (73.)*
*5-0 Alfreð Finnbogason (76.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–10 (10–6) |
| Varin skot | Ingvar 5 – Kjartan 4 |
| Horn | 5–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–6 |
| Rangstöður | 3–3 |

| BREIÐAB. 4–3–3 | | VALUR 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Þór Kale | 8 | Kjartan Sturluson | 4 |
| Arnór Sveinn Aðalst. | 6 | Stefán Eggertsson | 5 |
| Elfar Freyr Helgason | 8 | Atli Sveinn Þórarinss. | 4 |
| Kári Ársælsson | 7 | Martin Pedersen | 5 |
| Kristinn Jónsson | 7 | Greg Ross | 3 |
| ***Jökull Elísarbet.** | **9** | Rúnar Már Sigurjóns. | 4 |
| Finnur Orri Margeirs. | 8 | Sigurbjörn Hreiðarss. | 5 |
| (79., Rannver Sigurj. | -) | Jón Vilhelm Ákason | 4 |
| Guðmundur Kristjáns. | 7 | Arnar Sveinn Geirss. | 6 |
| Haukur Baldvinsson | 7 | (79., Þórir Guðjónss. | -) |
| (87., Elvar Páll | -) | Baldur Aðalsteinsson | 4 |
| Kristinn Steindórsson | 6 | Guðmundur Steinn | 4 |
| Alfreð Finnbogason | 9 | (69., Diar. O´Carrol | 3) |

**Maður leiksins*

## PEPSI-DEILDIN

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | **14** | **9** | **2** | **3** | **34-16** | **29** |
| ÍBV | 13 | 9 | 2 | 2 | 22-10 | 29 |
| **FH** | **13** | **6** | **4** | **3** | **24-19** | **22** |
| Fram | 13 | 5 | 5 | 3 | 21-18 | 20 |
| **Keflavík** | **13** | **5** | **5** | **3** | **13-14** | **20** |
| Valur | 14 | 4 | 6 | 4 | 21-26 | 18 |
| **Stjarnan** | **13** | **4** | **5** | **4** | **23-21** | **17** |
| KR | 12 | 4 | 4 | 4 | 20-18 | 16 |
| **Fylkir** | **12** | **4** | **3** | **5** | **24-24** | **15** |
| Grindavík | 13 | 2 | 3 | 8 | 13-23 | 9 |
| **Selfoss** | **13** | **2** | **2** | **9** | **15-29** | **8** |
| Haukar | 13 | 0 | 7 | 6 | 16-28 | 7 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Alfreð Finnbogason, Breiðabliki** | **11** |
| Kristinn Steindórsson, Breiðabliki | 8 |
| **Albert Brynjar Ingason, Fylki** | **7** |
| Tryggvi Guðmundsson, ÍBV | 7 |
| **Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni** | **7** |
| Atli Viðar Björnsson, FH | 7 |

pepsi deildin

**Fimmtudagurinn 5. ágúst**

**ÍBV – FH** kl. 19:15
*Hásteinsvöllur*

**Grindavík – Fram** kl. 19:15
*Grindavíkurvöllur*

**Haukar – Selfoss** kl. 19:15
*Vodafonevöllurinn*

**Fylkir - Keflavík** kl. 19:15
*Fylkisvöllur*

**KR - Stjarnan** kl. 19:15
*KR-völlur*

# Blikar settu í fimmta gír gegn Val

**Valsmenn mættu í Kópavoginn í gær til þess eins að vera niðurlægðir. Leikurinn var opinn í báða enda í fyrri hálfleik en Blikar höfðu öll völd í þeim seinni og komust aftur upp í toppsæti deildarinnar.**

**FÓTBOLTI** Breiðablik sendi ÍBV skýr skilaboð á Kópavogsvellinum í gær þar sem liðið gerði sér lítið fyrir og rúllaði yfir varnarlausa Valsmenn 5-0. Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, gat svo sannarlega ekki kvartað eftir leikinn.

„Nei, ég kvarta ekki og er ekki vanur að kvarta. Ekki einu sinni eftir leikinn gegn Fram, þá vorum við bara lélegir. Það er gamla sagan að úrslitin sjá um sig sjálf ef leikmenn leggja eitthvað í púkkið. Það gerðu þeir svo sannarlega í kvöld, sérstaklega í seinni hálfleik," sagði Ólafur eftir leik.

Varnarleikur Blika var ekki mjög sannfærandi í fyrri hálfleiknum og Valsmenn fengu í raun betri færi í honum. En Ingvar Kale var í ham í rammanum og átti nokkrar mjög mikilvægar vörslur sem skiptu sköpum. En í seinni hálfleik luku Valsmenn keppni á meðan Blikum héldu engin bönd.

„Við rifjuðum upp í hálfleik hvernig við viljum spila varnarleik, við færðum línuna framar og þéttum okkur. Það skóp í raun og veru sigurinn," sagði Ólafur

Jökull Elísabetarson kom Blikum á bragðið með glæsilegu marki en Jökull átti hreinlega stórleik í gær þar sem hann vann mikilvæga vinnu á miðjunni. „Jökull er búinn að vera frábær í allt sumar og hefur ekki alveg fengið það hrós sem mér finnst hann hafa átt skilið.

Alfreð Finnbogason sýndi sparihliðarnar, skoraði tvö og lagði önnur tvö upp. „Maður getur ekki verið annað en sáttur við vinnudaginn. Valsmenn fengu tvö mjög góð færi í fyrri hálfleiknum og voru satt best að segja óheppnir að vera ekki yfir í hálfleik," sagði Alfreð.

„Það er gott að vera aðeins búinn að snúa blaðinu við. ÍBV hefur yfirleitt verið að spila á undan okkar og pressan verið okkar megin. Nú er þeirra að taka við."

Blikarnir voru frábærir í gær og Valsliðið eins og leir í höndum þeirra. Hlíðarendaliðið hefur ekki unnið deildarleik síðan 14. júní og vandamálið sem Gunnlaugur Jónsson er að glíma við kannski stærra en hann nokkurn tíma óraði fyrir.

Spilamennska liðsins hrundi í seinni hálfleik og andleysið og áhugaleysið var algjört hjá þeim rauðklæddu. „Við vorum ekki með síðustu 40 mínúturnar. Þeir að sama skapi bættu sinn leik og við vorum ekki í takti. Við vorum okkur til skammar," sagði Sigurbjörn Hreiðarsson, miðjumaður Vals.

„Mér fannst fyrri hálfleikurinn fínn en við vorum ekki með grimmd eða neitt gegn þeim í seinni hálfleik. Við vorum bara úti að skíta. Þeir bara rúlluðu okkur upp."

Valsmenn eiga mikið verk óunnið fram að næsta leik sem er gegn Grindavík á sunnudag. Á sama tíma eru Blikar að fara að mæta Íslandsmeisturum FH. „Hjá okkur hefur maður í allt sumar bara hugsað um næsta leik. Það er leiðinlegt, en það er bara þannig. Krikinn er verðugt verkefni," sagði Ólafur Kristjánsson.

elvargeir@frettabladid.is



**ÞAÐ FYRSTA AF FIMM** Jökull Elísarbetarson átti stórleik með Blikum í gær og fagnar hér markinu sínu sem kom Breiðabliki í 1-0. Með honum eru Haukur Baldvinsson og Arnór Sveinn Aðalsteinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland tapaði fyrir Danmörku með marki á lokasekúndu leiksins og komst ekki í undanúrslit:

# Vorum einni sekúndu frá medalíunni

**HANDBOLTI** Landslið Íslands komst ekki í undanúrslit á EM U-20 í Slóvakíu eftir afar sárt tap fyrir Dönum í lokaumferð milliriðlakeppninnar í gær, 33-32. Danir skoruðu sigurmark leiksins á lokasekúndunni eftir að Ísland hafði verið með boltann þegar átta sekúndur voru eftir. Jafntefli hefði dugað Íslandi.

Guðmundur Árni Ólafsson var þá með boltann en fékk dæmdan á sig ruðning. Danir brunuðu í sókn og skoruðu sigurmarkið.

„Þetta var grátlegt," sagði Einar Guðmundsson landsliðsþjálfari eftir leikinn. „Þetta gerðist mjög hratt í æsingnum. Guðmundur hélt að höndin væri komin upp hjá dómurunum og menn vissu ekki hvað það var mikið eftir. Leikklukkan sneri baki í okkur sem var ansi óheppilegt. Það var svo fiskaður ruðningur á hann og þeir náðu að skora. Svona er þetta bara."

Einar sagði strákana hafa lagt sig mikið fram. „Þeir börðust eins og hundar og lögðu sig alla fram. Það er ekki hægt að skamma neinn þegar svo er enda var þetta engum að kenna."

Ísland tapaði óvænt fyrir Portúgal í riðlakeppninni en síðarnefnda liðið gerði sér lítið fyrir og vann einnig Dani. Leikurinn í gær var því úrslitaleikur um hvort liðið fylgdi því portúgalska í undanúrslitin.

„Við vorum óheppnir gegn Portúgal og svo aftur í þessum leik. Í svona móti má ekki við slíku og því er þetta bara búið. Við hefðum aldrei tapað fyrir Portúgal aftur og vorum því bara einni sekúndu frá medalínunni," bætti Einar við.

Þessi sami hópur komst í úrslit á HM U-19 ára í Túnis í fyrra en tapaði þá fyrir Króatíu sem þarf að sætta sig við að spila um 9.-12. sætið á þessu móti.

„Það sýnir bara hversu jafnt þetta mót er. Það þarf allt að ganga upp til að ná árangri. Þetta er auðvitað svekkjandi fyrir okkur eftir að hafa verið sex ár saman en við eigum enn eitt mót eftir – á HM U-21 í Grikklandi á næst ári."

- esá



**ÓLAFUR GUÐMUNDSSON** Var valinn besti leikmaður Íslands í gær. Hann skoraði fimm mörk í leiknum, rétt eins og Aron Pálmarsson. Heimir Óli Heimisson var markahæstur með sex mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nú er rétti tíminn til framkvæmda:

# 100% endurgreiðsla

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

á virðisaukaskatti af keyptri vinnu og allt að 300.000 kr. frádráttur frá skattstofni.

Sjá nánar á www.allirvinna.is

## Gæða-múrvörur í BYKO!

Íslensk framleiðsla í hæsta gæðaflokki.

Mikið úrval af múrvörum fyrir stór og smá múrverk. Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður tryggja betri endingu.
Í BYKO færðu gæðamúrvörur á frábæru verði.





BYKO

EXPO · www.expo.is



**ÞRÍR GÓÐIR** Dwyane Wade, LeBron James og Chris Bosh. MYND/AP

NBA-deildin á næsta tímabili:

## Frumsýning Miami í Boston

**KÖRFUBOLTI** Fyrsti alvöru leikur Dwyane Wade, LeBron James og Chris Bosh saman með Miami Heat verður í Boston 26. október næstkomandi en NBA-deildin hefur gefið út stærstu leiki komandi tímabils.

Það þykir líka mikill heiður að spila á jóladag og þá mun Miami-liðið spila við NBA-meistarana í Los Angeles Lakers en margir búast við því að þessi tvö lið mætist í lokaúrslitunum næsta sumar.

Aðrir leikir á jóladag eru Orlando-Boston, New York-Chcago, Oklahoma City-Denver og Golden State-Portland en það er óskráð regla að aðeins skemmtilegustu lið deildarinnar fái að spila 25. desember. - óój



**ÓVÆNT INNKOMA** Hinn 18 ára Heung Min Son fagnar sigurmarki sínu á móti Chelsea. MYND/NORDIC PHOTOS /GETTY

Æfingaleikir ensku liðanna:

## Þriðji tapleikur Chelsea í röð

**FÓTBOLTI** Chelsea tapaði í gær 2-1 fyrir þýska liðinu Hamburger SV í æfingaleik liðanna í Hamburg. Þetta var þriðji tapleikur Chelsea-liðsins í röð á undirbúningstímabilinu en liðið hafði áður tapað 1-2 fyrir Eintracht Frankfurt á sunnudaginn og 1-3 fyrir Ajax í síðustu viku.

Frank Lampard kom Chelsea í 1-0 í leiknum á 23. mínútu eftir sendingu frá Michael Essien en Mladen Petric jafnaði leikinn á 72. mínútu eftir varnarmistök Yury Zhirkov. Það var síðan 18 ára varamaður, Heung Min Son, sem tryggði Hamburger SV sigurinn þremur mínútum fyrir leikslok. Næsti leikur Chelsea-liðsins er á móti Manchester United um næstu helgi í leiknum um góðgerðaskjöldinn. - óój

Æfingaleikur hjá Inter:

## Benitez rólegur þrátt fyrir tap

**FÓTBOLTI** Rafa Benítez, þjálfari Inter, var sallarólegur eftir fyrsta tap liðsins undir hans stjórn. Liðið beið lægri hlut gegn gríska liðinu Panathinaikos í vináttuleik í gær 3-2.

„Þetta hjálpar okkur bara að vaxa sem lið. Við höfum verið á fleygiferð og spilað marga leiki. Við vissum að þessi vika yrði erfiðust á undirbúningstímabilinu," sagði Benítez.

Inter vann 3-0 sigur á Manchester City um síðustu helgi en liðið virkaði þungt í leiknum í gær. „Við vitum að það verður erfitt að endurtaka árangurinn frá síðasta tímabili en við erum að vinna að því að mæta eins tilbúnir til leiks og hægt er."

Djibril Cisse skoraði tvö af mörkum Panathinaikos í gær en Samuel Eto'o og Coutinho fyrir Evrópu- og Ítalíumeistarana. - egm

Lettneskur miðherji og bandarískur bakvörður hafa samið við Snæfell og Njarðvík í Iceland Express kvenna:

# Skólasystur úr NC State spila á Íslandi í vetur

**KÖRFUBOLTI** Shayla Fields og Inga Muciniece spiluðu á sínum tíma saman hjá North Carolina State háskólanum í Bandaríkjunum en næsta vetur eru þær báðar á leiðinni til Íslands til að spila í Iceland Expres deild kvenna. Shayla Fields hefur samið við Njarðvík og Inga Muciniece mun spila með Snæfelli.

Shayla Fields er 23 ára og 175 sem bakvörður frá Bandaríkjunum sem útskrifaðist úr North Carolina State háskólanum vorið 2009. Hún reyndi fyrir sér hjá tyrkneska liðinu Ceyhan Belediyespor síðasta vetur en komst ekki að þannig að þetta verður hennar fyrsta alvöru tímabil í Evrópu. Field skilaði flottum tölum á lokaári sínu með NC State þar sem hún var með 17,4 stig að meðaltali í leik.

Inga Muciniece er 24 ára og 196 sem miðherji frá Lettlandi sem hefur verið við nám í Bandaríkjunum allt frá árinu 2005. Hún lék síðast með BK Ventspils í heimalandinu þar sem hún var með 11,0 stig og 13,8 fráköst að meðaltali 18 ára gömul. Hún var síðan í Bartonskólanum áður en hún fór í North Carolina State.



**INGI ÞÓR STEINÞÓRSSPON** Þjálfar áfram karla- og kvennalið Snæfells en hann kom báðum liðum í úrslitakeppnina á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þjálfararnir Sverrir Þór Sverrsson hjá Njarðvík og Ingi Þór Steinþórsson hjá Snæfelli eru ekki hættir því þeir eru að leita sér að öðrum erlendum leikmanni til að styrkja lið sína fyrir baráttuna í vetur.

Sverrir skimar eftir evrópskum miðherja en Ingi er að skoða bandaríska leikmenn. Snæfell og Njarðvík eru bæði skipuð mjög ungum leikmönnum en síðasta ár háðu þau hörkukeppni um að komast í úrslitakeppnina. - óój

# Stefnan að sækja og skora

**Kvennalið Breiðabliks hefur keppni í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Riðill Blikastúlkna spilar hér á landi og fara allir leikirnir fram á Kópavogsvelli utan eins. „Heimavöllurinn hefur mikið að segja," segir þjálfari Breiðabliks.**

**FÓTBOLTI** „Ég tel möguleika okkar í þessum riðli mjög góða. Við erum á heimavelli og það hefur mikið að segja," segir Jóhannes Karl Sigursteinsson, þjálfari Breiðabliks. Liðið er að fara að keppa í forkeppni Meistaradeildarinnar og á fyrsta leik í kvöld kl. 18 á Kópavogsvelli.

Auk Blikaliðsins eru það FCF Juvisy Essonne frá Frakklandi, FC Târgu Mure⊠ frá Rúmeníu og Levadia Tallinn frá Eistlandi sem skipa riðilinn. Síðastnefnda liðið er mótherji Breiðabliks í kvöld en allir leikirnir í riðlinum fara fram hér á landi.

„Við rennum blint í sjóinn með þetta eistneska lið og vitum í raun ekkert um það. Fyrirfram er talið að það sé slakast í riðlinum samkvæmt styrkleikaröðun UEFA. Það er mjög erfitt að afla upplýsinga um það. Kvennafótbolti virðist ekki hátt skrifaður í landinu og þar að auki kann ég ekki mjög mikið í eistnesku," segir Jóhannes Karl.

„Við mætum með það að markmiði að sækja og skora mörk. Við komum í þennan leik sem stærra liðið og verðum að vera full sjálfstrausts."

Á laugardaginn leikur íslenska liðið við það franska og svo verður rúmenska liðið mótherjinn í lokaleiknum á þriðjudaginn. „Franska kvennadeildin er ein af þeim sterkari í Evrópu svo það má búast við hörkuleik á laugardaginn. Svo hlýtur eitthvað að vera spunnið í þetta rúmenska liðið þar sem það var talið sterkast í þriðja styrkleikaflokknum," segir Jóhannes sem er mjög sáttur við að fá riðilinn hingað til lands.



**BLIKASTELPUR Á ÆFINGU Í GÆR** Breiðabliksliðið eyðir öllum tíma saman á meðan Evrópukeppninni stendur alveg eins og þær væru staddar erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við sóttum bara um að fá að halda okkar riðil. Svona riðlakeppni hefur aldrei farið fram hér á landi og það hjálpaði okkur að fá grænt ljós auk þess sem við fengum aðstoð frá KSÍ."

Forkeppninni er skipt í sjö riðla og kemst sigurvegari hvers riðils í 32-liða úrslitin ásamt þeim tveimur liðum sem ná bestum árangri í öðru sætinu. Í 32-liða úrslitunum koma síðan fleiri lið inn í keppnina en þar á meðal eru Íslandsmeistarar Vals.

„Þetta er kærkomið verkefni og það er mikill spenningur í hópnum. Við verðum mikið saman þessa viku sem þessi riðill fer fram og þetta brýtur skemmtilega upp sumarið. Við hittumst tvisvar á dag í þessari viku," segir Jóhannes sem segir sínar stelpur tilbúnar í slaginn.

„Greta Mjöll (Samúelsdóttir) meiddist reyndar á æfingu og ég á eftir að fá niðurstöðu varðandi hana. Ég vonast þó til þess að þau meiðsli séu aðeins lítilsháttar."

elvargeir@frettabladid.is



**GRETA MJÖLL** Skoraði mikilvæg mörk í síðustu Evrópukeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Blikastelpur í Evrópu:

## Fóru áfram fyrir fjórum árum

**FÓTBOLTI** Kvennalið Breiðabliks fór alla leið í átta liða úrslitin þegar liðið tók síðast þátt í Evrópukeppni meistaraliða sumarið 2006. Liðið vann þá undanriðilinn í Austurríki með fullu húsi stiga og komst síðan áfram upp úr milliriðlinum sem fram fór í Helsinki í Finnlandi.

Nokkrir leikmenn liðsins í dag voru einnig með fyrir fjórum árum og þar fór fremst Greta Mjöll Samúelsdóttir sem skoraði fimm mörk í átta leikjum þar á meðal tvö sigurmörk í milliriðlinum. Hlín Gunnlaugsdóttir, Sandra Sif Magnúsdóttir, Guðrún Erla Hilmarsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir léku einnig með í þeirri keppni. - óój

Meistaradeild kvenna:

## Frítt á leikina

**FÓTBOLTI** Allir sex leikirnir í fjórða riðli í forkeppni Meistaradeildar kvenna fara fram hér á landi en í fyrsta sinn í sögu þessarar keppni er íslenskt lið í hlutverki gestgjafans.

Leikirnir fara fram í dag, á laugardaginn og á þriðjudag og er frítt á þá alla. - óój

Albert Sævarsson og félagar í ÍBV taka á móti FH í stórleik í Pepsi-deildinni í Eyjum í kvöld:

# Menn skemmtu sér mjög vel á þjóðhátíð

**FÓTBOLTI** Fimm leikir eru á dagskrá Pepsi-deildar karla í kvöld en þar ber hæst viðureign ÍBV og FH í Vestmannaeyjum. Með sigri getur Fimleikafélagið stimplað sig inn í titilbaráttuna af krafti en heimamenn hyggjast endurtaka leikinn frá fyrri umferðinni þegar þeir sóttu þrjú stig í Hafnarfjörðinn.

„Það er ekki annað hægt en að lítast vel á þetta miðað við hvernig sumarið hefur verið," segir Albert Sævarsson, markvörður Eyjamanna, sem viðurkennir að árangur ÍBV í sumar sé betri en hann bjóst við. „Verð ég að segja satt? Ég skal viðurkenna að þetta er alveg fram úr björtustu vonum."

Eyjamenn voru á toppi deildarinnar yfir þjóðhátíð í Eyjum. „Það er alltaf gaman á þjóðhátíð og menn skemmtu sér mjög vel í ár. Fyrir tímabilið var gefið út að við ætluðum okkur að vera í toppbaráttu enda er stefnan alltaf sett á að gera betur en árið á undan. Sjálfstraustið er mikið," segir Albert sem hefur af mörgum verið talinn besti markvörður deildarinnar í sumar.

„Þetta er samspil alls liðsins, allt liðið hefur verið frábært. Ég hef líka notið góðs af því að hafa sterka vörn fyrir framan mig. Allir í varnarlínunni hafa staðið sig mjög vel."

Eiður Aron Sigurbjörnsson og James Hurst hafa kannski fengið meiri athygli en þeir Rasmus Christiansen og Matt Garner, sem Albert segir ekki hafa verið síður góða. ÍBV hefur aðeins fengið á sig tíu mörk í deildinni í sumar.

Í kvöld mætast einnig tvö neðstu lið deildarinnar, nýliðarnir í Haukum og Selfossi. Bæði lið þurfa nauðsynlega á sigri að halda í baráttunni fyrir lífi sínu í deild þeirra bestu. Grindavík, sem einnig tekur þátt í fallbaráttunni, fær Fram í heimsókn, KR-ingar mæta Stjörnunni og í Árbænum leika Fylkir og Keflavík. - egm



**ALBERT SÆVARSSON** Hefur átt frábært tímabil í marki Eyjamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# HREINLÆTISTÆKI

ALLIR VINNA

MÚRBÚÐARVERÐ



Salerni með stút í gólf og setu

**21.690**




WC kassi kr. **16.900**
Sturtuhnappur kr. **1.995**

Salerni kr. **10.900**
Seta kr. **4.195**

Allt settið

**33.990**



Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og botnventli

**48.900**




VITRA Slope blöndunartæki

**12.900**



MILAN eldhúskrani

**3.290**



MILAN handlaugartæki

**3.290**



***Við auglýsum verð en ekki afslætti***

EURO handklæðaofn
50x120 cm beinn - króm

**18.490**

EURO handklæðaofn
50x120 cm oval - hvítur

**12.490**



NAPOLI hitastýrð blöndunar-
tæki f. baðkar

**13.995**



Sturtusett

**3.790**



VEMAR WC-rúlluhaldari

**1.295**



NAPOLI hitastýrð
blöndunartæki fyrir
sturtu með stút niður

**12.495**



*Lila*

Handlaug á vegg 55cm

**4.900**



Sturtuhorn 80x80 cm

**27.900**

90x90 cm **30.900**



PARIS innrétting með
handlaug og spegli.
Fæst í hvítu, dökku
wengue og zebra.

**22.495**

45x30x35 cm, spegill 45x65 cm



LISBOA innrétting með
handlaug og spegli
60x40 cm Hvít og Wengue

**45.995**



Sturtubotn 80x80 cm

**12.900**



*Lila*

Vegghengd salernisskál

**10.900**

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50.*
***FLÚÐUM***

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*



**HODGSON** Útilokar ekkert varðandi framtíð Torres. NORDIC PHOTOS/GETTY

Roy Hodgson um Torres:

## Erfitt að hafna risatilboði

**FÓTBOLTI** Þó spænski sóknarmaðurinn Fernando Torres vilji ólmur vera áfram hjá Liverpool þá segir knattspyrnustjórinn Roy Hodgson ómögulegt að segja hvað framtíðin ber í skauti sér.

„Það er mikilvægt fyrir Fernando og okkur að við eigum gott tímabil. Kannski stöndum við okkur vel og leikmenn vilja vera áfram en svo gæti árangurinn orðið lélegur og fleiri vangaveltur koma upp,“ segir Hodgson.

„Ef við fáum sams konar risatilboð eins og Manchester United fékk í Cristiano Ronaldo er mjög erfitt að hafna því. En við tökumst á við það ef það kemur. Torres mun spila með okkur á komandi tímabili og hefur látið það skýrt í ljós að honum þykir vænt um félagið og stuðningsmenn.“

- egm



**JOE HART** Hér á æfingu með enska landsliðinu í vor. NORDIC PHOTOS/GETTY

Markvarðarmál Sunderland:

## Vill fá Joe Hart lánaðan frá City

**FÓTBOLTI** Craig Gordon, markvörður Sunderland, er á meiðslalistanum og félagið leitar að manni til að fylla hans skarð. Það hefur sent inn ósk til Manchester City um að fá Joe Hart lánaðan.

Hart er að berjast um markmannsstöðuna hjá City við Shay Given en hefur sagt að hann sé tilbúinn til að fara á lán ef hann vinnur ekki þá samkeppni.

Hart ert 23 ára og var í fyrra á lánssamningi hjá Birmingham þar sem hann lék á als oddi og var valinn leikmaður tímabilsins hjá liðinu. Hann var einn af þremur markvörðum enska landsliðsins á HM í Suður-Afríku í sumar en fékk ekki að spreyta sig á mótinu.

- egm

Bikarúrslitaleikur karla:

## Miðasala hafin

**FÓTBOLTI** Margir líta á úrslitaleik FH og KR sem draumaúrslitaleik í bikarkeppni karla. Leikurinn verður á Laugardalsvellinum laugardaginn 14. ágúst og er hans beðið með mikilli eftirvæntingu enda líklegt að fólk sleppi við að mæta í kuldagallanum á úrslitaleikinn þetta árið.

Búist er við mun fleiri áhorfendum en á úrslitaleiki undanfarinna ára. Bæði lið eiga stóran hóp stuðningsmanna og er miðasala á leikinn þegar hafin. Miðasalan fer fram gegnum vefsíðuna midi.is.

- egm

Helgi Jónas Guðfinnsson er búinn að finna sér kana og hefur ákveðið að spila ekki með Grindavík í vetur:

# Nýi kaninn á magnað þriggja stiga met

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar tefla fram methafa úr bandaríska háskólakörfuboltanum þegar þeir hefja nýtt tímabil í Iceland Express deildinni. Grindvíkingar hafa samið við bandaríska bakvörðinn Andre Smith en hann lék á sínum tíma með George Mason háskólanum við góðan orðstír.

Andre Smith, kallaður Dre, komst í sögubækurnar vorið 2008 þegar hann hitti úr öllum tíu þriggja stiga skotum sínum í leik með George Mason á móti James Madison en þrír menn höfðu áður mest hitt úr 9 þriggja stiga skotum í leik í bandarísku NCAA-deildinni án þess að klikka.

Það er alveg hægt að sjá fyrir sér slíka þriggja stiga skyttu falla vel að leik Grindvíkinga sem eru þekktir fyrir að skjóta aðeins fyrir utan þriggja stiga línuna.

„Stóra ástæðan fyrir því að ég tók hann fram yfir aðra er að ég þekki aðstoðarþjálfarann hjá George Mason háskólanum. Það er fyrrverandi liðsfélagi minn síðan að ég spilaði með honum í Belgíu. Hann gaf honum mjög gott orð,“ segir Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkurliðsins.

Dre Smith var með frábærar tölur með ABC Lions Dornbirn í B-deildinni í Austurríki í fyrravetur þar sem hann skoraði 31,3 stig, gaf 7,0 stoðsendingar og stal 4,2 boltum í leik. „Hann spilaði í B-deildinni í Austurríki á síðasta tímabili en ég tók nú ekki mark á þeim tölum því ég veit ekki hversu marktækt það er,“ segir Helgi Jónas og bætir við:



**BARA ÞJÁLFARI** Helgi Jónas Guðfinnsson spilar ekki með Grindavík á komandi tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Hann á líka að vera mjög góður varnarmaður sem kemur sjaldnast fram á þessum myndböndum með leikmönnunum. Ég fékk það góðar upplýsingar frá aðstoðarþjálfaranum að ég ákvað að skella mér á hann,“ segir Helgi.

Það er nokkrum spurningum enn ósvarað með Grindavíkurliðið. Guðlaugur Eyjólfsson er ekki búinn að ákveða það hvort að hann verði með og Þorleifur Ólafsson er ekki enn orðinn góður af meiðslunum sem hömluðu hans þátttöku mikið á síðasta tímabili. „Við höfum bara misst leikmenn en ekkert bætt við okkur þannig lagað. Það kemur samt ekki til greina að vera spilandi þjálfari,“ segir Helgi Jónas og bætir við:

„Ég er alveg viss um að ég gæti spilað einhverjar mínútur en það kæmi bara niður á þjálfuninni.“

- óój

# Allir leikmenn í hópnum í fínu formi

**Ólafur Jóhannesson valdi í fyrradag landsliðið sem mætir Liechtenstein í æfingaleik á Laugardalsvellinum í næstu viku. Eiður Smári Guðjohnsen er í hópnum að þessu sinni en hann var ekki valinn fyrir síðasta leik.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hefur valið Eið Smára Guðjohnsen í íslenska landsliðið á nýjan leik en hann kynnti í fyrradag landsliðshópinn sem mætir Liechtenstein í æfingaleik á Laugardalsvellinum í síðustu viku.

Ísland mætti Andorra í öðrum æfingaleik í vor en þá var Eiður Smári ekki valinn í liðið. Ólafur sagði þá að hann væri ekki í nægilega góðu formi.

„Allir þeir leikmenn sem eru í hópnum eru í fínu formi og hafa verið að æfa með sínum liðum – líka Eiður Smári,“ sagði Ólafur. „Auðvitað eru leikmenn í mismunandi leikæfingu en allir í standi til að spila með landsliðinu.“

Eiður Smári er á mála hjá franska liðinu AS Monaco en hefur verið sagður á leið aftur í ensku úrvalsdeildina. Það hefur hins vegar enn ekki gengið í gegn og því hefur hann verið við æfingar í Frakklandi.

Ólafur segir að hópurinn sé skipaður bestu leikmönnunum sem völ var á að þessu sinni. „Já, það má segja það. Ég valdi þá leikmenn sem hafa verið að standa sig best hér heima að mínum dómi en það er gott að gefa þeim leikmönnum sem spila hér heima tækifæri með landsliðinu á þessum árstíma, þegar þeir eru upp á sitt besta.“

Af þeim leikmönnum sem spila hér á landi eru fjórir í landsliðinu nú – Gunnleifur Gunnleifsson og Matthías Vilhjálmsson úr FH og Blikarnir Arnór Sveinn Aðalsteinsson og Guðmundur Kristjánsson.



**LANDSLIÐSÞJÁLFARINN** Ólafur Jóhannesson, þjálfari íslenska landsliðsins, er að leggja lokahönd á undirbúninginn fyrir undankeppni EM 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Mér finnst þeir allir hafa staðið sig mjög vel í sumar. Ég var líka með þá í leikjunum gegn Færeyjum og Mexíkó í vetur og þá stóðu þeir sig afar vel,“ sagði Ólafur.

Það vakti einnig athygli að leikreyndasti miðvallarleikmaðurinn í hópnum er Aron Einar Gunnarsson með sautján leiki en hann er enn gjaldgengur í U-21 landslið Íslands.

„Ég gerði mér grein fyrir þessu og að öllu jöfnu hefði ég sennilega valið Brynjar Björn Gunnarsson í liðið. En ég ákvað að taka frekar þessa stráka. Ég veit hvar ég hef Brynjar Björn en ég þarf að sjá betur til þessara stráka sem eru valdir nú,“ sagði Ólafur. „Svo vil ég líka að bæði Aron og Ólafur Ingi [Skúlason] fái meiri leikreynslu með landsliðinu.“

Eins og áður hefur komið fram hefur KSÍ gengið illa að finna andstæðinga að undanförnu en leikurinn gegn Liechtenstein verður sá síðasti áður en undankeppni EM 2012 hefst í haust.

„Það var auðvitað ósk okkar að fá sterkari andstæðinga en önnur lið eru ekki að bíða í röð eftir því að fá að spila við okkur. Andorra og Liechtenstein eru litlar þjóðir í knattspyrnuheiminum en það erum við líka. Við verðum bara að þiggja þá leiki sem okkur eru boðnir,“ sagði Ólafur, sem ætlar þó að reyna að nýta leikinn og tímann með leikmönnum eins vel og kostur er.

„Ég geri mér grein fyrir því að þessi leikur verður allt öðruvísi en þegar við mætum Dönum og Norðmönnum í september en það þarf samt að nýta tímann vel og gera það sem þarf að gera. Ég hef ekki áhyggjur af því þó svo að við höfum ekki verið að spila við sterkari þjóðir enda höfum við verið duglegir að nýta okkar leikdaga síðan ég tók við sem landsliðsþjálfari.“

Ísland og Liechtenstein mættust síðast í æfingaleik á La Manga í fyrra og hafði þá Ísland betur með tveimur mörkum gegn engu.

eirikur@frettabladid.is

**Landsliðshópurinn**

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Árni Gautur Arason | Odd Grenland |
| Gunnleifur Gunnleifsson | FH |
| **Varnarmenn:** | |
| Indriði Sigurðsson | Viking |
| Kristján Örn Sigurðsson | Hönefoss |
| Grétar Rafn Steinsson | Bolton |
| Ragnar Sigurðsson | IFK Gautaborg |
| Sölvi Geir Ottesen | FC Kaupmannahöfn |
| Arnór Sveinn Aðalsteinsson | Breiðabliki |
| **Miðvallarleikmenn** | |
| Aron Einar Gunnarsson | Coventry |
| Ólafur Ingi Skúlason | SönderjyskE |
| Arnór Smárason | Esbjerg |
| Rúrik Gíslason | OB |
| Steinþór Freyr Þorsteinsson | Örgryte |
| Matthías Vilhjálmsson | FH |
| Guðmundur Kristjánsson | Breiðabliki |
| **Sóknarmenn** | |
| Eiður Smári Guðjohnsen | AS Monaco |
| Heiðar Helguson | QPR |
| Veigar Páll Gunnarsson | Stabæk |

Þrír leikmenn A-landsliðsins gjaldgengir í U-21 landslið Íslands sem mætir Þýskalandi í næstu viku:

# Vinn úr því sem ég hef á milli handanna

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 landsliðið stendur í ströngu á miðvikudaginn í næstu viku er liðið mætir Þýskalandi í undankeppni EM 2011. Leikurinn fer fram á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði en með sigri nær Ísland að tryggja sér annað sæti riðilsins.

Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U-21 landsliðsins, fær þó ekki að stilla upp sínu sterkasta liði í leiknum þar sem að þrír leikmenn voru valdir í A-landsliðið sem mætir Liechtenstein í æfingaleik sama dag. Þetta eru þeir Aron Einar Gunnarsson, Rúrik Gíslason og Arnór Smárason.

„Ég vinn úr því sem ég hef á milli handanna hverju sinni,“ sagði Eyjólfur spurður um málið. „Það er alveg klárt hvernig þessi mál eru og hef ég í raun ekkert meira að segja um það. Ég hef áður talað við Ólaf [Jóhannesson, landsliðsþjálfara] um þetta og hefur hann lokaorðið. Maður hefði auðvitað alltaf viljað hafa besta liðið en svona eru reglurnar. Ég lít á þetta sem svo að nú fái aðrir leikmenn tækifærið.“



**RÚRIK GÍSLASON** Er enn gjaldgengur í U-21 landsliðið en var valinn í A-landsliðið sem mætir Liechtenstein. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sjálfur sagði Ólafur að þessi mál hefðu ekki vafist fyrir honum en hann hefur lagt áherslu á að velja sterkustu leikmennina í sinn hóp sem völ er á hverju sinni.

„Þegar þetta kom fyrst til á sínum tíma var Eyjólfur ekki sáttur við mig og er það skiljanlegt,“ sagði Ólafur. „Við ræddum þetta á sínum tíma og síðan þá hefur þetta ekki verið neitt vandamál. Aron Einar og Rúrik hafa verið nánast fastamenn í A-landsliðinu og Arnór vildi ég fá að skoða aðeins betur enda mikilvægir leikir framundan gegn Noregi og Danmörku í september.“

Ísland á tvo leiki eftir í undankeppni EM 2011 – gegn Þjóðverjum og svo toppliði Tékka ytra en liðið er enn með fullt hús stiga eftir fyrstu fimm leikina.

Eyjólfur á von á hörkuleik gegn Þjóðverjum sem munu væntanlega mæta mjög sterkt lið í Hafnarfjörðinn.

„Við sýndum það í leiknum í Þýskalandi að við erum líka sterkir. Við lentum tvisvar undir í leiknum en jöfnuðu í bæði skiptin. Við höfum verið þéttir fyrir í vörninni en svo sótt hratt fram á mörgum mönnum. Við stefnum auðvitað sigur eins og í öllum okkar leikjum. Takmarkið okkar var að komast í úrslitakeppnina og það hefur ekkert breyst.“

- esá



**EYJÓLFUR SVERRISSON** Þjálfari íslenska U-21 landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

# ALLTAF BETRA VERÐ




3ja daga TILBOÐ 10.000 kr. AFSLÁTTUR

**FARTÖLVA**

**Acer Extensa 5235 -901G16Mn**
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR3 1066MHz minni • Intel GMA X4500 skjákort • 160GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár með Full HD ofl.

**69.990**

FULLT VERÐ KR. 79.990



*Gríðarlegt úrval af fartölvutöskum og aukahlutum fyrir fartölvur*




**FARTÖLVA**

**Toshiba Satellite C650-15P**
2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500 - Centrino Duo örgjörvi • 2GB DDR3 1066MHz minni • 320GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár • Intel Graphics MA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**99.990**




**FARTÖLVA**

**Toshiba Satellite L500D-16M**
2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300 • 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB SATA diskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár • VGA myndavél í skjá • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium

**119.990**




**FARTÖLVA**

**MSI CR720**
2.3GHz Intel Celeron Dual Core P4500 örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 320GB SATA diskur • 17,3" HD+ breiðskjár • Intel GMA HD skjástýring • DVD og CD skrifari • Vefmyndavél • Li-ion rafhlaða • Windows 7 Home Premium 64-bit

**129.990**




**FARTÖLVA**

**Toshiba Satellite T130-10G**
1.3GHz Intel ULV Pentium Dual Core SU4100 örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 320GB SATA diskur • 13,3" TFT WXGA LED skjár • Intel GMA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.990**




**FARTÖLVA**

**MSI CX620**
2.13GHz Intel Core i3-330M örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár • ATI HD5470 skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.990**




**FARTÖLVA**

**Acer Aspire 5553G-N934G64MN**
2.0Ghz AMD Phenom II Quad Core Mobile N930 örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 640GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár • 1GB ATI Mobility Radeon HD 5650 DirectX 11 skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium

**189.990**

## VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN

*Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum*

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

## KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI

*Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi*





**F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi**

VELJUM ÍSLENSKT

SKÓLA TILBOÐ

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**5.900** krónur kostar fyrir félagsmenn SVFR að veiða í Varmá við Hveragerði í þessum mánuði en aðrir borga fimmtungi meira. Þar er hægt að setja í flestar gerðir ferskvatnsfiska.

**20** punda lax er 100 sentímetra langur samkvæmt viðmiðunartöflu sem Veiðimálastofnun hefur sett upp. 50 sentímetra fiskur er hins vegar rétt tæp þrjú pund.

FLUGAN




MYND/VEIÐIFLUGUR.IS

## Mögnuð fluga

Randy Candy er hönnuð af Klaus Frimor. Flugan sló í gegn í Aðaldalnum og er ein aflahæsta flugan í Nesveiðinni. Sagan segir að Randy Candy heiti í höfuðið á þybbnum listdansara frá smábæ í Skotlandi en sú saga er ekki seld dýrar en hún er keypt.

Ferlíki upp úr Hvítá:

## 34 punda í net

Greint var frá því á pressan.is í gær að veiðst hefði 34 punda lax í net fyrir landi Laugardæla í Hvítá. Haft var eftir ónefndum veiðimanni sem var að koma úr Stóru-Laxá að til lítils væri að sleppa fiski stærri en 70 sentímetrar þar efra ef menn hirtu svo stórfiska í net neðar í vatnakerfinu.

Silungsveiðimenn Ármanna:

## Fá passlega poka

Vegna áskorunar silungaveiðimanns í félaginu Ármönnum framleiðir Plastprent nú sérstaka poka fyrir silung. Að því er segir á vef Ármanna eru pokarnir „hæfilegir fyrir einnar kvöldstundar afla á Þingvöllum“. - gar

### Aflahæstu árnar

| | |
|---|---|
| 1. Blanda | 2453 |
| 2. Þverá/Kjarará | 2445 |
| 3. Norðurá | 1652 |
| 4. Ytri-Rangá | 1536 |
| 5. Miðfjarðará | 1327 |
| 6. Eystri-Rangá | 1281 |
| 7. Grímsá og Tunguá | 1123 |
| 8. Haffjarðará | 1108 |
| 9. Langá | 939 |
| 10. Selá | 865 |

Heimild: Angling.is. Tölurnar eru frá fimmtudeginum 28. júlí.

# Læra að sleppa áður en þeir læra að rota

**Fluguveiðiskóli Stangaveiðifélags Akureyrar hefur slegið í gegn hjá unga fólkinu í sumar. Formaður félagsins segir hægt að fylla mörg námskeið enn.**



**GÓÐ STUND** Drengirnir á fluguveiðinámskeiðinu í Brúnastaðaá settu í 36 fiska og lönduðu 21 sem var svo sleppt aftur í þágu vísindanna. MYND/MATTHÍAS ÞÓR HÁKONARSON

„Það fyrsta sem þeir lærðu var ekki hvernig á að drepa fiskinn heldur hvernig á að sleppa honum,“ segir Erlendur Steinar Friðriksson, formaður Stangaveiðifélags Akureyrar (SVAK), sem stendur fyrir fluguveiðinámskeiðum fyrir börn og unglinga.

Að sögn Erlends hafði sú hugmynd verið nokkurn tíma á kreiki innan SVAK að efna til fluguveiðiskóla. Með nýju blóði í stjórninni hafi þetta nú orðið að veruleika.

„Fyrsta námskeiðið var á svæði 4 í Eyjafjarðará í byrjun júlí. Við héldum að það væri örugglega ekki komin bleikja en þá var hún mætt og allir ánægðir. Fólk spurði þá hvort hægt væri að fá framhaldsnámskeið og jafnvel leiðsögn í ákveðnar ár eða þá kennslu fyrir krakkana, Við ákveðum að setja upp námskeið og sjáum fram á að geta sett á fleiri slík námskeið í haust.“

Á þriðjudag fengu sex drengir á aldrinum níu til þrettán ára leiðsögn við fluguveiði í Brúnastaðaá í Fljótum.

„Þarna er öllu sleppt í kistu því verið er að vinna við að stækka veiðisvæðið,“ segir Erlendur. „Þeim fannst þetta æðislegt. Það var útskýrt fyrir þeim hvernig fiskinum væri fyrst sleppt í kistuna og síðan farið með hann upp eftir þar sem hann myndi stækka og verða stærri á næsta ári þegar þeir kæmu aftur að veiða auk þess sem þá yrðu fleiri fiskar því nú væri komið hrygningarsvæði fyrir ofan. Þeim fannst þetta svakalega sniðugt að vera allt í einu orðnir að vísindamönnum líka.“

Erlendur undirstrikar að það sé mikilvægt að kenna veiðimönnum hvernig eigi að sleppa fiski. „Ég tek fast á fiskunum og dríf þá í land í hvelli. Mig grunar að stundum séu menn að dauðþreyta fiskinn og reyna svo að merja lífi í hann aftur. Ef það er hlýtt úti og áin heit þá kannski hefur fiskurinn þetta ekki af heldur fær bara hjartaáfall og deyr,“ segir hann.

Fram undan er einnig barna- og unglinganámskeið þar kennd verður meðhöndlun og úrvinnsla afla. - gar



MYND/HÖSKULDUR

**VEIÐIMAÐUR Í KÓKA** Með 16 punda lax.

Feðgar í Laxá á Ásum:

## Fengu 20 laxa á tveimur dögum

Erlendir feðgar sem voru í Laxá á Ásum fengu tuttugu laxa á tveimur dögum að því er segir á vef Laxár. „Laxinn hefur safnast fyrir á fáa staði en alltaf eru einhverjir óvæntir staðir innan um,“ segir á lax-a.is og vísað til þess að í staðnum Kóka hafi sonurinn landað 88 sentimetra laxi sem áætlað var að vigtaði 16 pund. Segir að veiðimaðurinn hafi brosað út að eyrum daginn á enda. „Það eina sem að hann sagði var: I‘m so happy.“ - gar

Veiði þrátt fyrir þurrka:

## Fiska vel í vatnslitlum ám

Þó að þurrkar og vatnsleysi plagi nú stangveiðimenn vestanlands og sunnan þá veiðist sums staðar þokkalega. Þannig segir vefurinn votnogveidi.is frá því að ágætis skot hafi komið í Flekkudalsá í Dölum fyrir nokkrum dögum þótt þar sé óvenju lítið vatn í ánni. Í Flóku sé mikið af laxi þótt reyndar hafi hægt á veiðinni þar vegna þurrkanna. - gar

AF BAKKANUM

### Stefnir í met í Svalbarðsá

Um 230 laxar hafa veiðst í Svalbarðsá það sem af er sumri. Í fyrra veiddust um 340 laxar í ánni að sögn Soffíu Björgvinsdóttur, veiðivarðar í Garði, og stefnir nú óðfluga í að sú aflatala verði slegin út enda veitt til 15. september í Svalbarðsá. Soffía segir að veiðin hafi verið ágætlega dreifð um ána frá því hún var opnuð 1. júlí. Spurð um aðrar ár í Þistilfirði segist hún hafa heyrt að ágætlega hafa gengið í Hafralónsá en að að hún viti lítið um gang mála í Sandá og Hölkná. - gar

### Mokveiði í Ólafsfjarðará

Feiknaveiði var í Ólafsfjarðará síðustu helgina í júlí að því er segir á vef Stangaveiðifélags Akureyrar. „Fengust til dæmis 130 bleikjur á sunnudeginum á fjórar stangir. Bleikjan virðist mun vænni en síðustu ár og var talsvert af aflanum 40 til 45 sentímetra fiskar. Afar kraftmiklar göngur eru nú í ána og virðist fiskur vera á öllum veiðistöðum,“ segir á svak.is. - gar


Urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit www.svfr.is




NÚ BER VEL Í VEIÐI

Eigum lausar stangir í frábæra urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit
Hægt er að kaupa veiðileyfi á svfr.is eða síma 568 6050

Farðu inn á SVFR.is og gerðu veiðisumarið ógleymanlegt.

SVFR


## Veiðistaðurinn - Bjarnarfoss í Tungufljóti




FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

**BJARNARFOSS** Fallegur veiðistaður sem geymir mikið af fiski.

Sjóbirtingsveiðin í Tungufljóti í Skaftárhreppi er rómuð. Gústaf Vífilsson verkfræðingur hefur langa reynslu af veiðum þar. Hann lýsir aðstæðum við Bjarnarfoss:

Þarna er í raun tvenns konar aðkoma, annars vegar af austurbakkanum og hins vegar af vesturbakkanum.

Austan megin fer maður upp fyrir staðinn og gengur niður að honum meðfram ánni og niður á klappirna við fossinn. Þar nær maður mjög góðu rennsli, hvort sem það er á flugu, spún eða maðk, efst í strengnum.

Á vesturbakkanum getur maður hins vegar bæði farið ofarlega og kastað efst í strenginn eða þá kastað af eyrinni inni í kverkinni. Þá er hægt að ná ágætis þverköstum á staðinn.

En til að ná niður á brotið og undir klettana austan megin þarf að vaða út, neðan frá sandeyri sem liggur á kafi langt upp í miðjan staðinn. Þá getur maður veitt strenginn andstreymis og kastað á hann undir klettinum þar sem útfallið er. Það finnst mér eiginlega skemmtilegasti hlutinn af þessum stað.“ - gar

# ALLT Á GRILLIÐ






TILBOÐ 30% afsláttur við kassa

EINGÖNGU Í HAGKAUP

JÓI FEL NAUTAKÓTILETTUR

**1.679 kr/kg.**

Merkt verð 2.398.-

**Nautakótiletta**
í kryddlegi að hætti Jóa Fel




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

EINGÖNGU Í HAGKAUP

JÓI FEL LAMBA PRIME

**2.758 kr/kg.**

Merkt verð 3.448.-

**Lambaprime**
í mangó kryddlegi

Jói FEL




## JÓI FEL GRILLSÓSUR

Dijon hunangssósa
Basil & hvítlaukssósa
Rósapiparsósa



**Grilllæri Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara



**Lambakótilettur Hagkaups**
í kryddlegi



**Lambalærissneiðar Hagkaups**
í kryddlegi



**Lambaframpartur Hagkaups**
í kryddlegi



**Ramiro paprika**
Grillið í 3-6 mín. í heilu lagi, látið standa í 1 mín. og hýðið tekið af.



**Zucchini**
skorið í sneiðar, penslaðar með pestó, grillaðar í 2-3 mín. á hvorri hlið



**Tómatar**
fylltir með gráðosti, grillaðir 2-3 mín.



**Ferskur maís**
takið hýðið af maísnum og setjið hann í álpappír ásamt salti og smjörklípu. Grillið í 8-10 mínútur.

## *spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!*



Bökunarkartöflur



Beikonfylltar kartöflur



Maísstönglar



Balsamikmarinerað grænmeti



Berjabomba m/kókosbollum



Sveppir með ostafyllingu

24 Hagkaup

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 8. ágúst á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

> **Charlie Sheen**

„Frægð felur ákveðið vald í sér. Mín mistök voru að halda ég myndi strax vita hvernig ætti að fara með frægðina. En það er enginn bæklingur, ekkert námskeið.“

***Charlie Sheen verður á Stöð 2 í kvöld í gamanþættinum Two and a Half Men kl. 19.20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR FÉKK BROT AF ÞVÍ BESTA

# *Útvarpið stóð fyrir sínu í sveitinni*

Útvarpshlustun hefur færst í aukana hjá mér upp á síðkastið. Í bílnum er útvarpið ómissandi. Á leiðinni í vinnuna er hægt að hlusta á hressandi viðtöl í morgunsárið og á leið heim úr vinnunni er yfirleitt einhvers konar úttekt á því sem hæst bar yfir daginn. Það má því segja að ég hafi enduruppgötvað útvarpið sem miðil. En samt hlusta ég aldrei á útvarpið heima. Bara í bílnum, og stundum hjá ömmu og afa.

Bílvera, sjónvarps- og netleysi um helgina gerði það að verkum að ég hlustaði mikið á útvarp. Rás 2 varð oftast fyrir valinu enda næst hún best í uppsveitum landsins en mér til mikillar gleði bauð rásin líka upp á skemmtilega helgardagskrá.

Á leið okkar yfir Hellisheiðina hlustuðum við á Hreim í hljómsveitinni Landi og sonum útskýra upphafið að laginu Lífið er yndislegt, sem er víst verslunarmannahelgarlagið númer eitt. Einnig fengum við reglulega tilkynningar um hversu margir væru komnir í Herjólfsdalinn eða teknir fyrir hraðaakstur á leið sinni gegnum Blönduós.

Sunnudagurinn var stóri útvarpsdagurinn yfir verslunarmannahelgina. Dagurinn byrjaði með Sirrý yfir morgunkaffinu þar sem hún stóð fyrir kosningu á verslunarmanni ársins. Fólk hringdi inn og kaus. Það var mikið skemmtiefni svona í morgunsárið. Dagurinn, eða helgin öllu heldur, endaði einnig með því að litla ferðaútvarpstækið var hækkað í botn. Beinnar útsendingar frá brekkusöngnum á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum var beðið með eftirvæntingu meðal Eyjamanna í bústaðnum og gaf söngur Árna Johnsen með 17.000 manns í bakröddum, fyrrverandi Þjóðhátíðarförum gæsahúð. Það má því segja að þrátt fyrir að hafa ekki tekið þátt í neinum opinberum hátíðarhöldum um helgina hafi ég fengið smá smakk af þeim öllum gegnum útvarpið. Án þess að vera niðurrignd í tjaldi einhvers staðar.



## FIMMTUDAGUR



▶ **20.15** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** Flashpoint SKJÁR EINN



▶ **21.15** Veiðiperlur STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.35** Nýgræðingar SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** The Forgotten STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Landið í lifandi myndum - Á hala veraldar 2** (2:5)
**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Þingvellir** (6:24)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Herbergisfélagar** (1:13)
**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (4:10) (e)
**18.25 Dalabræður** (6:10) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Bræður og systur** (65:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**20.50 Réttur er settur** (6:10) (Raising the Bar) Bandarísk þáttaröð um gamla skólafélaga úr laganámi sem takast á fyrir rétti.
▶**21.35 Nýgræðingar** (156:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.05 Íslenski boltinn**
**23.50 Hvaleyjar** (4:12) (e)
**00.45 Mótókross**
**01.15 Kastljós** (e)
**01.40 Fréttir** (e)
**01.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Shopgirl**
**10.00 Zoolander**
**12.00 Pokemon**
**14.00 Shopgirl**
**16.00 Zoolander**
**18.00 Pokemon**
**20.00 The Mermaid Chair**
**22.00 Less Than Zero**
**00.00 All In**
**02.00 Running Scared**
**04.00 Less Than Zero**
**06.00 Baby Mama**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Harry og Toto, Scooby-Doo og félagar, Stuðboltastelpurnar
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Last Man Standing** (5:8)
**11.10 Sjálfstætt fólk**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (7:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (212:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (213:300)
**15.15 The O.C.** (20:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Scooby-Doo og félagar, Stuðboltastelpurnar, Litla risaeðlan, Harry og Toto
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (10:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (14:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (11:24)
**20.10 Amazing Race** (4:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**20.55 The Closer** (6:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
▶**21.40 The Forgotten** (3:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**22.25 The Wire** (10:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum.
**23.55 Monk** (6:16)
**00.40 Lie to Me** (8:22)
**01.25 The Lost City** Áhrifamikil mynd með Andy Garcia í aðalhlutverki.
**03.45 Twilight Samurai** Japönsk verðlaunamynd.
**05.55 The Closer** (6:15)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.40 Greenbrier Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**18.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót skoðuð í þaula.
**19.00 ÍBV - FH** Bein útsending frá leik ÍBV og FH í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
▶**21.15 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.
**22.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.
**00.45 Pepsí deildin 2010** Sýnt frá leik ÍBV - FH í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.
**02.35 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Hamburg - Chelsea** Sýnt frá leik Hamburg og Chelsea.
**17.15 Hamburg - Chelsea** Sýnt frá leik Hamburg og Chelsea.
**19.00 Season Preview** Hitað upp fyrir komandi tímabil í ensku knattspyrnunni. Eftirminnileg atriði skoðuð, mörkin og allt milli himins og jarðar um ensku úrvalsdeildina.
**19.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.00 Community Shield 2010 - Preview** Hitað upp fyrir Samfelagsskjöldinn en þar mætast Chelsea og Man. Utd á Wembley.
**20.30 Football Legends - Pep Guardiola** Að þessu sinni verður fjallað um núverandi þjálfara Barcelona, Pep Guardiola.
**20.55 Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagsskjöldinn.
**23.00 Borussia Dortmund - Man. City** Sýnt frá leik Borussia Dortmund og Man. City.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (5:30) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 Dynasty** (6:30)
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Sumarhvellurinn** (8:9) (e)
**18.05 How To Look Good Naked 4** (3:12) (e)
**18.55 H2O** (23.26)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (22:46)
**19.45 King of Queens** (22:23) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 Family Guy** (12:14) Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. Höfundur og hugmyndasmiður þáttanna, Seth MacFarlane, fer yfir nokkur af fyndnustu atriðunum í fyrstu 100 þáttunum af Family Guy.
**20.35 Parks & Recreation** (14.24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
▶**21.00 Flashpoint** (15:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Sérsveitin er kölluð út vegna ráns á bensínstöð en kemst fljótt að því að málið tengist hættuástandi í höfuðstöðvum sértrúarsafnaðar.
**21.50 Law & Order** (15:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Unglingspiltur er myrtur og Fontana og Green komast að því að hann var sonur raðmorðingja og nauðgara.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 In Plain Sight** (7:15) (e)
**00.10 Bass Fishing** (8:8) (e)
**00.55 King of Queens** (22:23) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Baldur í Múrbúðinni
**21.00 Eitt fjall á viku** Pétur Steingrímsson í Svarfaðadal
**21.30 Birkir Jón** Varaformaður framsóknar
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Amazing Race

Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir eiga þeir það sameiginlegt að vilja sigra.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**ÍBV - FH**

**Stöð 2 SPORT kl. 19.00**

Íslandsmeistaranir fara til Vestmannaeyja og mæta þar ÍBV sem eru núna efstir í deildinni og má því með sanni segja að þetta sé einn fyrsti úrslitaleikurinn í ár því að Hafnfirðingarnir mega ekki við því að tapa stigum í toppbaráttunni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Schumann og fjölskylda
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** List og losti
**19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**21.30** Kvöldsagan: Gatsby hinn mikli
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Tíu litlir negrastrákar
**22.50** Útvarpsperlur: Álafossúlpur, íþróttir og lopapeysur
**23.45** Heimsókn til listamanna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Grey's Anatomy** (8:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Gossip Girl** (19:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.

**22.30 Mercy** (15:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.15 Meteor** Seinni hluti æsispennandi framhaldsmyndar og fjallar um þær skelfilegu afleiðingar sem bíða mannkynsins þegar jörðin verður fyrir meiriháttar loftsteinaregni. Skiptir engu þótt bandaríski herinn stígi fram og geri veika tilraun til að bjarga því sem bjargað verður með því að miða öflugum kjarnorkusprengjum á loftsteinana, þeir eru of öflugir og of margir.

**00.50 Grey's Anatomy** (8:17)

**01.35 The Doctors**

**02.20 Fréttir Stöðvar 2**

**03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** ,Allo ,Allo! **12.30** ,Allo ,Allo! **13.00** My Family **13.30** My Family **14.00** Last of the Summer Wine **14.30** Dalziel and Pascoe **15.20** The Weakest Link **16.05** EastEnders **16.35** Monarch of the Glen **17.25** ,Allo ,Allo! **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Green Green Grass **19.00** Mighty Boosh **19.30** The Fixer **20.20** Whose Line Is It Anyway? **20.50** Whose Line Is It Anyway? **21.15** Dalziel and Pascoe **22.00** Primeval **22.50** ,Allo ,Allo! **23.25** Whose Line Is It Anyway? **23.50** The Green Green Grass

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Med livet i hænderne **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.05** Verdens vildeste vanvid **13.35** Søren Ryge direkte **14.05** Radiserne **14.30** Caspers skræmmeskole **14.55** Hyrdehunden Molly **15.05** Peter Pedal **15.30** Fandango **16.00** Den lille forskel **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Jamie Oliver i Italien **18.30** Danskernes Krønike **19.00** TV Avisen **19.25** Post Danmark Rundt 2010 **19.50** Bibelmysteriet **21.20** Jordemødrene **21.50** Så er der pakket **22.20** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.20** Fredag i hagen **12.50** Landgang **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Duften av nybakt **15.05** 30 Rock **15.30** 330 skvadronen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Landsskytterstevnet **18.30** Mannen uten minne **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pressa **21.05** Kveldsnytt **21.20** Vår aktive hjerne **21.50** Rebus **23.00** Munter mat **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.30** Danmark på distans **13.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Grön glädje **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Mitt i naturen **18.30** Djursjukhuset **19.00** Himmelblå **19.45** Friidrottskväll **20.15** Undercover Boss **21.00** The Seventies **21.30** Allsång på Skansen **22.30** Livvakterna **23.30** Uppdrag granskning - sommarspecial


# Allir krakkar í Heiðmörk

## á laugardaginn með Ferðafélagi barnanna



Það verður líf og fjör í Heiðmörk í dag. Ferðafélag barnanna og Arion banki standa fyrir frábærum fjölskyldudegi þar sem kátir krakkar á öllum aldri fá einstakt tækifæri til að heilsa upp á Heiðmörk. **Allir velkomnir.**

Athugið að bæði er hægt að skrá sig í Ferðafélag Íslands og Ferðafélag barnanna á staðnum en Arion banki gefur öllum börnum sem skrá sig frítt árgjald í Ferðafélag barnanna.

» Dagskráin hefst kl. 14 í Þjóðhátíðarlundinum í Heiðmörk
» Allir krakkar fá óvæntan glaðning frá Arion banka
» Ingó úr Veðurguðunum kemur öllum í stuð
» Íþróttakennarar stjórna skemmtilegum leikjum
» Girnilegur grænmetismarkaður
» Fjölbreyttar gönguferðir með fararstjórum Ferðafélags Íslands
» Skemmtilegur ratleikur
» Íslandsmeistaramótið í gúrkuáti

Heiðmörk er stærsta útivistarsvæðið í nágrenni höfuðborgarinnar. Hún er tilvalin til útivistar fyrir alla fjölskylduna allan ársins hring. Lengri eða styttri gönguferðir eru ódýr, holl og fróðleg skemmtun og í Heiðmörk er um nóg að velja. Spennandi göngustígarnir spanna um 40 km og liggja frá Norðlingaholti út að Maríuhellum.






FÍ olís ÚTILÍF CINTAMANI Arion banki VISA

## FERÐALAGIÐ



*„Mér finnst skemmtilegast að vera með íslenska tónlist í spilaranum þegar ég er á ferðalagi og helst syngja hástöfum með. Lögin Ég og þú með Ellý og Villa og Þorparinn með Mannakornum eru í sérstöku uppáhaldi.“*

Aldís Snorradóttir, nemi í listasögu.




**LÁRÉTT 2.** lýð, **6.** kraðak, **8.** sægur, **9.** matjurt, **11.** hljóta, **12.** dúlla, **14.** húrra, **16.** sjó, **17.** eldsneyti, **18.** til viðbótar, **20.** tveir eins, **21.** borg.
**LÓÐRÉTT 1.** knattleiksknött, **3.** hljóm, **4.** barómet, **5.** knæpa, **7.** biðja innilega, **10.** blund, **13.** hald, **15.** æsingur, **16.** gras, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fólk, **6.** ös, **8.** mor, **9.** kál, **11.** fá, **12.** krútt, **14.** bravó, **16.** sæ, **17.** kol, **18.** enn, **20.** gg, **21.** faró.
**LÓÐRÉTT: 1.** pökk, **3.** óm, **4.** loftvog, **5.** krá, **7.** sárbæna, **10.** lúr, **13.** tak, **15.** ólga, **16.** sef, **19.** nr.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1 Langtímaatvinnuleysi.
2 Sex.
3 Tíu ára.

Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE IMAGE
Klapparstíg 29 • Sími 551 3010




FUDGE IMAGE
Hárgreiðslustofan Klapparstíg

SCHMIDT
- vélar



- sala
- varahlutir
- þjónusta
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

# Allen sá fyrsti sem kafar að Hamilton

Bandaríski auðkýfingurinn Paul Allen og fylgdarlið hans verður fyrsti hópurinn sem kafar að flaki bandaríska herskipsins Alexander Hamilton í Faxaflóa. Skipinu var sökkt árið 1942.

Kafarinn og ljósmyndarinn Páll Sveinsson segir engan hafa kafað niður að flakinu. „Þegar ég og fleiri vorum að gera okkur klára í leiðangur fengum við boð frá Landhelgisgæslunni um að það væri bannað,“ segir hann.

Landhelgisgæslan fann flakið af Alexander Hamilton í fyrra og bar kennsl á það. Paul Allen og félagar hafa fengið leyfi frá utanríkisráðuneytinu til að kafa niður að flakinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom Allen ekki hingað til lands í glæsiskipinu sínu Octopus sem liggur í Reykjavíkurhöfn og vekur mikla athygli vegfaranda. Allen flaug til móts við 60 manna áhöfn skipsins ásamt kærustu sinni en samkvæmt heimildum hélt hún upp á 30 ára afmælið sitt hér á landi. Sömu heimildir herma að Allen hafi virkjað fólk til að búa skipið gjöfum handa kærustunni, svo sem íslenskum varningi og ávaxtakörfum. Á óskalistanum var einnig forláta Louis Vuitton taska, en lúxusmerkið er ekki fáanlegt á landinu og þurftu menn því að leita annarra leiða til að verða við ósk Allens. Ekki er vitað hversu lengi parið ætlar að dvelja á landinu eða hvort þau sigla á glæsisnekkjunni eitthvert annað.

- áp/afb



**LEIÐANGUR** Auðkýfingurinn Paul Allen og félagar ferðast þangað sem enginn hefur ferðast áður: að flaki herskipsins Alexander Hamilton.

SIGURÐUR SIGURJÓNSSON: ÆTLI ÞETTA SÉ EKKI GOTT Á MIG

# Leikur Afann í sínum fyrsta einleik á ferlinum

Sigurður Sigurjónsson leikur í einleiknum Afinn sem verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu um miðjan janúar. Leikstjóri verður Bjarni Haukur Þórsson, sem lék einmitt undir stjórn Sigurðar í hinum vinsæla einleik Pabbinn fyrir þremur árum og í Hellisbúanum.

„Ég held að hugmyndin hafi orðið til þegar við vorum að vinna Pabbann,“ segir Sigurður. „Ég var staddur þar í lífinu að ég var orðinn afi og hann var til þess að gera nýorðinn pabbi. Þá varð hugmyndin til og ekki hjá því komist að hann skrifaði þetta. Við gátum borið saman bækur okkar allhressilega.“

Þetta verður fyrsta sinn á löngum og farsælum ferli sem Sigurður kemur fram í einleik. „Ætli þetta sé ekki gott á mig því ég er svo mikið búinn að leikstýra öðrum í einleikjum. Það hlaut að koma röðin að mér. Efnið er líka þannig að ég hlakka til að takast á við það. Það stendur mér nærri,“ segir Sigurður, sem á þrjú afabörn. Hann bætir við að Afinn fjalli ekki bara um að vera afi heldur einnig hvernig það er að vera maður á miðjum aldri með öllu sem því fylgir.

Um þrjátíu þúsund Íslendingar sáu Pabbann á sínum tíma, þar sem Bjarni Haukur fjallaði á gamansaman hátt um föðurhlutverkið í nútímasamfélagi. Sýningin gekk fyrir fullu húsi í Iðnó í langan tíma, var sýnd úti á landi og svo aftur í Reykjavík í Íslensku óperunni. Pabbinn var í framhaldinu seldur til Norðurlandanna, þar sem tólf mismunandi sýningar eru í gangi um þessar mundir, auk þess sem DVD-diskur var gefinn út.

Með Afanum vill Bjarni Haukur fylgja eftir vinsældum Pabbans. Hann samdi einleikinn alfarið með Sigurð Sigurjónsson í huga, enda hafa þeir átt gott samstarf á undanförnum árum. „Óumflýjanlegt framhald Pabbans er Afinn, sama hvernig á það er litið,“ segir Bjarni Haukur. „Pabbinn gekk vel. Rúmlega þrjátíu þúsund sáu hann, þannig að þetta er rökrétt framhald. Magnús Geir og félagar hjá Borgarleikhúsinu tóku því fagnandi að starfa með okkur og það er náttúrulega alveg frábært. Það er líka engum blöðum um það að fletta að Sigurður Sigurjónsson er einn ástsælasti leikari íslensku þjóðarinnar og gaman að hann verði loksins einn í svona sýningu.“

freyr@frettabladid.is



**LEIKUR AFANN** Sigurður fer með aðalhlutverkið í einleiknum Afinn sem verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**30.000**
Íslendingar sáu einleikinn Pabbann á sínum tíma.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan Lilja Nótt vinnur nú hörðum höndum að því boða fólk í prufur fyrir þættina Makalaus, sem eru byggðir á samnefndri bók blaðakonunnar **Tobbu Marinósdóttur**. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur landslið leikara verið boðað í prufur – en um hundrað manns bítast um aðalhlutverkin, sem eru nokkur ...



Menn klóra sér í hausnum yfir hlutverki **Lilju Nætur** í ferlinu, en hún útskrifaðist úr leiklistardeild LHÍ árið 2009. Einhverjum myndi finnast við hæfi að hún tæki að sér hlutverk í þáttunum, enda afar frambærileg leikkona. Aðrir velta fyrir sér hvort hún komi að leikstjórninni, en ekki hefur verið tilkynnt hver leikstýrir þáttunum. Enn aðrir segja eðlilegt að fá færa leikkonu í að ráða í hlutverk í þættina ...



Þættirnir Makalausu verða sýndir á Skjá einum í vetur, en þar sá Tobba áður um Djúpu laugina ásamt **Ragnhildi Magnúsdóttur**, sem starfaði einnig áður sem dagskrárgerðarkona á Bylgjunni. Ragnhildur er ekki væntanlega á skjáinn á Íslandi í bráð, enda stutt í að hún flytji vestur um haf ásamt kærastanum sínum, rithöfundinum Mikael Torfasyni.

- afb

# Fyrsta Gay Pride Herra hinsegin

„Ég mæti í fyrsta skipti á Hinsegin daga sem Herra hinsegin. Ég held þetta verði algört ævintýri,“ segir Vilhjálmur Þór Davíðsson, Herra hinsegin 2010.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu var Herra hinsegin krýndur í fyrsta skipti hér á landi í sumar og var það Vilhjálmur sem vann titilinn.

„Ég er mjög hógvær og feiminn og vildi lítið blása þetta upp. Þar af leiðandi tók ég ekkert sérstaklega vel í þá hugmynd að ég myndi hafa minn eigin Herra hinsegin-pall í skrúðgöngunni. Ég vildi nú samt vera í göngunni og ákvað að vera á palli með vinum mínum í Íþróttafélaginu Styrmi. En ég verð nú samt með borðann minn utan um mig,“ segir Vilhjálmur spenntur.

Þar sem þetta er fyrsta hátíðin sem Vilhjálmur mætir á segist hann vera jafn spenntur og barn á jólum. „Helgin er vel skipulögð. Ég ætla á opnunarhátíðina í kvöld, Haffa Haff-partí á Sódómu á morgun og síðan í gönguna og alla þá gleði á laugardaginn,“ segir Vilhjálmur sem segist ætla að taka þátt í sem flestu sem í boði er um helgina.

Vilhjálmur keppir svo fyrir hönd Íslands í keppninni Mr. Gay Europe sem fer fram í október. „Keppnin frestaðist um mánuð þannig að ég græddi aukamánuð í undirbúning sem var vel þegið þar sem ég er í stífu æfingaprógrammi til að vera landi og þjóð til sóma,“ segir Vilhjálmur að lokum.

- ls




**HERRA HINSEGIN** Vilhjálmur fer á sína fyrstu Gay Pride-hátíð og er spenntur líkt og barn á jólum.

# ÚTSALA

# VALHÚSGÖGN

SÓFAR - SÓFASETT - HORNSÓFAR - TUNGUSÓFAR - SVEFNSÓFAR - HVÍLDARSTÓLAR - BORÐSTOFUHÚSGÖGN - GARÐHÚSGÖGN...



Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
www.valhusgogn.is

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Haffa vantar öryggisverði

Ekki eru nema tveir dagar í Gleðigöngu samkynhneigðra þar sem líklega verður mikið um dýrðir að venju. Haffi Haff og Vala Grand ætla að skemmta sér saman í vagni og eru að sjálfsögðu byrjuð að skipuleggja herlegheitin. Haffi auglýsir á Facebook-síðu sinni eftir fólki til að dansa á vagninum og jafnframt eftir öryggisvörðum, enda á hann von á að vagninn verði umsetinn. Á sinni síðu segir Vala að búningurinn sem hún hyggst klæðast sé yfirgengilega kynþokkafullur.



### Reið við Eið

**Eiður Svanberg Guðnason**, fyrrverandi ráðherra og sendiherra og núverandi bloggari, hefur reitt **Ásgerði Jónu Flosadóttur** hjá Fjölskylduhjálp Íslands rækilega til reiði með bloggfærslum sínum um Útvarp sögu, þar sem Ásgerður Jóna heldur úti þætti. Eiði leiðist ekki að hnýta í Ásgerði, jafnt í bloggfærslunum sjálfum sem í athugasemdakerfinu við þær, þar sem Ásgerður hefur brugðist ókvæða við. Svo rammt kveður að kergjunni hjá Ásgerði að hún hefur hótað Eiði málsókn vegna meiðyrða. Ráðherrann fyrrverandi er ýmsu vanur og lætur sér hótunina í léttu rúmi liggja. „Eigum við ekki bara að vona að konan kæri sem fyrst, sem flesta og fyrir sem flest!" skrifar hann í athugasemd á eigin bloggi. **- sh**



### Mest lesið visir.is

1. Ekki taka pabba
2. Leðurblökuplága herjar á húseigendur í Danmörku
3. „Ég veit ekki alveg hvað ég geri núna"
4. FBI í sérkennilegri deilu við Wikipedia
5. Þurfa að endurbyggja hluta af Hörpu
6. Superman bjargaði deginum


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



# Útsölur! lokadagar



60%
afsláttur af öllum vörum

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN
568 9234



B&S KONUR

B&S Kringlunni 553 4141

60-70%
afsláttur af öllum vörum

BOSS HUGO BOSS · HUGO HUGO BOSS · SAND · RALPH LAUREN